TÍMARIT
# Félagsráðgjafa
1. tbl. 8. árgangur
2014
www.felagsradgjof.is

5
Brjóstastækkanir í fegrunarskyni




27
Rætur og saga fagímynd félagsráðgjafa




39
Velferð á umbrotatímum

| Fagráð Tímarits félagsráðgjafa | Nafn |
|---|---|
| Erlent/alþjóðlegt samstarf | Anni Haugen |
| Barnavernd | Dóra Júlíussen |
| Fjölmenning | Edda Ólafsdóttir |
| Fjölskylduráðgjöf | Elísabet Berta Bjarnadóttir |
| Stjórnun | Ella Kristín Karlsdóttir |
| Siðfræði | Erla Þórðardóttir |
| Fjölmenning | Guðbjörg Ottósdóttir |
| Skólafélagsráðgjöf | Guðrún Sederholm |
| Sjálfstætt starfandi | Hanna Lára Steinsson |
| Siðfræði | Helga Sól Ólafsdóttir |
| Sjálfstætt starfandi | Helga Þórðardóttir |
| Menntun og fagþróun | Hervör Alma Árnadóttir |
| Félags- og velferðarþjónusta | Hildur Bergsdóttir |
| Skólafélagsráðgjöf | Hjördís Árnadóttir |
| Heilbrigðissvið | Inga María Vilhjálmsdóttir |
| Réttarfélagsráðgjöf | Íris Eik Ólafsdóttir |
| Áfengis- og vímuefnasvið | Jóna Margrét Ólafsdóttir |
| Fjölskylduráðgjöf | Karl Marinósson |
| Stjórnun | Kristján Sturluson |
| Fötlunarsvið | María Jónsdóttir |
| Erlent/alþjóðlegt samstarf | Ragna Guðbrandsdóttir |
| Félags- og velferðarþjónusta | Rannveig Einarsdóttir |
| Heilbrigðissvið | Sigurlaug Hauksdóttir |
| Réttarfélagsráðgjöf | Snjólaug Birgisdóttir |
| Endurhæfing | Sverrir Óskarsson |
| Áfengi og vímuefni | Þórarinn Þórsson |
| Menntun og fagþróun | Þórhildur Egilsdóttir |


### Móttaka efnis

Heimilt er að senda inn efni til birtingar í *Tímarit félagsráðgjafa* á hvað tíma sem er, en síðasti skiladagur efnis fyrir næsta tölublað er 15. október.

# TIL HÖFUNDA

**Greinar og annað efni skal sent á rafrænu formi til ritstjóra, Sigrúnar Júlíusdóttur, sigjul@hi.is. Tekið skal fram hvort greinarhöfundur hugsar sér handritið til almennrar birtingar eða óskar að fá það ritrýnt. Efni sem óskast ritrýnt skal vera nýtt og ekki hafa verið birt sem slíkt annars staðar. Höfundarnafn með upplýsingum skal sett á (ótölusett) sérblað framan við greinina. Áður en grein er send skal höfundur hafa kynnt sér rækilega leiðbeiningar hér að neðan um frágang og fylgja þeim.**

**Almennt.** Efni sem birtist í *Tímariti félagsráðgjafa* skal á einhvern hátt tengjast félagsráðgjöf (rannsóknum, fagþróun, hugmyndafræði, siðfræði, þjónustuþróun, stefnumótun o.s.frv.). Það skal að jafnaði ekki hafa birst sem slíkt áður. Til þess að uppfylla fræðilegar kröfur er höfundum bent á að (i) uppbygging greinar skal fylgja hefðbundinni kaflaskiptingu, (ii) texti skal vera gagnorður, stíll knappur og (iii) byggt skal á nýjustu þekkingu (heimildum).

**Útdráttur** og **abstract** skal fylgja handriti ritrýndra greina. Þar skal gerð hnitmiðuð grein fyrir markmiði, efnistökum og innihaldi ásamt niðurstöðum í hnotskurn. Gefa skal upp 3-5 lykilorð sem vísa til meginefnis og áherslu. Hámarkslengd er **180 orð**. Útdráttur skal vera bæði á íslensku og ensku á sama blaði.

**Málfar og textameðferð.** Vandað skal til röklegrar framsetningar texta, málfars og frágangs. Eingöngu er tekið við handritum sem eru frágengin hvað varðar stafsetningu, stafavillur/brengl og meðferð íslensks máls ásamt skýrri kaflaskiptingu. Fylgja skulu upplýsingar um höfund, þakkir og styrki. Sé vitnað í erlendar málsgreinar skulu þær að jafnaði þýddar á íslensku. Sé vísað til erlendra orða skal nota íslenskt orð í lengstu lög, en vísa má til erlenda orðsins í sviga, t.d. líkan (e. model), með e. fyrir ensku, d. fyrir dönsku o.s.frv. Mælst er til að greinarhöfundar hafi að lokinni samningu fengið gagnrýninn yfirlestur á handrit sitt, framsetningu, textameðferð og heimildafrágang áður en það er sent ritstjóra. Höfundar skulu að loknum endurbótum yfirfara öll tæknileg atriði svo handrit sé birtingarhæft.

**Lengd, letur og línubil.** Miðað er við u.þ.b. 13 bls. eða 4000 orða hámarkslengd að meðtöldum heimildalista og útdráttum. Nota skal 12 p letur en heiti greinar með 16 p letri og millifyrirsagnir með 14 pt letri. Nota skal 1,5 línubil. Spássía skal vera 2 cm og texti fulljafnaður. Nota skal Times New Roman leturgerð. Skjölin skulu vera vistuð í Microsoft Word. Myndir sem eiga að birtast í texta skulu sendar sem sérstök skjöl (pdf/jpg) þar sem bæði er að finna myndir og þau tölugildi sem myndin byggist á. Forðast ber neðanmálsgreinar en setja slíkan texta frekar í sviga. Höfundar skulu fylgja leiðbeiningum *Gagnfræðakversins*, þ.e. APA-kerfisins, um heimildameðferð, tilvitnanir og frágang.

**Skilafrestur:** *Tímarit félagsráðgjafa* kemur að jafnaði út einu sinni á ári. Skiladagar fullbúinna handrita er opinn, en miðað er við 15. október árlega.

4 Frá ritstjóra
Sigrún Júlíusdóttir, PhD, prófessor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands


## FAGIÐ OG FRÆÐIN

### Ritrýndar greinar


5 Brjóstastækkanir í fegrunarskyni – Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapúða
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ
Thelma Björk Guðbjörnsdóttir, félagsráðgjafi MA Barnavernd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga

12 Children's rights in policy and poverty: An analysis of Iceland, Norway & the UK
Cynthia Jeans, félagsráðgjafi, PhD, aðjúnkt við Félagsráðgjafardeild HÍ

20 Grettistak starfsendurhæfing Notendur hafa orðið
Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA, PhD nemi, deildarstjóri gæða og rannsókna Velferðarsviði Reykjavíkurborgar
Margrét Þorvaldsdóttir, félagsfræðingur MA, ritari og skjalavörður á Hafrannsóknarstofnun


### Almennar greinar


27 Rætur og saga – fagímynd félagsráðgjafar
Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi, PhD

33 Börn sem búa við heimilisofbeldi – Tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu
Ragna Björg Guðbrandsdóttir, félagsráðgjafi MSW, sérfræðingur í áfallavinnu
Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi MPA, sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu


### Samfélagsumræðan


39 Velferð á umbrotatímum Fréttir af andláti velferðarkerfisins eru stórlega ýktar
Þröstur Haraldsson, blaðamaður


## ÚTGÁFUR OG NÝÞEKKING


43 Eftir skilnað – Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl
Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi, PhD, Kvenna- og barnasviði Landspítala - Háskólasjúkrahúss

44 Í nándinni – innlifun og umhyggja
Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

45 Vad har du varit med om? Om rädsla, utsatthet, skam och skamlöshet
Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi, PhD

46 Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna
Steinunn Bergmann félagsráðgjafi, MPA Sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu

48 Fötlun og menning Íslandssagan í öðru ljósi
Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi MA

49 Lokaverkefni til MA-gráðu


## FÉLAGIÐ


51 Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands
María Rúnarsdóttir

53 Félagsráðgjafar í Ósló Fræðsluferð um flóttafólk og hælisleitendur
Hilma Sigurðardóttir, félagsráðgjafi, Velferðarráðuneyti

55 RBF og rannsóknir um innflytjendamál og fjölmenningu
Elísabet Karlsdóttir, félagsráðgjafi MA, framkvæmdastjór RBF

56 Baráttan fyrir lögverndun starfa félagsráðgjafa heldur áfram
María Rúnarsdóttir, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands

57 Ólafíuhátíð – Frá myrkri til ljóss
Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar


TÍMARIT **Félagsráðgjafa**
www.felagsradgjof.is


Tímarit félagsráðgjafa 8. árg. maí 2014
**Ritstjóri og ritstjórn:**
*Ritstjóri:* Sigrún Júlíusdóttir
*Aðrir í ritstjórn:* Halldór S. Guðmundsson og Helga Sól Ólafsdóttir
*Útgefandi:* Félagsráðgjafafélag Íslands
*Ábyrgðarmaður og fulltrúi FÍ:* María Rúnarsdóttir
*Ritstjórnarfulltrúi:* Eldey Huld Jónsdóttir
*Prentvinnsla:* Prentmet, umhverfisvottuð prentsmiðja
ISSN: 1670-6749

# Frá ritstjóra



**Sigrún Júlíusdóttir,** ***PhD, prófessor við félagsráðgjafar-deild HÍ***

Árið 2014 er merkisár í félagsráðgjöf. Ekki aðeins á Félagsráðgjafafélag Íslands fimmtíu ára afmæli heldur höfum við líka heiðrað 150 ára minningu Ólafíu Jóhannsdóttur, kyndilbera mannréttinda, jafnaðar og félagslegs réttlætis. Með hugsjónum sínum í ræðu og riti ásamt atorku og góðgjörð í hagnýtu starfi fellur ímynd Ólafíu að grunngildum og markmiðum félagsráðgjafar. Því höfum við fagmenntaðir félagsráðgjafar samtímans „eignað" okkur hana og skilgreint sem frumkvöðul félagsráðgjafar á Íslandi. Á Ólafíu-hátíð, sem Edda Ólafsdóttir greinir betur frá í þessu hefti, hélt dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðingur, sem ritað hefur sögu Ólafíu, fyrirlestur um ævi hennar og starf, og nokkrir félagsráðgjafar ræddu samfélagslegt framlag hennar frá sjónarhóli félagsráðgjafar.

Ræturnar liggja jafnan dýpra en sjálf sagan, og við stöldrum við þær í þessu hefti. Sagan hófst með fyrstu menntuðu félagsráðgjöfunum sem komu heim frá námi erlendis um og upp úr 1960. Þetta voru allt metnaðarfullar ungar konur sem sigldu utan til að afla sér faglegrar menntunar til að móta þjónustu fyrir skjólstæðinga íslensks félags,- heilbrigðis- og skólakerfis. Þannig voru það örfáar en öflugar og framsýnar konur sem stofnuðu Stéttarfélag félagsráðgjafa árið 1964. Það fjölgaði hægt og sígandi í hópnum. Fljótlega var unnið að lögverndun starfsheitisins og síðan að íslenskum siðareglum og löggjöf um sérfræðiréttindi. Athygli frumkvöðlanna beindist einnig að íslensku félagsráðgjafarnámi. En þær voru raunsæjar og ábyrgar í því málefni sem öðru, töldu það ekki tímabært og spornuðu gegn tillögum um íslenskt nám með þeim rökum að þekkingargrunn og nægilega marga menntaða félagsráðgjafa skorti til að tryggja gæði starfsþjálfunar. Það var tekist nokkuð á um menntunarmálið, en fyrsti nemendahópurinn frá Háskóla Íslands útskrifaðist ekki fyrr en árið 1982, og lektor ekki ráðinn að greininni fyrr en 1990. Allra þessara áfanga var minnst á 50 ára afmælinu með fjölmennu Félagsráðgjafaþingi sem haldið var 19. febrúar síðastliðinn. Flutt voru um 70 fræðileg erindi, byggð á rannsóknum og starfi af fjölbreyttu sviði félagsráðgjafar. Tímamótaáfangi og sannkölluð uppskeruhátíð í þróun greinarinnar. María Rúnarsdóttir, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands, greinir nánar frá þinginu í þessu hefti.

Afmælisárið, sagan og ræturnar setja þannig svip sinn á þetta hefti Tímarits félagsráðgjafa. Við stöldrum við og skoðum okkur sjálf í ljósi sögunnar, arfleifðarinnar, horfum á líðandi stund en skyggnumst fram á við og greinum áskoranir framtíðarinnar. Almenna greinin Rætur og saga – fagímynd félagsráðgjafar fjallar einmitt um þetta. Hin almenna greinin, rituð af Steinunni Bergmann og Rögnu Guðbrandsdóttur, kynnir okkur niðurstöður rannsóknar um börn og heimilisofbeldi.

Allar ritrýndu greinarnar, sem að þessu sinni eru þrjár, snerta málefni líðandi stundar á sviði félagsráðgjafar. Í fyrsta sinn er birt grein á ensku, að ósk höfundar, Cynthiu Lisu Jeans, um barnafátækt, Children's Rights in Policy and Poverty. Greinin er byggð á doktorsritgerð Cynthiu í félagsráðgjöf sem hún varði við háskólann í Bath á árinu. Þá er einnig fengur að grein þeirra Erlu Bjarkar Sigurðardóttur og Margrétar Þorvaldsdóttur um endurhæfingarúrræðið Grettistak, og grein Freydísar J. Freysteinsdóttur og Thelmu Bjarkar Guðbjörnsdóttur um Brjóstastækkanir í fegrunarskyni, byggðri á meistararitgerð Thelmu. Samfélagsumræðan í umsjón Þrastar Haraldssonar beinist að margvíslegum áhrifum efnahagskreppunnar með falli bankanna haustið 2008. Rætt er við nokkra félagsráðgjafa í framvarðarstöðu sem eru með „puttann á púlsinum". Er fróðlegt að heyra hvernig þar kemur fram lausnamiðuð sýn með áherslu á sóknarfæri fremur en uppgjöf eða bölsýni. Einnig eru kynntar fimm nýjar bækur og sagt frá kynnisferðum og erlendu rannsóknasamstarfi.

Með vísun í síðasta ritstjórapistil og vaxandi áhuga á miðlun gagnreyndra rannsókna, þekkingar og reynslu í félagsráðgjöf má nefna að síðastliðið haust var haldin norræn ráðstefna í Reykjavík á vegum Nordisk välfärdscenter um efnið. Til þess að fylgja því eftir er málstofuröð RBF á vormisseri helguð þessu þema. Jafnframt vinnur nú íslensk nefnd að undirbúningi ráðstefnu um málefnið, og er það kynnt á baksíðu þessa heftis. Vonir okkar standa til þess að aukinn áhugi, vitund og viðurkenning starfandi félagsráðgjafa á gagnreyndri þekkingu muni efla fræðilegan grunn fagsins og rannsóknatengda þjónustu til styrktar bæði félagsráðgjöfum og skjólstæðingum. Væntum við þess að afrakstur ráðstefnunnar verði kynntur í næsta hefti TF og þannig miðlum við frekari þekkingu um þróun gagnreyndrar þjónustu á sviði félagsráðgjafar.

*Sigrún Júlíusdóttir, ritstjóri*

# Brjóstastækkanir í fegrunarskyni

## Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapúða



Freydís Jóna Freysteinsdóttir



Thelma Björk Guðbjörnsdóttir

**Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ**
**Thelma Björk Guðbjörnsdóttir, félagsráðgjafi MA, Barnavernd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga**

**Útdráttur**

Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á reynslu og viðhorf kvenna sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð og eiga þá sameiginlegu reynslu að hafa fengið falsaða brjóstapúða í brjóst sín. Greinin byggist á niðurstöðum rannsóknar Thelmu Bjarkar Guðbjörnsdóttur (2012) til meistaraprófs í félagsráðgjöf. Tekin voru viðtöl við tíu konur; þær yngstu voru á miðjum þrítugsaldri og þær elstu á fimmtugsaldri. Niðurstöður gefa vísbendingar um að konur gangist undir brjóstastækkunaraðgerð af ólíkum ástæðum og upplifun þeirra og viðhorf kunni að vera ólík eftir því hvað leiði til þess að þær gangist undir aðgerð. Þráin eftir kvenleika virðist hafa verið helsti hvati þess að konurnar gengust undir brjóstastækkunaraðgerð, en mikil vanlíðan og óánægja með brjóstin fyrir aðgerð einkenndi frásagnir viðmælenda í rannsókninni. Flestar kvennanna töldu sjálfsálitið hafa aukist eftir aðgerðina og voru ánægðar með útkomuna fyrst um sinn. Svo virðist vera að það að vera með falsaða brjóstapúða taki á í tilfinningalífi kvenna og leiði til óvissu. Einnig sé afar erfitt að standa frammi fyrir því að þurfa að láta fjarlægja brjóstapúða sem veitt hefur einstaklingnum félagslegt öryggi á liðnum árum.

**Lykilorð:** Félagsráðgjöf, líkamsímynd, fegrunaraðgerð, brjóstastækkunaraðgerð og brjóstapúðar.

**Abstract**

The aim of this article is to gain insight into the experiences and attitudes of women who have undergone cosmetic breast augmentation surgery and have the experience of having had forged breast implants. The article is based on the findings of a masters thesis by Thelma Björk Guðbjörnsdóttir (2012). The findings provide an important insight into why women seek to undergo cosmetic breast augmentation, their experiences of undergoing such surgeries and their experiences of having had forged breast implants. A qualitative interview method was employed where ten women were interviewed. The results indicate that women choose to undergo breast augmentation surgery for different reasons and that their experiences and attitudes can differ depending on what drives them to undergo such surgeries. The longing for femininity seems to be the main driving factor for the participants' decision, as well as the dissatisfaction and distress they displayed towards their breasts before the surgery. Most participants felt that they had gained improved self confidence following the surgery and were happy with the results at first. It appears that having forged breast implants is very troubling for the emotional state of women and leads to uncertainty. It also seems to be extremely difficult having to face the reality of having to remove breast implants, especially since they thought they had improved their social confidence for the past years.

**Keywords:** social work, body image, cosmetic surgery, breast augmentation surgery and breast implants.

**Inngangur**

Á vetrarmánuðum ársins 2011 bárust almenningi fyrstu fréttir af lekum og illa förnum púðum í brjóstum fjölda kvenna um allan heim. Í ljós kom að svo árum skipti höfðu falsaðir brjóstapúðar verið seldir og settir í brjóst kvenna frá franska fyrirtækinu Poly Implant Prothése (PIP) (Velferðarráðuneytið, Embætti landlæknis og Lyfjastofnun, 2012). Áætlað er að um 400.000 PIP-brjóstapúðar hafi farið í sölu á heimsvísu (SCENIHR, 2012) og telur Landlæknisembættið að um 600 konur hafi fengið slíka púða í brjóst sín hér á landi (Anna Björg Aradóttir munnleg heimild, 13. nóvember 2012). Í skýrslu um öryggi PIP-brjóstapúða kom fram að púðarnir höfðu fengið CE-gæðamerkingu sem gefur til kynna að gengið hafi verið úr skugga um að varan uppfylli tilskildar grunnkröfur um öryggi, heilbrigði og umhverfisvernd og að vöruna megi selja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Árið 2001 ákváðu framleiðendur brjóstapúðanna að skipta á CE-vottaða sílíkoninu og öðru ódýrara og óvottuðu sílikoni, en seldu brjóstapúðana undir sömu formerkjum og áður.

Rannsóknir sýndu að lekatíðni PIP-brjóstapúðanna var há í samanburði við annars konar gæðamerkta brjóstapúða, auk þess að sílíkonið hafði ertandi áhrif á lifandi frumur og gat valdið staðbundnum bólgum í nærliggjandi vefjum. Púðarnir voru því taldir falsaðir og voru teknir af evrópskum markaði í mars 2010 (SHENIHR, 2012).

Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á upplifun kvenna af því að hafa farið í brjóstastækkunaraðgerð og hafa fengið í brjóst sín falsaða brjóstapúða frá franska fyrirtækinu Poly Implant Prothése (PIP).

**Hvatinn að því að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð og menningarleg áhrif**

Algengt er að konur gangist undir aðgerð á brjóstum og fái púða í brjóst sín í því skyni að jafna mismunandi stærð brjóstanna, til þess að byggja upp brjóst eftir brjóstnám eða til þess eins að bæta líkamlegt útlit (Brown og Kim, 2007). Þá vekur athygli að um 80% brjóstaígræðslna eru framkvæmd í því skyni að stækka og fegra brjóst kvenna, en einungis 20% þeirra eru gerð í því skyni að byggja upp brjóst í kjölfar brjóstnáms og til að lagfæra vansköpuð brjóst (SCENIHR, 2012).

Samkvæmt megindlegri rannsókn Didie og Sarwer (2003) eru áhyggjur af útliti helsti hvatinn að baki þeirri ákvörðun kvenna að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð og hefur fjöldi rannsókna stutt þá fullyrðingu (Didie og Sarwer, 2003; Sarwer, o.fl., 2003; Sarwer, Wadden, Pertschuk og Whitaker, 1998). Solvi og félagar (2010) framkvæmdu eigindlega rannsókn og gáfu niðurstöður þeirra til kynna að helsti hvati þess að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð væri þrá kvenna til þess að verða kvenlegri. Kvenleiki felur í sér að beygja sig undir vald karla og mæta þörfum þeirra og löngunum (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Þannig er líklegt að konur sem sækjast eftir því að vera kvenlegar telji m.a. mikilvægt að vera líkamlega aðlaðandi í augum karla. Konur teljast aðlaðandi ef þær eru með grannt mitti miðað við barm og eru léttar miðað við hæð (Swami, Antonakopoulos, Tovée og Furnham, 2006). Þá gáfu niðurstöður Solvi og félaga (2010) einnig til kynna að athugasemdir annarra varðandi útlit, óánægja með útlit og lágt sjálfsálit í tengslum við útlit geti leitt til þess að konur íhugi þann kost að gangast undir brjótastækkunaraðgerð. Þannig gæti neikvæð líkamsímynd leitt til þess að konur grípi til róttækra aðgerða eins og að gangast undir skurðaðgerð til að breyta útliti sínu. Með hugtakinu líkamsímynd er átt við það hvernig manneskja skynjar og upplifir líkama sinn, einkum líkamlegt útlit (Bergstrom og Neighbors, 2006; Cash, 2004; Marshall, Lengyel og Utioh, 2012).

Bandaríski félagsfræðingurinn Festinger (1954) setti fram kenningu um félagslegan samanburð (Morrison, Kalin og Morrison, 2004) sem felur í sér að einstaklingar hafi tilhneigingu til þess að bera sig saman við aðra einstaklinga í samfélaginu (Krayer, Ingledew og Iphofen, 2008). Í vestrænni menningu er það að vera líkamlega aðlaðandi mikils metið og endurspeglar sterk félagsleg og menningarleg gildi. Þessi gildi hafa ótvíræð áhrif á það hvernig einstaklingar sem tilheyra þeim menningarheimi hugsa og hegða sér (Jackson, 2002; Sarwer, Magee og Clark, 2004). En menning hefur áhrif á viðhorf, gildi og hegðun þeirra sem búa á viðkomandi menningarsvæði (Agathonos-Georgopoulou, 1992). Þegar stúlkur bera sig saman við stúlkur í tímaritum sem hafa gengist undir brjóstastækkunaraðgerð eða brjóst þeirra verið stækkuð með myndvinnsluforritum, bera þær sig saman við stúlkur sem standa þeim framar er varðar brjóstastærð og miða þá við markmið sem óraunhæft er að þær nái nema með því að bregða á það ráð að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð (Morrison o.fl., 2004).

**Áhættur og fylgikvillar brjóstastækkunaraðgerða**

Skurðaðgerðum fylgir ávallt einhver áhætta. Komi upp vandamál í kjölfar aðgerða, geta þau haft neikvæð áhrif á ánægju og líðan einstaklinga til lengri tíma (Didie og Sarwer, 2003). Meðal algengustu fylgikvilla brjóstastækkunaraðgerða eru innri blæðingar sem kallast margúll (e. hematoma), breytingar í tilfinninganæmi brjósta og geirvartna, sýkingar og herping (e. capsular contraction) (Brown og Kim, 2007; CDRH and FDA, 2011; McGrath og Mukerji, 2002). Algengir fylgikvillar brjóstastækkunaraðgerða eru einnig ósamræmi brjósta, öramyndun, hrukkur á brjóstapúðum og verkir í brjóstum (CDRH and FDA, 2011). Auk fyrrgreindra fylgikvilla er einnig hætta á að ígræðslurnar færist til, að þær leki eða rofni eða að brjóstin afmyndist (Brown og Kim, 2007; Gimlin, 2000; McGrath og Mukerji, 2002). Þá hafa langtímarannsóknir sýnt fram á að því lengur sem kona er með sílikongelfyllta brjóstapúða aukast líkurnar á því að hún verði að þola staðbundna fylgikvilla eða skaðleg áhrif af völdum þeirra (CDRH and FDA, 2011). Því lengra sem líður frá brjóstastækkunaraðgerð verða líkurnar meiri á að brjóstapúðarnir leki eða rofni (Brown og Kim, 2007; CDRH and FDA, 2011). Rofinn púði getur leitt til þess að brjóstið afmyndast (Guðmundur Már Stefánsson og Ólafur Einarsson, e.d.). Samkvæmt langtímarannsóknum þurfa allt að 20–40% þeirra sem gangast

undir brjóstastækkunaraðgerð að gangast undir aðra skurðaðgerð á fyrstu átta til tíu árum eftir að brjóstapúðum er komið fyrir. Slíkar skurðaðgerðir eru gerðar í því skyni að lagfæra, fjarlægja eða skipta á brjóstapúðum, en í kjölfar slíkra lagfæringa aukast líkur á fylgikvillum (CDRH and FDA, 2011).

Rannsóknir hafa sýnt að herping sé algengasti fylgikvillinn þegar líða tekur frá brjóstastækkunaraðgerð. Herping lýsir sér þannig að hólfið sem umlykur brjóstapúðana byrjar að herpast og harðna þannig að það þrengir að púðunum. Herping getur valdið miklum sársauka og útlitstengdum vanda. Mögulegt er að bregðast við á þann hátt að færa brjóstapúðana til eða að skipta um brjóstapúða. Í verstu tilfellum reynist nauðsynlegt að fjarlægja brjóstapúðana alfarið og fjarlægja jafnvel harðan brjóstvef, en það getur leitt til þess að brjóstið minnkar eða afmyndast (Brown og Kim, 2007; Gimlin, 2000).

**Fyrri rannsóknir á konum með PIP-brjóstapúða**

Konur með PIP-brjóstapúða hafa verið líklegri til að fá bólgur og stóra eitla en aðrar konur. Jafnframt hafa konur með falsaða PIP-brjóstapúða verið líklegar til að upplifa ertandi áhrif á bandvef og sársauka þegar sílíkonið úr þeim púðum hefur lekið út í brjóstið (WHO, 2012).

Sárafáar rannsóknir virðast hafa verið gerðar á upplifun kvenna á því að vera með falsaða PIP-brjóstapúða, en eigindleg rannsókn sýndi að konur í Bretlandi með falsaða PIP-púða höfðu yfirleitt frétt af fölsun brjóstapúðanna í fjölmiðlum. Þessar konur lýstu margs konar líkamlegum kvillum sem tengdust fölsuðu PIP-púðunum og sögðu þessa kvilla hafa horfið eða minnkað til muna eftir að púðarnir voru fjarlægðir úr brjóstum þeirra. Konurnar töldu sig ýmist ekki hafa fengið upplýsingar um áhættu brjóstaaðgerðarinnar áður en þær gengust undir hana eða þær upplýsingar að lítil sem engin hætta væri á að brjóstapúðar gætu rifnað. Margar konur lýstu því að jafnvel þótt rof yrði á brjóstapúðum hefði það ekki slæm áhrif á líkama þeirra og margar sögðust hafa fengið upplýsingar um að brjóstapúðarnir væru fullkomlega öruggir og myndu endast út ævina (House of Commons Health Committee, 2012). Önnur rannsókn sýndi að 92% kvenna sem höfðu fengið falsaða PIP-brjóstapúða, höfðu upplifað streitu mælda á skala sem innihélt 15 spurningar. Þar af höfðu 31% upplifað verulega streitu vegna brjóstapúðanna og 9% kvennanna höfðu upplifað verulegar truflanir vegna streitu í tengslum við brjóstapúðana og getu þeirra til virkni í daglegu lífi (Segaren o.fl., 2012).

Rannsóknin sem grein þessi er byggð á var unnin í þeim tilgangi að svara eftirfarandi spurningu: Hver er upplifun kvenna af því að taka ákvörðun um að fara í brjóstastækkunaraðgerð og því að hafa verið með falsaða PIP-brjóstapúða í brjóstum sínum?

**Aðferð**

Rannsóknin var framkvæmd haustið 2012. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (S5875/2012) og sótt var um leyfi til Vísindasiðanefndar (VSNb2012060014/03.07). Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekið var eitt hálfstaðlað viðtal við hvern þátttakanda. Konurnar voru valdar að gefnum þeim forsendum að þær hefðu farið í brjóstastækkunaraðgerð og verið með falsaða PIP-brjóstapúða. Leitað var þátttakenda með aðferðum markmiðsúrtaks þar sem engir aðgengilegir listar lágu fyrir um þær konur sem bjuggu að þessari reynslu og vitað var að erfitt gæti reynst að nálgast umræddan hóp. Leitað var þátttakenda í gegnum lokaðan hóp á vefsvæðinu Facebook og vinir og vandamenn beðnir um að vekja athygli á rannsókninni. Þátttakendur voru alls tíu konur, þær yngstu á miðjum þrítugsaldri og þær elstu á fimmtugsaldri. Helmingur þeirra gekkst undir brjóstastækkunaraðgerð fyrir barneignir en hinar eftir barneignir. Viðtöl fóru ýmist fram á heimili þátttakenda, í viðtalsrými í Háskóla Íslands eða í viðtalsrými á Ásbrú í Reykjanesbæ. Hvert viðtal var um klukkustundar langt.

**Niðurstöður**

Ólíkar ástæður virðast liggja að baki ákvörðun viðmælenda um að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð en helstu áhrifaþættir virðast vera þrá eftir því að vera kvenlegar, áhyggjur af útliti og vanlíðan í tengslum við brjóst. Þá virðast þátttakendur hafa haft þær væntingar að aðgerðin myndi bæta andlega líðan þeirra og auka sjálfsöryggi í félagslegu tilliti. Áberandi var að allar konurnar nema ein töluðu um að hafa gengist undir brjóstastækkunaraðgerð fyrir sjálfar sig svo að þeim liði betur með brjóst sín og að þær öðluðust aukið sjálfstraust. Þá töldu konurnar sig fæstar hafa orðið fyrir áhrifum frá öðrum og að ákvörðunin hefði alfarið verið þeirra.

Ástæða og hvati þess að konurnar kusu að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð endurspeglaðist fyrst og fremst í fjórum ólíkum sjónarmiðum: 1) að vilja fá eðlilega brjóstastærð, 2) að vilja bæta brjóst, 3) að vilja laga brjóst og/eða endurheimta fyrri lögun brjósta og að lokum 4) að endurheimta brjóstastærð í kjöl-

far þyngdartaps. Flestar konurnar lýstu ánægju sinni með útkomu aðgerðarinnar í fyrstu, en fylgikvillar og vandamál vegna brjóstapúða drógu úr ánægju sumra. Flestar töldu brjóstastækkunaraðgerðina hafa uppfyllt væntingar þeirra og lýstu sumar því svo að þeim hefði fundist þær vera orðnar heilar á ný. Helmingur kvennanna talaði um að aðgerðin hefði leitt til þess að sjálfsmynd þeirra hefði tekið miklum jákvæðum breytingum. Má það meðal annars merkja í frásögn Sjafnar:

> Mér fannst ég bara geta verið ég sjálf ... mér fannst ég heil, skilurðu. Mér fannst ég svona, já, mér fannst einhvern veginn allt vera eins og það ætti að vera bara.

Flestar konurnar voru sammála um að þörf væri á frekari fræðslu um fylgikvilla brjóstastækkunaraðgerða og að þær hefðu ekki verið nægilega upplýstar. Nanna nefnir að hún hefði ekki haft þroska til að bera til að taka svo afdrifaríka ákvörðun á þeim tíma sem hún gekkst undir brjóstastækkunaraðgerð og að ábyrgð lýtalækna sé að huga vel að fræðslu í samræmi við þroska einstaklingsins. Hún telji þó að ábyrgðin sé einnig í höndum einstaklingsins. Hún segir:

> Já, þú veist að láta það vera alveg á hreinu hvað þessu fylgir og hvaða ákvörðun maður er að taka þarna, sko, og mér finnst líka ... að ábyrgðin liggi dálítið hjá manni sjálfum, að ... kynna sér það sem maður er að fara út í. En ég veit það ekki, læknirinn náttúrlega veit meira um það heldur en maður sjálfur.

Áhugavert er að fæstar kvennanna gerðu ráð fyrir því að þurfa að skipta um brjóstapúða síðar á lífsleiðinni og höfðu fæstar þeirra leitað til læknis í eftirlit. Iðunn talaði um að hún hefði staðið í þeirri trú að svo lengi sem brjóstapúðarnir yllu henni ekki óþægindum gæti hún allt eins verið með þá til æviloka. Hið sama kom fram hjá Eiri:

> Þetta átti bara að vera til framtíðar. Þetta átti bara að duga alveg endalaust. Þetta á að haldast og vera alveg ókei.

Tvær konur töluðu um að vegna þess hve ungar þær voru og hversu heitt þær óskuðu þess að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð hafi þær ekki hugsað til framtíðar. Endurspeglast það í frásögn Nönnu:

> Æ, svo er maður bara svo desperate þegar þetta er eitthvað sem skiptir mann svo miklu máli andlega eins og þegar ég gerði þetta og þá er maður tilbúinn að lúffa bara og taka sénsinn á því ... þótt að hann hefði sagt „þegar þú verður 25 ára ... þá lamast hérna tvær tær á þér“ þá hefði ég verið bara „pff ... já“, manni finnst þetta svo mikið þarna eða, þú veist, forgangsröðunin er svo brengluð ... og ... maður hefur engu að tapa.

Reynsla kvennanna var misjöfn rétt eins og ástand brjóstapúðanna sem þær báru, en það að vera með falsaða brjóstapúða virðist hafa tekið á tilfinningalíf þeirra og leitt til mikillar óvissu. Allar konurnar nema ein lýstu því hve átakanlegt það væri að standa frammi fyrir þeirri ákvörðun að láta fjarlægja púðana úr brjóstum sínum eða láta skipta á þeim og nýjum púðum. Ýmsir þættir höfðu áhrif á ákvörðun þeirra, en Nanna lýsir aðstæðum sínum á eftirfarandi hátt:

> Ég treysti mér ekki til að ákveða hvort ég vildi. Og ég var svo peningahrædd, ég var bara í algjörum mínus af því að ég einhvern veginn var alltaf föst í einhverri stöðu með lekandi drasl inni í mér og var með samviskubit yfir því. Ég var hrædd en líka bara samviskubit gagnvart peningum gagnvart fjölskyldunni minni. Að ég þyrfti að fara að eyða allt í einu þrjú hundruð þúsund kalli í brjóstin á mér ... þannig að við tók bara svona, svolítið svona kvíða-, þunglyndisstopp. Þar sem að ég gerði bara ekkert. Ég ... ákvað ekki neitt og ég gerði ekki neitt og þetta bara hélt áfram að leka inni í mér og mér ... leið bara ömurlega.

Allar konurnar veltu því mjög fyrir sér hvernig brjóst þeirra myndu líta út í kjölfar þess að brjóstapúðarnir yrðu fjarlægðir. Sumar höfðu einnig áhyggjur af fjárhag og viðbrögðum annarra. Meirihluti kvennanna ákvað að láta fjarlægja brjóstapúðana en þrjár konur völdu þá leið að fá nýja brjóstapúða í stað hinna gömlu. Af þessum þremur konum ákvað ein að fresta því af fjárhagsástæðum að skipta á púðum og önnur ákvað að láta koma nýjum brjóstapúðum fyrir enda þótt hún vildi það ekki sjálf innst inni. Sif lýsir aðstæðum sínum á þann veg að hún hefði helst kosið að vera ekki með neina brjóstapúða, en í kjölfar ráðgjafar ýmissa lækna ákvað hún að fá nýja brjóstapúða í stað þeirra gömlu þar sem hún kvaðst ekki treysta sér til að vera með „hangandi brjóst niður á nafla. Af því þetta er bara húð. Búið að skafa allt innan úr.“ Hún sagði enn fremur að það hefði ýtt undir ákvörðun hennar að ef hún léti fjarlægja brjóstapúðana alfarið þá myndu allir taka eftir því:

> Þá þyrfti ég að stíga þetta skref „já, ég er búin að vera með sílíkon og, þú veist, ég er ótrúlega hégómafull“ og fannst þetta alveg ómögulegt. En þá kemur aftur, „af hverju er mér ekki bara sama?“

Konurnar höfðu ólíka upplifun af brjóstum sínum eftir að hafa látið fjarlægja brjóstapúðana, en áberandi var þó að allar konurnar lýstu létti yfir því að fölsuðu brjóstapúðarnir væru farnir og að þessum kafla í lífi þeirra væri lokið. Iðunn lýsir því svo:

> En þú veist léttirinn ... ég er ekki að grínast, í svona tvo mánuði eftir á þá var ég bara, ég var bara „Vá, munurinn“.

Þær konur sem höfðu fengið nýja brjóstapúða í stað þeirra gömlu höfðu ólíka sögu að segja. Embla kvaðst vera ánægð með ákvörðun sína og bera traust til þeirra brjóstapúða sem hún væri með núna. Sif hafði aðra sögu að segja. Hún kvaðst ekki vilja vera með brjóstapúða, en treysti sér jafnframt ekki til að vera án þeirra. Hún virtist eiga í mikilli innri baráttu hvað varðaði tilfinningar sínar í tengslum við brjóstin og var umhugað um álit annarra:

> Þegar ég fer í sund hugsa ég, vonandi sér enginn, vonandi sér enginn að ég er með. Þú veist, ég vil ekki vera með en, þú veist, ég er í mótsögu. Ég vil ekki vera með þetta, en ég vil samt ekki, ekki vera með þetta ... það er það sem mér finnst svo erfitt.

Sif velti því fyrir sér hvort líf hennar hefði verið betra ef hún hefði ekki fengið sér brjóstapúða í fyrstu. Hún var þó þeirrar skoðunar að brjóstapúðarnir hefðu gert henni gott á sínum tíma en hún óttast að síðar muni hún þurfa að láta skipta aftur um púða.

Þegar viðhorf kvennanna gagnvart brjóstastækkunum eru könnuð má sjá að flestar voru þeirrar skoðunar að ef kona telur stærð eða lögun brjósta sinna há sér sé skiljanlegt að hún kjósi að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð. Nanna er þeirrar skoðunar að flestar konur gangist undir aðgerð á réttum forsendum eins og hún orðar það:

> Út af ... litlu sjálfstrausti og óöryggi og að langa bara að líða eins og kona, einhvern veginn að reyna að standa undir væntingum samfélagsins ... þannig að ég held ... að örugglega 80% af þeim sem að fara í svona fegrunaraðgerðir eru að gera það bara fyrir sjálfar sig.

Allar konurnar bentu á mikilvægi þess að konur íhugi ákvörðun sína vel áður en þær taka ákvörðun um að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð og töldu að raunveruleg ástæða yrði að liggja að baki ákvörðuninni. Þær voru þó þess sinnis að hver og ein yrði að ábyrgjast ákvörðun sína sjálf.

**Umræða**

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þráin eftir kvenleika sé helsti hvati þess að þátttakendur í rannsókninni gengust undir brjóstastækkunaraðgerð. Þá mátti sjá í viðtölunum hve áhyggjur kvennanna af útliti sínu vógu þungt þegar þær ákváðu að gangast undir aðgerð og rímar það við niðurstöður erlendra rannsókna í þessum efnum (Didie og Sarwer, 2003; Sarwer o.fl., 1998; Sarwer o.fl., 2003; Solvi o.fl., 2010).

Niðurstöður gefa til kynna að það hafi tekið á í tilfinningalífi kvennanna að hafa verið með falsaða brjóstapúða í brjóstum sínum. Áberandi var hve erfitt konunum þótti að standa frammi fyrir því að þurfa að taka ákvörðun um það hvort þær vildu láta fjarlægja brjóstapúðana alfarið eða fá nýja púða í stað þeirra gömlu. Samkvæmt rannsókn Allen og Oberle (1996) kjósa flestar konur, sem standa frammi fyrir því að þurfa að láta fjarlægja púða úr brjóstum sínum, heldur að gangast undir skurðaðgerð og að takast á við frekari fylgikvilla brjóstastækkunaraðgerða í stað þess að láta fjarlægja púðana alfarið. Þá draga þeir þá ályktun að ígildi þess að vera með brjóstapúða vegi þyngra en þeir áhættuþættir sem slíkum aðgerðum fylgja. Í því ljósi vekur það athygli að einungis þrjár konur gátu ekki hugsað sér að vera án brjóstapúða og völdu að láta skipta á gömlu brjóstapúðunum og nýjum. Af þessum þremur konum ákvað ein að taka þá áhættu að vera með púðana í brjóstunum þar til hún hefði efni á að láta skipta á þeim og nýjum vegna hræðslu sinnar við breytt útlit. Að auki ákvað önnur að láta koma nýjum brjóstapúðum fyrir enda þótt hún vildi það ekki innst inni. Í hennar tilviki skiptu áhyggjur af útlitinu sköpum. Af þessu má álykta að fyrir þessar konur skipti útlit brjóstanna svo miklu máli að þær ákveði að taka það fram yfir heilsu sína og heilbrigði. Undirstrikar það hve mikil áhrif líkamsímynd hefur á líðan kvenna, því að þær hræddust það að verða aftur að lifa við vanlíðan og lítið sjálfstraust.

Niðurstöður gáfu enn fremur til kynna að konurnar hefðu ekki verið nægilega meðvitaðir um hugsanlega fylgikvilla og afleiðingar þeirra. Þá sýndu niðurstöður rannsóknarinnar að þær höfðu fæstar leitað læknis í því skyni að kanna ástand brjóstapúða sinna eða höfðu

gert ráð fyrir því að þurfa að láta skipta um brjóstapúða síðar meir. Flestar héldu konurnar að brjóstapúðarnir væru varanleg lausn sem ekki þyrfti að huga að síðar. Vekur það upp spurningar á borð við þá hvort ástæða sé til að semja reglugerð um eftirfylgni með ígræðslum sem vitað er að endist ekki til lífstíðar og kunni að hafa slæm áhrif á heilsu einstaklinga. Þá er einnig þörf á að auka fræðslu um tíðni og alvarleika fylgikvilla brjóstastækkunaraðgerða þar sem aðgerðin getur haft alvarlegar afleiðingar til lengri tíma litið. Fræðsla til ungra kvenna virðist vera sérstaklega mikilvæg í ljósi niðurstaðna þessarar rannsóknar.

Í ljósi þess sem að ofan hefur komið fram má velta fyrir sér siðfræði fegrunarlækninga og þeim siðareglum sem læknar fylgja í starfi sínu. Í ljósi allra þeirra þátta sem geta farið úrskeiðis og þeirra langtímaáhrifa sem brjóstastækkun getur haft í för með sér er vert að varpa fram þeirri spurningu hvort lýtalæknar virði eið sinn um að láta gott af sér leiða og að vinna að skaðleysi þegar um brjóstastækkanir er að ræða. Þá má efast um að það sé siðferðilega rétt að lýtalæknar séu þeir einu sem veiti konum ráðgjöf áður en þær kjósa að gangast undir aðgerð. Raunin er nefnilega sú að lýtalæknar hafa sjálfir mikinn hagnað af slíkum aðgerðum. Sem dæmi má nefna að þær aðgerðir sem hér um ræðir kosta um 350.000–500.000 krónur (Ágúst Birgisson, e.d.). Í ljósi þess má velta því fyrir sér hvort hagnaðurinn af aðgerð setji lækninn í siðferðilegan vanda hvað ráðgjöf varðar, þar sem hagsmunir hans og sjúklinga hans stangast á. Slíkt getur mögulega haft áhrif á upplýsingagjöf til kvenna sem til hans leita. Hér er þörf á að hlutlausir fagaðilar aðrir en læknar, til dæmis félagsráðgjafar, komi að ráðgjöf sem þessari er varðar stóra lífsákvörðun einstaklinga enda er það ákvörðun sem kann að hafa áhrif á lífsgæði þeirra alla ævi.

Við ljúkum þessari grein með orðum eins viðmælandans:

„Ég hélt bara að ég væri búin að kaupa mér hamingju og það myndi duga að eilífu.“

## Heimildir

Agathonos-Georgopoulou, H. (1992). Cross-cultural perspective in child abuse and neglect. *Child Abuse Review, 1*, 80–88.

Allen, M. og Oberle, K. (1996). Augmentation mammoplasty: A complex choice [rafræn útgáfa]. *Health Care for Women International, 17*(1), 81–90.

Ágúst Birgisson. (e.d.). *Verðskrá*. Sótt 25. september 2013 á http://www.ablaeknir.is/is/verdskra

Bergstrom, R.L. og Neighbors, C. (2006). Body image disturbance and the social norms approach: An integrative review of the literature [rafræn útgáfa]. *Journal of Social and Clinical Psychology, 25*(9), 975–1000.

Brown, R.J. og Kim, J.Y.S. (2007). Augmentation mammoplasty. Í Z.B. Kryger og M. Sisco (ritstj.), *Practical plastic surgery* (bls. 406–412). Austin, TX: Landes Bioscience.

Cash, T.F. (2004). Body image: Past, present and future [rafræn útgáfa]. *Body Image, 1*, 1–5.

Center for Devices and Radiological Health and U.S. Food and Drug Administration (CDRH and FDA). (2011, júní). *FDA update on the safety of silicone gel filled breast implants*. Sótt 29. september 2013 á www.fda.gov/downloads/MedicalDevices/ProductsandMedicalProcedures/Implantsa ndProsthetics/BreastImplants/UCM260090.pdf

Didie, E. og Sarwer, D. (2003). Factors that influence the decision to undergo cosmetic breast augmentation surgery [rafræn útgáfa]. *Journal of Women's Health, 12*, 241–254.

Festinger, L. (1954). A theory of social comparison processes [Rafræn útgáfa]. *Human Relations, 7*, 117–140.

Gimlin, D. (2000). Cosmetic surgery: Beauty as commodity [rafræn útgáfa]. *Qualitative Sociology, 23*(1), 77–98.

Guðmundur Már Stefánsson og Ólafur Einarsson. (e.d.). *Brjóstastækkun – algengar spurningar og svör*. Sótt 5. október 2013 á http://www.lytalaeknir.is/brjostastakkun.html

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið, 3*, 5–18.

House of Commons Health Committee. (2012, júlí). *PIP breast implants: Web forum on patient experiences*. London: House of Commons Health Committee.

Jackson, L.A. (2002). Physical attractiveness: A sociocultural perspective. Í T.F. Cash og T. Pruzinski (ritstj.), *Body image: A handbook of theory, research, and clinical practice* (bls. 13–21). New York: The Guilford Press.

Krayer, A., Ingledew, D.K. og Iphofen, R. (2008). Social comparison and body image in adolescence: A grounded theory approach [rafræn útgáfa]. *Health Education Research, 23*(5), 892–903.

Marshall, C., Lengyel, C. og Utioh, A. (2012). Body dissatisfaction: Among middle-aged and older women [rafræn útgáfa]. *Canadian Journal of Dietetic Practice and Research, 73*(2), 241–247.

McGrath, M.H. og Mukerji, S. (2002). Plastic surgery and the teenage patient [rafræn útgáfa]. *Journal of Pediatric and Adolescent Gynecology, 13*(3), 105–118.

Morrison, T.G., Kalin, R. og Morrison, M.A. (2004). Body-image evaluation and body-image investment among adolescents: A test of sociocultural and social comparison theories [rafræn útgáfa]. *Adolescence, 39*(155), 571–592.

Sarwer, D.B., LaRossa, D., Bartlett, S., Low, D.W., Bucky, L.P. og Whitaker, L.A. (2003). Body image concerns of breast augmentation patients [rafræn útgáfa]. *Plastic & Reconstructive Surgery, 112*(1), 83–90.

Sarwer, D.B., Magee, L. og Clark, V. (2004). Physical appearance and cosmetic medical treatments: Physiological and sociocultural influences [rafræn útgáfa]. *Journal of Cosmetic Dermatology, 2*(1), 29–39.

Sarwer, D.B., Wadden, T.B., Pertschuk, M.J. og Whitaker, L.A. (1998). The psychology of cosmetic surgery: A review and reconceptualization [rafræn útgáfa]. *Clinical Psychology Review, 18*(1), 1–22.

SCENIHR. (2012, febrúar). *The safety of PIP silicone breast implants*. Sótt 6. október 2013 á http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/emerging/docs/scenihr_o_034.pdf

Segaren, N., Taylor, J., Gilleard, O., Shanmugarajah, K., Segaren, N. og Markar, S. (2012). The psychological impact of the PIP breast implants scandal on a cohort of UK women. *Plastic Surgery, 5 S-1*, 118.

Solvi, A.S., Foss, K., von Soest, T., Roald, H.E., Skolleborg, K.C. og Holte, A. (2010). Motivational factors and psychological processes in cosmetic breast augmentation surgery [rafræn útgáfa]. *Journal of Plastic, Reconstructive & Aesthetic Surgery, 63*, 673–680.

Swami, V., Antonakopoulos, N., Tovée, M.J. og Furnham, A. (2006). A critical test of the waist-to-hip ratio hypothesis of women's physical attractiveness in Britain and Greece. *Sex Roles, 54,* 201–209.

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir. (2012). *Brjóstastækkanir í fegrunarskyni: Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapúða.* Óbirt meistararitgerð, Háskóli Íslands.

Velferðarráðuneytið, Embætti landlæknis og Lyfjastofnun. (2012, janúar). *Tilkynning frá velferðarráðuneytinu, Embætti landlæknis og Lyfjastofnun.* Sótt 5. október 2013 á http://www.landlaeknir.is/Pages/1055?NewsID=2335

WHO. (2012, janúar). *Silicone implants*. Sótt 4. nóvember 2012 á http://www.who.int/csr/don/2012_01_17/en/

# Children's rights in policy and poverty:

## An analysis of Iceland, Norway & the UK

**Cynthia Jeans, félagsráðgjafi MA, PhD, aðjúnkt við Félagsráðgjafardeild HÍ**



Cynthia Jeans

**Abstract**
This article presents the analysis of three areas of child policy assumed by scholars and recent research to relieve child poverty: child benefits, child support and early childhood education and care (ECEC) from a children's rights perspective by comparing Iceland, Norway and the UK, 1991–2011, asking when, if and how do children's rights emerge in these policies. A new framework was created combining both children's rights and child poverty theories with comparative analysis. The results indicate that when and in what form children's rights emerged not only suggests a classification of the three states: Iceland as an Equality-Integrity Rights based system; Norway an Integrity Rights based system; and the UK a Family-Centred/Social Investment system. It also opened up an understanding of the three policy areas studied; i.e. that the triangular relationship between the state, parent and child is very important and policy specific. These results can help guide policymakers in their search for evidence-based policies, as well as offering activists, researchers and social workers a simple, sophisticated tool to gauge children's rights in policies.

**Keywords:** child poverty, children's rights, child policy, child support, child benefit, ECEC.

**Útdráttur**
Þessi grein fjallar um niðurstöður doktorsrannsóknar á félagsmálastefnu í barnafátækt er lýtur að þremur sviðum: barnabótum, meðlagi og umönnun yngri barna og leikskóla. Í rannsókninni voru skoðaðar stefnur er varða barnafátækt í þremur löndum, Íslandi, Noregi og Bretlandi. Þær voru bornar saman með áherslu á það í hvaða mynd réttindi barna birtast í stefnum landanna á tímabilinu 1991–2011. Spurt var að því hvenær, hvort og hvernig réttindi barna væru skilgreind á ofangreindum sviðum. Kenningarlegur rammi verksins var smíðaður með því að samþætta kenningar um réttindi barna og barnafátækt og með því að beita samanburðargreiningu. Niðurstöðurnar benda til þess að eftir því hvenær og í hvaða mynd réttindi barna birtast megi setja fram eftirfarandi flokkun: Ísland með jafnrétti og sjálfstæð réttindakerfi (e. equality/integrity rights), Noregur með réttindakerfi sjálfstæðis (e. integrity rights) og Bretland með fjölskyldumiðað og félagslegt fjárfestingarkerfi (e. family centred/social investment). Niðurstöður veita aukinn skilning á þeim sviðum sem rannsökuð voru og mikilvægi þríþættra tengsla á milli ríkis, foreldra og barns. Niðurstöður rannsóknarinnar eru mikilvægar þar sem þær geta nýst stefnumótendum sem vilja þróa gagnreyndar stefnur (e. evidence-based policies). Kenningarramminn sem þróaður var í þessari rannsókn sem greiningartæki er víðtækur en þó einfaldur í notkun. Ramminn gagnast fagfólki og rannsakendum sem vilja hafa áhrif á réttindi barna, þar á meðal félagsráðgjafa.

**Lykilorð:** barnafátækt, réttindi barna, félagsmálastefnur barna, meðlag, barnabætur, leikskólar.

## Introduction

Child poverty is an issue faced by every nation, including the affluent, where a percentage of children are still affected by their socio-economic situation. This may lead to ill health, lower well-being and lower education scores, to name a few, and can persist from generation to generation (Vleminckx & Smeeding, 2001). Furthermore, since the 1970s the gap between the affluent and poor continues to increase throughout OECD states (OECD, 2011b), where there has been "notable changes in the shape of the income distribution in many, but not all, western developed nations" (Jenkins & Micklewright, 2007, p. 2). In other words, the rich are getting richer and poor poorer (Jenkins & Micklewright, 2007; OECD, 2011b).

The persistence of child poverty in affluent nations is perplexing in so far as poverty rates for the elderly have decreased over the post-war era, but has risen for children (Vleminckx & Smeeding, 2001). Policies are needed to address child poverty in the same way that old-age insurance schemes were created in the last century to protect the elderly. "There is no reason why the same could not happen for the problem of child poverty" (Vleminckx & Smeeding, 2001, p. 2).

At the same time as these changes in child poverty and income distribution occurred, children's rights continued to develop, culminating in the creation and adoption of the UN Convention of the Rights of the Child (UN CRC). Since then, the focus on children in

policy and research has gained momentum (Flekkøy, 1995; Franklin, 2002; Freeman, 2002; Johansson, 2005; Pilknik, 2006; Ridge, 2013). With all but two nation-states ratifying the UN CRC, it has created the space for children to be discussed in both national and international policy arenas.

By pairing children's rights with child poverty research, not only does a strong argument for the reduction of child poverty emerge, but children's rights may also indicate how to alleviate the various forms of child poverty that are known (Vranken, Vandenhole & De Boyser, 2010). Vranken et al. (2010) and others have pointed out the importance of striking a balance between the child, parent and state in creating policies to alleviate poverty from a children's rights perspective.

Arguably, the power to alleviate child poverty lies at the feet of policymakers, and children, as individuals and not statistical units, are underrepresented in studies that influence these policies (Aldreson, 2008; Ben-Arieh & Goerge, 2005; Johansson, 2005; Middleton, Ashworth & Braithwaite, 1997; Ridge, 2013). This article will examine the overall results of a PhD study conducted at the University of Bath 2007–2013 that joins the efforts of recent research and well-being studies trying to change this trend.

This study sets out to examine children's rights in those policies suggested by scholars (Bradbury & Jäntti, 2001; Bradbury, Jenkins & Micklewright, 2001; Bradshaw, 2006b; Danziger & Waldfogel, 2000; Vleminckx & Smeeding, 2001; Vranken et al., 2010) to alleviate child poverty in the two decades following the inception of the UN CRC, 1991–2011. The question that emerges as the result of the analysis of the existing research is as follows: To what extent has the discourse of children's rights permeated policies on child poverty?

As this is a fairly new area of research, the scope of this study was determined by 1) the need to create a new framework to examine policies from a children's rights perspective; 2) choosing a set of policies that address child poverty. Therefore the aim of this study is twofold: to examine the extent to which the discourse of children's rights has permeated policies on child poverty and to test the framework created to conduct such a study.

## Analytical Framework

Þátttakendunum fannst hópastarf á vegum SÁÁ nauðsynlegur þáttur í upphafi Grettistaks. Aftur á móti þótti þeim sjálfstyrkingarnámskeiðinu vera ofaukið og bentu á að í hópastarfinu á Stíg fælist sjálfstyrking.

Þátttakendunum fannst Námsflokkarnir nýtast vel til að auka sjálfstraust þeirra og trú á eigin námsgetu og ýta þeim af stað í námi (oft eftir langt hlé). Nokkrir þátttakenda sögðu að án þessa undirbúnings hefði þeim ekki tekist að fóta sig í öðru námi.

Mismunandi var hversu vel þeim fannst fjármálanámskeiðið nýtast til að vinna úr eigin fjárhagsóreiðu. Einum fannst það gagnslaust. Annar sagði að námskeiðið væri „alger snilld“, það kenndi manni „að lifa lífinu og búa sér til líf þó að maður skuldi peninga“. Hann taldi að námskeiðið gæti verið gagnlegt í upphafi Grettistaks því þá valdi skuldir oft áhyggjum. Þá reyndi fólk að bjarga sér fyrir horn án þess að vera í jafnvægi og gerði mikið af mistökum. Einn þátttakandi sagðist hafa lært nýja tegund hegðunar, í stað þess að láta óttann ráða hefði hún lært að opna gluggapóstinn, hringja í lánardrottna sína og semja um greiðslur. „Bara með því að láta vita, þá getur maður verið að koma sér úr rosalega miklum vandræðum.“

Flestir voru ánægðir með viðtöl við félagsráðgjafa og námsráðgjafa, t.d. vegna áhugasviðsprófa, hvatningar og stuðnings við skólaumsóknir.

Afstaða þátttakenda til sjálfboðavinnu var tvíbent. Þeim fannst gott að taka þátt í sjálfboðavinnu, sérstaklega til að viðhalda daglegri rútínu í skólafríum. Þó fannst þeim hún ekki nægilega vel skipulögð hvað varðar viðfangsefni og tímasetningar, en töldu að gott væri að gefa af sér með þessum hætti. Einn sagði: „Það er partur af batanum hjá okkur.“

Þátttakendum fannst að betur mætti nýta heimild til að framkvæma óundirbúið vímuefnapróf, því að þegar einhverjir í hópnum hefja aftur neyslu hefur það truflandi áhrif á hina í hópnum. Þeim fannst eðlilegast að beita vímuefnaprófum í upphafi Grettistaksins vegna þess að þá eru mestar líkur á brotum á vímuefnabanninu.

Einungis einn þátttakandi í rýnihópnum stundaði ekki AA-fundi en sagðist sakna þess baklands sem fundirnir eru. Hinum fannst fundir í 12-sporasamtökum (AA/NA/Al-Anon) skipta sköpum í bataferli sínu og töldu að þau sem ekki sæktu fundi væru líklegri en önnur til að heltast úr lestinni.

Viðmælendur voru sammála um að þótt endurhæfingarlífeyririnn væri ekki mikill þá veitti hann þeim ákveðið öryggi og væri forsenda þess að geta einbeitt sér að batanum. Þegar endurhæfingartímabilinu lýkur sjá mörg þeirra fram á versnandi fjárhagsstöðu. Ef þátttakendur fá ekki vinnu eiga þau rétt á fjárhagsaðstoð sem er lægri en endurhæfingarlífeyrir. Þau sem halda áfram framhaldsskólanámi eiga rétt á námsstyrk frá Velferðarsviði.

Þátttakendur fá margvíslega aðstoð í húsnæðismálum og sögðu það stuðla að öryggi og sefa kvíðann sem fylgir því að búa við lítið öryggi í húsnæðismálum. Viðmælendur voru sammála um að félagsráðgjafar Grettistaks hefðu reynst vel. Þeim fannst aðrir félagsráðgjafar stundum ekki vita nægilega mikið um úrræðið og myndu vilja að þeir væru í stýrihópi Grettistaks.

Líkamsrækt er hluti af starfsendurhæfingunni og öll töldu þau hana mjög gagnlega.

Þátttakendur voru sammála um að mætingarskyldan væri mikilvægari en þau höfðu gert sér grein fyrir í upphafi. Einn viðmælandi lýsti þeirri andlegu velferð sem felst í því að mæta á réttum tíma og „stimpla sig inn í daginn“ hvað sem viðfangsefninu líður. Þau sögðu að án mætingarskyldunnar væri lítils árangurs að vænta í Grettistaki.

Þátttakendur mátu stöðu sína þannig að þau væru komin vel á veg í bata. Sum töluðu um að þau væru enn viðkvæm fyrir breytingum eða raski á daglegri rútínu, t.d. í fríum. Þau áttu það sameiginlegt að hafa komið oftar en einu sinni úr meðferð með góðan ásetning um að neyta hvorki áfengis né annarra vímuefna og breyta lífi sínu en mistekist. Þéttur stuðningur í Grettistaki gerði þeim kleift að feta brautina betur en áður.

**Umræða**

Við greiningu á skráðum gögnum um þátttöku í úrræðinu á tímabilinu 2007–2011, kom fram að 41 einstaklingur hafði lokið 18 mánaða starfsendurhæfingu. Heldni í úrræðinu var að meðaltali 41%, en spannar allt frá 21% upp í 73%. Það er umhugsunarvert hvað heldnin er misjöfn og lítil að meðaltali. Líklegt er að vinnulagi við inntöku í úrræðið sé ábótavant hvað varðar mat á getu umsækjenda til þátttöku í starfsendurhæfingunni. Forsenda þess að takast á við kröfur úrræðisins er að viðkomandi hafi farið í meðferð og notið aðstoðar til að takast á við fíkn sína. Enginn þátttakenda í rannsókninni hafði neytt vímuefna eftir að þau byrjuðu í Grettistaki og sögðu að regluleg mæting og þéttur stuðningur væru mikilvæg í þessu sambandi. Það fól í sér stuðning hvað varðar daglegt líf og að viðhalda bindindi. Þau töldu einnig að vímuefnaprófum væri of sjaldan beitt, slík próf sögðu þau veita sér stuðning við að halda bindindi.

Velferðarsvið hefur í kjölfar rannsóknarinnar unnið að úrbótum varðandi mat á umsækjendum í úrræðið. Inntökuferlið hefur verið styrkt með stuðningshópum fyrir umsækjendur áður en þeir hefja eiginlega þátttöku í úrræðinu og vímuefnaprófum er oftar beitt (Kristín Lilja Diðriksdóttir munnleg heimild, 5. nóvember 2013).

Hvað búsetu varðar leiddi rannsóknin í ljós að enginn af þátttakendum viðtalsrannsóknarinnar bjó í eigin húsnæði. Helmingur hópsins leigði á frjálsum markaði, en hinn helmingurinn bjó í félagslegu leiguhúsnæði eða á áfangaheimilum. Þátttakendur höfðu fengið margvíslega aðstoð í húsnæðismálum og sögðu það stuðla að öryggi auk starfsendurhæfingarinnar. Rannsóknir sýna að heimilisleysi og misnotkun vímuefna haldast gjarnan í hendur (Dyb og Johannessen, 2008; Wardhaugh, 2000). Heimilislausum og/eða utangarðsfólki í Reykjavík hefur fjölgað á síðustu árum (Erla Björg Sigurðardóttir, 2012) og er starfsendurhæfing og stuðningur við atvinnulausa með vímuefnavanda sem þiggja fjárhagsaðstoð því áríðandi til að fyrirbyggja heimilisleysi og það að lenda utangarðs í samfélaginu.

Aðeins 14% þeirra sem höfðu lokið 18 mánaða endurhæfingu á árunum 2007–2010 voru í vinnu. Af þeim tíu sem þátt tóku í viðtalshluta rannsóknarinnar voru aðeins þrjú í vinnu og einungis eitt þeirra var í fullu starfi. Það er umhugsunarefni í ljósi þess að rannsóknir sýna að þeir sem hafa atvinnu þegar þeir fara í vímuefnameðferð eru líklegri til heldni í meðferð og bindindi til framtíðar heldur en þeir sem ekki eru í starfi. Þeir sem stunda fasta vinnu hefja mun sjaldnar neyslu eftir meðferð miðað við atvinnulausa og bakfallið er að jafnaði vægara. Rannsóknir hafa sýnt að atvinnuleysi hjá þessum hópi stjórnast að nokkru af atvinnuástandi hverju sinni (Henkel, 2011). Á undanförnum árum hefur atvinnuástand hér á landi verið erfitt og því má ætla að dregið hafi úr atvinnutækifærum þessa hóps.

Segja má að menntunarþátturinn mæti þörfum þátttakenda, langflest þeirra höfðu aukið skólamenntun sína og lýstu yfir ánægju með framlag Námsflokkanna og annarra menntastofnana í úrræðinu. Það var valdeflandi að þeirra mati. Þátttakendur voru rétt að komast á skrið með að ná stöðugleika í lífi sínu með bindindi þegar í eftirfylgd var komið og að hefja þá vegferð að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Það er því ljóst að 18 mánuðir eru stuttur tími fyrir þennan hóp til að endurhæfast til þátttöku á vinnumarkaði.

Nám er mikilvæg forsenda velgengni á vinnumarkaði í nútímasamfélagi. Áhersla á menntun í Grettistaki er þannig nauðsynlegur þáttur í því samhengi. Menntun bætir vissulega stöðu á vinnumarkaði, en úrræðið skortir tengingu við vinnumarkað fyrir þá sem ekki vilja eða geta nýtt sér námsleið þess. Einnig til að auka líkur á atvinnuþátttöku þeirra sem fara námsleiðina. Gagnlegt væri að hafa starfsþjálfun sem hluta af endurhæfingunni í samvinnu við fyrirtæki á vinnumarkaði og er mikilvægt að bæta úr því.

Ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum viðtalsrannsóknarinnar þar sem um fáa þátttakendur er að ræða, en líta má á umsögn þeirra sem vísbendingu um að úrræðið sé stuðningur við atvinnulausa sem þiggja fjárhagsaðstoð og eiga við vímuefnaröskun að etja til að viðhalda bata að meðferð lokinni. Áhugavert væri að gera frekari rannsóknir á viðfangsefninu.

## Heimildir

American Psychiatric Association. (2013). *Substance-related and addictive disorders*. Sótt 25. september 2013 á http://www.dsm5.org/Documents/Substance%20Use%20Disorder%20Fact%20Sheet.pdf

Doweiko, H.E. (2009). *Concepts of chemical dependency* (7. útg.). Belmont: Brooks/Cole.

Dyb, E. og Johannessen, K. (2008). *Bostedsløse i Norge 2008: En kartlegging*. Oslo: Norsk institutt for by- og regionforskning.

Ekholm, J. og Ekholm, K.S. (2009). Vocational rehabilitation. *Journal of Rehabilitation Medicine, 41*, 113–114.

Elín S. Gunnsteinsdóttir og Erla G. Sigurðardóttir. (2009). *Utangarðsfólk í Reykjavík: Kortlagning og rannsókn*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Erla Björg Sigurðardóttir. (2006). *Endurhæfingarúrræðið Grettistak*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands.

Erla Björg Sigurðardóttir. (2011). *Notendur fjárhagsaðstoðar í 6 mánuði og lengur árið 2011*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Erla Björg Sigurðardóttir. (2012). *Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Gorski, T. (1989). *Passages through recovery: An action plan for preventing relapse*. Center City, MN: Hazelden Educational Materials.

Gorski, T. og Miller, M. (1986). *Staying sober: A guide for relapse prevention*. Independence, MO: Herald House, Independence Press.

Guðrún Hannesdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Halldór Guðmundsson, Kristjana Fenger og Steinunn Hrafnsdóttir. (2013). *Viðbótarnám á meistarastigi í starfsendurhæfingu: Samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri*. Reykjavík, Akureyri: Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Halldór S. Guðmundsson, Atli Hafþórsson, Bryndís Elfa Valdimarsdóttir, Kristján Már Magnússon og Guðný Björk Eydal. (2011). *Áhrif starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni: Rannsókn meðal þátttakenda í Starfsendurhæfingu Norðurlands*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Háskóli Íslands.

Henkel, D. (2011). Unemployment and substance use: A review of the literature (1990–2010). *Current Drug Abuse Reviews, 4*(1), 4–27.

Hogue, A., Dauber. S., Dasaro, C. og Morgenstern, J. (2010). Predictors of employment in substance-using male and female welfare recipients. *Journal of Substance Abuse Treatment, 38*(2), 108–118.

Kärrholm, J. (2007). *Co-operation among rehabilitation actors for returning to working life*. Stockholm: Karolinska Institutet.

Lillefjell, M. (2008). *Function and work ability following multidisciplinary rehabilitation for individuals with cronic musculoskeletal pain*. Trondheim: NTNU.

Lydía Ó. Ómarsdóttir og Unnur V. Guðbjartsdóttir. (2011). *Líðan atvinnuleitenda með framfærslu hjá Reykjavíkurborg*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Morgenstern, J., Neighbors, C.J., Kuerbis, A., Riordan, A., Blanchard, K.A. og McVeigh, K.H. (2009). Improving 24-month abstinence and employment outcomes for substance-dependent women receiving temporary assistance for needy families with Intensive Case Management. *American Journal of Public Health, 99*(2), 328–333.

National Institute on Drug Abuse (NIDA). (2000). *Approaches to drug abuse counselling*. NIH Publication No. 00-4151. Washington: NIH Publication.

Platt, J.J. (1995). Vocational rehabilitation of drug abusers. *Psychological Bulletin, 117*(3), 416–433.

Samtök áhugafólks um áfengi og vímuefnavanda (SÁÁ). (2011). *Ævilíkur og algengi*. Sótt 21. september 2011 á http://www.saa.is/islenski-vefurinn/samtokin/frettir/nr/114008/

Staines, G.L., Blankertz, L., Magura, S., Cleland, C.M. og Bali, P. (2005). Evaluating vocational rehabilitation programs for substance users: Issues in designing and implementing randomized studies. *Elsevier, 28*, 61–68.

Svikis, D.S., Keyser-Marcus, L., Stitzer, M., Rieckmann, T., Safford, L. og Loeb, P. (2012). Randomized multi-site trial of the jobseekers workshop in patients with substance use disorders. *Elsevier, 120*, 55–64.

Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods*. New York: John Wiley & Sons.

van der Wel, K., Dahl, E., Lødemel, I., Løyland, B., Naper, S. og Slagvold, M. (2006). *Funksjonsevne blant langtidsmottakere av sosialhjelp*. HiO rapport nr. 29. Oslo: Høgskolen i Oslo.

Virk – starfsendurhæfingarsjóður (vefsíða). Sótt 10. október 2013 á http://virk.is/page/starfsendurhaefingarurraedi_5/

Wardhaugh, J. (2000). *Sub city: Young people, homelessness and crime*. Burlington, VT: Ashgate.

Wolkstein, E. og Spiller, H. (1998). Providing vocational services to clients in substance abuse rehabilitation. *Directions in Rehabilitation Counseling 9*, 65–78.

# Rætur og saga – fagímynd félagsráðgjafar[1]

*Sigrún Júlíusdóttir*



**Sigrún Júlíusdóttir,**
***félagsráðgjafi, PhD***

**Inngangur**

Í þessari grein er fjallað um rætur og sögu greinar og mikilvægi þess að þekkja frumkvöðlastörf þeirra sem mótuðu upphaf fagsins. Tilefnið er 150 ára minningarhátíð haustið 2013 sem Félagsráðgjafafélag Íslands efndi til um Ólafíu Jóhannsdóttur. Sagt er frá þeim viðburði annars staðar í þessu hefti *Tímarits félagsráðgjafa*.

Að virða kynslóðaarfinn er nokkuð sem kallast á við það að kenna uppvaxandi kynslóð að þekkja fjölskyldusöguna, styrkleika, veikleika og aðra áhrifaþætti sem skipta máli fyrir sterka sjálfsmynd og heilbrigt sjálfsmat. Í nýlegri rannsókn, *Eftir skilnað* (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013), er athygli beint að samskiptum og kynslóðatengslum í fjölskyldum eftir skilnað foreldra. Þar tjá bæði ungir foreldrar og eldri kynslóðin áherslu sína á þessi gildi fyrir þroska einstaklingsins. Þau lýsa trú sinni á að þekking og viðurkenning á fjölskyldubakgrunninum, tengsl barna við ömmu og afa, kynslóðaarfinn, sé þeim dýrmætt veganesti. Þau þurfi að þekkja og geta verið stolt af því sem mótaði þau og líta svo á að það skapi traustan grunn fyrir siðferðisþroska og heilsteypta persónumótun. Þau verði sjálf hluti af sögunni sem er sögð. Þessir þættir, rætur, arfleifð og söguleg tenging, skipta líka máli sem grundvöllur að heilli og traustri fagímynd.

Þetta var lengst af lítt viðurkennt í félagsráðgjöf, og sem dæmi má nefna að í námi félagsráðgjafa á sjöunda áratug síðustu aldar var varla minnst á sögu eða rætur fagsins þótt lauslega væri nefnt að upphafið mætti rekja til húmanisma, hugmynda umbótasinna og félagslegs jöfnuðar. Þegar litið er til baka má líkja þessu við þöggun, eins og það hafi verið tabú, bann við því að tala um hugsjónir, helgun og sjálfboða- eða góðgerðarstörf og tengja það störfum þeirra kvenna sem ruddu brautina fyrir félagsráðgjöf. Þess í stað skyldi lögð áhersla á það að kenna um samfélagsþróunina frá bænda- til borgarsamfélags því að þaðan væri félagsráðgjöf sprottin. Sterk tenging var við hraðþróun nútímasamfélagsins á fyrri hluta 20. aldar og áhersla á aukin félagslegan jöfnuð og rétt. Þar komu einnig sterkt inn áhrif frá greinum eins og félagsfræði, hagfræði og lögfræði. Jafnvel þótt líka væri áhersla á faglegar aðferðir, viðtalstækni, og skriflega þáttinn í starfi með skjólstæðingum, var eins og þau atriði væru eitthvað alveg nýtt. Nær ekkert var minnst á hina öflugu frumkvöðla og nýstárlegar faglegar áherslur þeirra og framlag sem birtust í störfum þeirra og ritum um og upp úr aldamótunum 1900.

Á þessum tíma (um 1960–1970) var fyrsta kynslóð norrænna félagsráðgjafa, einkum norskra og sænskra, farin að sækja fullgilda starfsmenntun sína, MSW-gráðu, til Bandaríkjanna. Þar var aftur dæmi um þöggun. Þeir voru nánast litnir hornauga fyrir amerískar „case-work"-áherslur, oftast tengdar klínískri félagsráðgjöf, (e. psychiatric social work) og tengingu þeirra við upphafsár „íhaldssamra" bandarískra félagsráðgjafa sem sóttust eftir að sérhæfa sig í meðferðarstarfi við hlið geðlækna. Þessir félagsráðgjafar nutu virðingar í þverfaglegu samstarfi, m.a. fyrir heildræna nálgun sína og sérþekkingu á fjölskyldumeðferð, samfélagsþáttum, siðfræði og löggjöf. Reyndin var sú að með þeim komu fyrstu fræðilegu, öguðu viðhorfin inn sem meginstoðir faglegrar nálgunar og grunngilda í félagsráðgjöf á Norðurlöndum. Í raun snerist þetta um það sem við köllum í dag „positioning" (Cedersund, 2013) og tengt er við hugtakið „otherness" sem lesa má um í nýlegu þemahefti *Nordic Social Work Research* (Chambon, 2013). Í raun er „discursive positioning" aðeins annað og þróaðra hugtak yfir það sem áður var kallað staða (s. hållning; n. holdning) sem félagsráðgjafi tekur sér gagnvart skjólstæðingnum, þ.e.a.s. með honum, og felst í virðingu fyrir persónu hans og samfélagslegri stöðu, einbeittri athygli og viðurkenningu á siðferðilegum rétti hans. Um leið felst í því höfnun á tvískiptingu í við-þeir (Dominelli, 2010). Þessi *staða* var upphafsímynd og sérstaða félagsráðgjafar. Þessi faglega nálgun mótaðist í faglegri umræðu (e. discourse), ekki síst gegnum handleiðslu. Þessi *staða* er forsenda alls faglegs starfs hver

1 Greinin er byggð á erindi sem flutt var á ráðstefnu Félagsráðgjafafélags Íslands, 22. október 2013, í 150 ára minningu frumkvöðulsins Ólafíu Jóhannsdóttur (1863–1924).

svo sem umgjörð þjónustunnar eða aðferðaleg tækni er hverju sinni. Þannig á það við í þessu sem öðru að í raun er fátt nýtt undir sólinni. Við sjáum hlutina í öðru ljósi, köllum þá öðrum nöfnum. Þannig getum við umbætt eða endurbyggt (e. reconstruct) það sem löngu áður varð til, en umbreytt því með nýrri umræðu og frásögnum (e. narrative discourse) um „okkar" gildi, hugtök og talsmáta, þ.e. söguna sem við segjum um það hvernig við viljum vera og vera séð (Lindeman-Nelson, 2001). Víkjum nú að áhrifum aldamótafrumkvöðlanna.

**Frumkvöðlar – Ólafía og bandarískar samtímakonur hennar**

Litið var svo á að bók Mary Richmond, *Friendly Visiting Among the Poo*r sem kom út í Bandaríkjunum 1899, væri fyrsta kennslubók sögunnar í félagsráðgjöf og hún var yfirleitt kynnt sem slík. Richmond ritaði reyndar nokkru síðar aðferðafræðiritin *Social Diagnosis* sem kom út 1917 og *What is Social Casework,* 1922. Annar frumkvöðull í félagsráðgjöf, og líklega sá þekktasti á alþjóðlegum vettvangi, var Jane Addams, samtímakona þeirra Ólafíu Jóhannsdóttur og Mary Richmond. Hún var róttækur félagsumbótafrömuður og einnig ákafur umhverfis- og friðarsinni, en eins og kunnugt er nutu störf hennar og rit slíkrar frægðar og virðingar að hún fékk friðarverðlaun Nóbels 1931. Norrænu félagsráðgjafarnir sem menntuðust í Bandaríkjunum komu „heim" með hugmyndir og þekkingu þessara og fleiri frumkvöðla eins og t.d. Berthu Reynolds (1885–1980) sem samdi eitt fyrsta fræðiritið um kenningargrunn handleiðslu, *The Learning and Teaching in the Practice of Social Work* (1942). Arftakar þeirra eru kynntir til sögunnar í bókinni *Theories of Social Casework* (Roberts og Nee, 1970) og síðar á Norðurlöndum, m.a. hjá Soydan (1999).

Ég er ekki ein um að telja Ólafíu Jóhannsdóttur sameina hugsjónir og hugmyndafræði þessara kvenna, m.a. með því hvernig hún tengdi einstakling og samfélag, (e. person in situation), eins og það kemur fram hjá Ólafíu þegar um aldamótin 1900. Ég hef ekki getað fundið því beinan stað í ritum hennar, en ekki þyrfti að koma á óvart að hún hafi þekkt til þessara kvenna og starfa þeirra.

Það er vissulega þekkt úr vísindasögu að oft birtast áfangar – eða hreinlega stökk – í þekkingarþróun á mörgum stöðum í heiminum samtímis – án þess að samráð eða samvinna hafi verið höfð um það (sbr. Sigrún Júlíusdóttir, 1989). Þetta breytir engu um það að okkur ætti að vera bæði ljúft og skylt að halda því til haga að skrif Ólafíu um aðferð og nálgun við að hjálpa fátækum er meðal þess fyrsta sem birt var í því efni. Í tímaritinu *Framsókn*, sem hún ritstýrði ásamt Jarþrúði Jónsdóttur, birti hún greinina „Góðgerðarsemi" árið 1896 – nokkru áður en *Visiting Among the Poor* kom út í Bandaríkjunum. Þar víkur Ólafía einmitt að mikilvægi *viðmóts og framkomu* í garð hinna bágstöddu. Hún nefnir þann vanda sem fylgi því að gefa eða hjálpa fátækum og bjargarlitlum einstaklingum og tengir það því sem við félagsráðgjafar í dag tölum um sem *siðfræði hjálparinnar* sem birtist á áðurnefndri faglegri *stöðu* og nánar er fjallað um hér á eftir.

Merkasta framlag Ólafíu til upphafs félagsráðgjafar er að finna í bók hennar *Aumastar allra* sem gefin var út á norsku (*De ulykkeligste*), fyrst í Kristianíu (Ósló) árið 1916 og síðan endurútgefin þar þrisvar sinnum, síðast 1947, en á íslensku fyrst á Akureyri árið 1923 og svo í Reykjavík 1957. Hún var líka þýdd á ensku, The Waiting Shadow, í Toronto í Kanada árið 1936. Þessa bók má í raun lesa sem kennslubók í félagsráðgjöf þótt hvorki Ólafía né verk hennar hafi upphaflega talist til greinarinnar, enda fagstéttin, hvað þá fræðigreinin, varla orðin til með heiti sem slík fyrir aldamótin 1900.

Í aldarsögu félagsráðgjafar sjáum við þróun frá hugsjónum og ósérhlífni til sérhagsmunaáherslu, frá góðgjörð eða mannúð til hlutlægrar fagmennsku sem stundum er ruglað saman við regluhlýðni.

**Hlutlæg félagsráðgjöf og þrenndin: þekking, samhygð og fagleg færni**

Hlutlæg félagsráðgjöf er ekki andstæða félagsráðgjafar. Þvert á móti einkennist hún af samfélagsþekkingu og kærleika til fólks (Arendt, 1958, 2011; Sigrún Júlíusdóttir, 2013). Hlutlæg, kenningaleg og aðferðafræðileg þekking verður ekki fagleg nema dómgreind og mannskilningur sé með í för. Hlutlæg félagsráðgjöf hefur hins vegar ekkert með regluhlýðni að gera, eins og stundum er ýjað að. Hún er öllu heldur andstæða hennar. Á okkar tímum er uppi háværumræða um það hvernig rannsóknagrunduð fagþjónusta geti verið ógnun við gildin um mannkærleika, mannskilning og samhygð – eins og þetta tvennt séu andstæður. En hér er það sama uppi á teningnum, að þvert á móti eru rannsóknartengd vinnubrögð, nálgun og aðferðir forsenda sjálfstæðis og fagmennsku. Þrenndin mannkærleikur eða samhygð, þekking og fagleg færni var samofin öllu starfi Ólafíu Jóhannsdóttur. Í ritinu *Aumastar allra* beitir Ólafía hinni upphaflegu bandarísku case work eða „dæmisögu"-aðferð félagsráðgjafar og lýsir þar m.a. með einstaklingsdæmum hvernig per-

sóna þess sem hjálpar (fagmaðurinn) þarf að halda tilfinningum sínum og skoðunum aðgreindum frá þeim sem á að hjálpa. Þar lýsir hún líka siðferðisvanda (e. dilemma) þess sem hjálpar, að langa til að gefa af sér beint en þurfa að hafa taumhald á góðmennskunni til að gera ekki illt verra:

> „... það var æðisgengið djöfullegt afl, sem nú beindi hatri sínu að mér ... ég kraup við rúmið og ávarpaði hana en hún gegndi mér engu orði. Þannig lá ég stundarkorn og smátt og smátt breyttist hrylling mín í afarsára meðaumkunartilfinningu. Aldrei hafði mér dottið í hug að munaðarsyndin gæti gert manneskjuna svo afskræmislega. Aldrei hafði ég fundið eins til með þeim, er verða henni að bráð. … Hún hrindir manneskjunum út í örvita blygðunarleysi. Útí æðisgengið ofbeldi, útí óhugsandi glæpi, út yfir eðlis-takmörk villidýranna, útí hörmungar, er engin orð ná yfir. – Ó hvað mig langaði að hjálpa henni. (Ólafía Jóhannsdóttir, 1957, bls. 12)

Þegar Ólafía segir frá starfi sínu á Ullevåll með ungu stúlkunum sem fengu „vondu veikina“ er samstaða hennar öll með stúlkunum og örlögum þeirra. Hún lýsir næminu og mörkunum, því hvernig setja þarf hinni sterku samstöðu, innlifuninni og samhygðinni mörk, hemja sig og temja, bæði skjólstæðingsins og sjálfrar sín vegna:

> Ó, hvað það snertir mann undarlega að sjá veslings örþreytta mannssál byrja að lyfta höndunum móti skínandi voninni. Það er einsog maður finni, hvernig kraftarnir sem dreifðir og magnþrota höfðu sleppt öllum tökum, fara að reyna að beina sér að ákveðnu takmarki, reyna að fálma sig gegnum vonleysisþokuna … Maður finnur til innilegrar, óttablandinnar gleði. Maður er svo hræddur um að verða til að skemma eitthvað, ýta of fast á eða halda of fast í … (Ólafía Jóhannsdóttir, 1957, bls. 18–19).

Og hún lýsir mikilvægi þess að sjá leiðir og lausn og miðla von um möguleika á bættu lífi:

> Við ræddum þetta fram og tilbaka. Mér fór að detta í hug að *hér* [leturbr. SJ] væri fótfesta, sem gæti orðið henni til bjargar. Ég sagðist skyldu reyna að útvega henni vinnu. Hún mætti gjarnan vera hjá mér, á meðan hún væri að öngla ögn saman, svo að hún og tengdamóðir hennar gætu leigt sér ofurlítið laglegt herbergi.

Þannig trúir hún á möguleika og sér von – kannski á undan stúlkunni sjálfri:

> Ég *held* að hún hafi verið farin að sjá fyrir sér litla snotra heimilið sem tengdamóðir hennar hefði eignast fyrir hennar hjálp, og allavega litu tuskurnar sem hún ætlaði að útvega henni að vefa úr. (Ólafía Jóhannsdóttir, 1957, bls. 18)

Í bókinni má sjá fjölmörg dæmi úr starfi hennar sem endurspegla einmitt þetta: ígrundunarhæfni, náttúrulegt næmi hennar fyrir mörkum og fagmennsku og hvernig þar togast stundum á annars vegar eigin hugsjón, helgun og hjálparþörf og hins vegar innsæi um eigin mörk, siðvitund og virðing fyrir hinum bágstadda.

Í blaðagreininni frá 1896 sem getið var áðan lýsir hún hvernig sýna beri sérstaka varfærni gagnvart viðkvæmni þiggjenda fyrir bágri stöðu sinni, tilfinningalega, félagslega og efnalega:

> „Þegar maðurinn er orðinn þurfamaður verður sjálfstæðistilfinning hans svo undra viðkvæm, hún verður sjúklega næm og það þarf svo lítið til að særa hana.“

Hún talar um að þá þurfi að umgangast sem *jafningja* en umfram allt að sýna kærleika og trú á *manngildi* þeirra. Þau viðhorf sem Ólafía talar fyrir hér og bera vitni skilnings á stöðu og högum þurfamanna, voru beinlínis óvenjuleg ef ekki óþekkt á 19. öld. (Margrét Guðmundsdóttir, 1995, bls. 119).

Í endurminningum Ólafíu, *Frá myrkri til ljóss*, (1957, bls. 42–43) með inngangi Bjarna Benediktssonar, kemur svo enn skýrar fram *pólitísk* vitund hennar og skilningur á ábyrgð samfélagsins. Ólafía var öflugur fyrirlesari og eftir útkomu *De ulykkeligste* ferðaðist hún víða, m.a. um Norðurlönd, og flutti þrumandi erindi sem hrifu áheyrendur (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 2006). Bjarni segir m.a. frá því hvernig hún lýsti í einu erinda sinna aðstöðumun og ólíkum lífskjörum Austurstrandar- og Vesturstrandarbúa í Ósló, þ.e. fátækra og ríka:

> Milli þeirra ríkti slíkt skilningsdjúp að næstum mætti líkja því við samband Kínverja og Evrópubúa [eins og það var á þeim tíma, SJ], en Vesturstrandafólkið hafði enga hugmynd um það hve mjög *hinir* hötuðu þá. Það sýður og ólgar, og enginn veit hvenær það brýst fram í eldi loganda.

Síðan tekur við í erindinu sundurliðuð greining á því hvernig best verði unnið í baráttunni gegn drykkjuskap og annarri glötun, bæði á einstaklings- og samfélagssviði. Það þurfi félagslegan skilning, úrlausnir, líkamlegan aðbúnað og sálfélagslega hjálp. Í framhaldi af því segir hún:

> Við megum ekki líta á starfsemi þessa sem líknarstarfsemi eina. Nei, við verðum að telja hana borgarlega skyldu okkar í garð þeirra sem að ýmsu leyti hafa hafnað þar sem þeir eru, fyrir *syndir* þjóðfélagsins. Sérhver okkar verður að leggja sig fram sem þegn til að hafa áhrif á þjóðfélagið (Ólafía Jóhannsdóttir, 1957, bls. 42).

**Það sameiginlega með frumkvöðlastarfi Ólafíu og framsækinni félagsráðgjöf á 21. öld**

Umvandanir eða ásakanir eru víðs fjarri í faglegri nálgun Ólafíu. Hún var „client oriented“ eða „other directed“, sbr. hugtak frumkvöðulsins Carls Rodgers (1965) um að vinna út frá sjónarhóli og þörfum skjólstæðingsins. Í hennar „otherness“ fólst að líta á erfiðleika hjálparþurfandi frá þeirra sjónarhóli og *taka sér stöðu* þeim við hlið. Ekki aðeins tilfinningalega heldur líka félagslega. Um leið beitti hún lausnamiðaðri styrkingu. En hún lætur ekki þar við sitja heldur gerir kröfu til samfélagsins um forvarnir, lausnir og umbætur þeim til hagsbóta. Hún gerir það ekki með rannsóknum í nútímamerkingu orðsins, en hún skrifar, lýsir og notar síðan reynslu sína til að færa rök fyrir nauðsyn úrræða – rétt eins og nú er unnið að í félagsráðgjöf (e. practice research). Hugmyndafræðilega forsendan er hér hin sama og grunnurinn sem gagnreynd stefnumótun og þjónusta (e. EBPP, Evidence Based Policy and Practice) er byggð á í dag (Guðmundsson, Jónsdóttir og Júlíusdóttir, 2010; Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Reykdal, 2004).

Dæmin sem voru rakin hér að framan um góðmennsku og fagmennsku í starfi Ólafíu Jóhannsdóttur gætu verið sömu ættar og þau sem í nútímafélagsráðgjöf eru tengd við siðfræði Davids Hume (1711–1776) og síðar Sørens Kierkegaard (1813–1855). Í þeim sama anda var Ólafía líka (faglega) meðvituð um gildi auðmýktarinnar, „að vera þar sem skjólstæðingurinn er“, skilnings á því að það er vilji hans og forsendur sem ráða för og vitundin um mikilvægi þess að halda persónulegri metnaðargirnd frá hjálparstarfinu – að enginn skuli upphefja sig á kostnað skjólstæðinga, og hér mætti bæta við, hvorki inn á við né út á við. Um þetta er kveðið á í 7. ákvæði siðareglna félagsráðgjafar (1998), að „félagsráðgjafi notfærir sér ekki tengsl við skjólstæðing sjálfum sér til persónulegs eða faglegs framdráttar“.

En um leið var Ólafía vakin og sofin í því að miðla þekkingu sinni og nota eigin reynslu úr starfi til þess að koma á félagslegum úrbótum og úrræðum. Það er í raun náskylt því sem við í dag köllum vettvangstengdar rannsóknir (e. practice research). Engan skyldi undra þótt hún hafi þekkt til hugsunar Johns Dewey (1859–1952). Hann setti fram hugmyndir um miðlun hagnýtrar reynslu til að skapa gagnlega þekkingu til handa þeim sem starfið (reynslan) er byggt á (Dewey, 2000). Því má reyndar við bæta að hann bjó í sama húsi og Jane Addams um skeið, og ekki er fjarri lagi að hugsa sér þau á fræðilegum rökstólum um mótun hugmynda sem kölluðust vel á við hugsun Ólafíu. Hjá þeim öllum kom fram sama siðfræðilega lýðræðis- og samfelluhugsun gagnvart þekkingu sem snemma varð viðtekin í félagsráðgjöf.

Ólafía hafnaði þannig stýringu á fólki í krafti valds, stöðu eða þekkingar og voru áherslur hennar þannig í beinni andstöðu við valdstýringu og upphafshugmyndir sveitarstjórnarmanna um aðstoð við fátæka og sjúka (Fox Piven og Cloward, 1971; Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, 1992). Ólafía var eins og hér hefur verið lýst, langt á undan sinni samtíð og þau viðhorf sem hún talaði fyrir enduróma faglegar áherslur, sjálfræði og lýðræðishugsun ríkjandi gilda í nútímafélagsráðgjöf (Parton,1994), sbr. hugtökin notendasamráð, þátttöku (e. client participation; user involvement) og valdeflingu. Þessi gildi eiga við jafnt í einstaklingsmálum og í stefnumótun

Í hugmynda- og kenningagrunni félagsráðgjafar í dag eru þessar hugmyndir m.a. raktar til þýska félagsfræðingsins og heimspekingsins Jürgens Habermas (1984), þ.e. um gildi jafnstöðu í félagslegum samskiptum. Þá hafa áhrif franska hugsuðarins Michel Foucault (1980) og hugtaks hans þekkingarvald verið mikil á félagsráðgjöf samtímans. Kannski ekki beint honum sjálfum að þakka heldur fræðimönnum innan félagsráðgjafar (Chambon, Irving og Epstein, 1999) sem túlkuðu rit hans og rannsóknir um stofnana- og sérfræðingavald til gagns fyrir greinina. Nú er vart rituð sú doktorsritgerð í félagsráðgjöf að hún styðjist ekki við kenningar hans (Sigrún Júlíusdóttir, 2013). Í því samhengi vil ég undirstrika hve miklu gagnrýni Foucaults á félagsráðgjöf hefur skipt í því að efla vitund um fjandvininn skrifræði og þjónkun við regluveldi sem vikið var að hér að framan. Þeim tveimur hugtökum má ekki rugla saman við hinn faglega mikilvæga *skriflega*

*þátt* starfsins. Hann snýr að faglegri skráningu, greinargerðum og vinnubrögðum sem byggjast á samræmdum þekkingargrunni aðferða, m.a. handbókarefni sem þróaðar hafa verið út frá rannsóknum og er ætlað að renna styrkari stoðum undir sambærilegar, samhæfðar og samanburðarhæfar aðferðir í félagsráðgjöf velferðarþjónustu. Hér er ekki rými til að fara nánar út í þau vinnutæki.

## Að þekkja söguna – tæki til að efla heilsteypta fagímynd

Með því að þekkja rætur fags eins og félagsráðgjafar skapast skilningur á hjálparhvatanum, úr hverju við höfum mótast, þ.e. fagímyndinni, forsendum og áhrifum fagsins, fyrr og til framtíðar. Með þekkingu á sögunni má líka umbreyta merkingu frumkvöðlastarfsins (Bruner, 1990). Í því felst að skilja að það var barn síns tíma, en í mörgu á undan sinni samtíð og umfram allt samfélagsframlag byggt á sömu gildum og við höldum í heiðri nú á tímum.

Í þessu felst að í stað þess að fyrirverða sig fyrir eigin sögu og rætur, þagga hana niður, er mikilvægt að gangast við upphafinu og gæða það nýjum skilningi. Þannig getur söguskoðun líka verið öflugt tæki til að losa okkur úr tvenndarhugsun eða þeirri togstreitu sem tvískipting (e. dichotomy) skapar, að áherslur séu annaðhvort eða. Hún hjálpar okkur þess í stað til að sjá, líkt og fræðiþekking og rannsóknir, hvernig kjarninn er sá sami þótt birtingarformið sé háð samhengi sínu og sögulegum aðstæðum á hverjum tíma. Í bók siðfræðingsins Lindeman-Nelson (2002) er fjallað um viðhorf til eigin hóps og hvernig megi nota samræðuna til að endurbyggja og styrkja eigin sjálfsímynd – í eigin augum og annarra – með frásögnum, *sagan sem er sögð*, og vísun til upphafsins (Sigrún Júlíusdóttir, 2004).

Í fagþróun koma líka til sögunnar áhrif sérfræðiþekkingar og rannsókna í þá átt að skapa bæði og nota eigin þekkingu – til viðbótar annarri. Það er hvorki upphafning né afneitun á upprunanum. Það er leið til að rökstyðja það nýja í ljósi upphafsins eða með því að vísa til þess.

## Lokaorð

Að endingu er vert að draga saman það sem Ólafía sameinaði í starfi sínu og má ennþá hafa að leiðarljósi í faglegu starfi, það er mannkærleikur eða góðgjörð, fagmennska, þekkingarsköpun og framsýni. Það eru sérstaklega þrjár áherslur í starfi hennar sem eru allar í fullu gildi enn þann dag í dag. Það er (i) að sýna skjólstæðingum næmi og faglega samhygð jafnframt hinum fagsiðfræðilegu mörkum, (ii) andstaða við regluhlýðni og býrókratíska nálgun, (iii) og að sjá reynsluþekkingu og samfélagsskilning sem grunn að frekari þekkingu, það er, rannsóknum til að þróa úrræði skjólstæðingum til handa og efla um leið verkfærabúnað fagsins. Það er einmitt þetta sem við vinnum að í dag – að efla rannsóknir og renna þannig styrkum stoðum þekkingar og færni undir þá þjónustu sem veitt er.

## Heimildir

Arendt, H. (1958). *The human condition.* Chicago: University of Chicago Press.

Arendt, H. (2011). *Af* ást *til heimsins.* Reykjavík: Háskólaútgáfan/Heimspekistofnun.

Bruner, J. (1990). *Acts of meaning.* Cambridge, MA: Harvard University Press.

Cedersund, E. (2013). Categories of otherness: On the use of discursive positioning and stories in social work research. *Nordic Social Work Research, 3*(2), 130–139.

Chambon, A. (2013). Recognizing the other, understanding the other: A brief history of social work and otherness. *Nordic Social Work Research, 3*(2), 120–130.

Chambon, A., Irving A. og Epstein, L. (1999). *Reading Foucault for social work.* New York: Columbia University Press.

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun* (þýð. Gunnar Ragnarsson). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1910).

Dominelli, L. (2010). *Social work in a globalizing world.* Camebridge: Polity.

Foucault, M. (1980). *Power/knowledge.* Brighton: The Harvester Press.

Fox Piven, F. og Cloward, R. (1971). *Regulating the poor.* New York: Vintage.

Guðmundsson, H.S., Jónsdóttir, S. og Júlíusdóttir, S. (2010). Evidence based policy and practice in social services in Iceland. *Evidence & Policy, 6*(2), 195–211. (http://www.ingentaconnect.com/content/tpp/ep/2010/00000006/00000002/art00005).

Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason (ritstj.). (1992). *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* (bls. 75–109, Ómagabálkur). Reykjavík: Mál og menning.

Habermas, J. (1984). *The theory of communicative action.* Boston: Beacon.

Lindeman-Nelson, H.L. (2001). *Damaged identities, narrative repair.* London: Cornell University Press.

Margrét Guðmundsdóttir. (1995). *Aldarspor.* Reykjavík: Skákprent.

Ólafía Jóhannsdóttir. (1957). *Frá myrkri til ljóss.* Reykjavík: Hlaðbúð.

Parton, N. (1994). The nature of social work under conditions of (post)modernity. *Social Work & Social Sciences Review, 5*(2), 93–112.

Reynolds, B. (1942). *The learning and teaching in the practice of social work.* New York: Farar & Reinhart.

Richmond, M. (1899). *Friendly visiting among the poor: A handbook for charity workers.* New York: Macmillan.
Richmond, M. (1917). *Social diagnosis.* New York: Russel Sage Foundation.
Richmond, M. (1922). *What is a social case work? An introductory description.* New York: Russel Sage Foundation.
Roberts, R.W. og Nee, R.H. (1970). *Theories of social casework.* London: University of Chicago Press.
Rodgers, C. (1965). *Client centered therapy.* Boston: Houghton Mifflin.
*Siðareglur félagsráðgjafa.* (1998). Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (2006). Ólafía*: Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur.* Reykjavík: JPV-útgáfa.
Sigrún Júlíusdóttir. (1989). *Félagsráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Sigrún Júlíusdóttir. (2004). *Fagímynd og fræði – sögur og sjálfsmat.* Afmælisráðstefna SÍF Hótel Rangá, Hellu, 23.–24. september 2004. Óbirt erindi.
Sigrún Júlíusdóttir. (2013). Vitund og valdefling almennings: Um áhrif og ábyrgðarstöðu sérfræðinga og fagfólks. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Welpton (ritstj.), *Chomsky: Mál, sál og samfélag* (bls. 307–325). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Reykdal. (2004). Gæðamat í félagsvísindum – sjónarhorn félagsráðgjafar. *Sálfræðiritið.*
Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað: Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Soydan, H. (1999). *The history of ideas in social work.* Birmingham, AL: Venture.

# Nýir sérfræðingar í félagsráðgjöf


**Helga Sól Ólafsdóttir**

Helga Sól Ólafsdóttir hefur fengið réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði frá og með 8. apríl 2014. Helga Sól útskrifaðist sem félagsráðgjafi frá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands árið 1998. Hún lauk meistaranámi í félagsráðgjöf frá Inst för Socialt arbete, Gautaborgarháskóla 2002. Árið 2012 varði Helga Sól doktorsritgerð sína í lýðheilsuvísindum við Nordic School of Public Health-NHV. Hún hefur starfað sem félagsráðgjafi á heilbrigðissviði, bæði hérlendis og erlendis, frá því að hún hóf störf sem félagsráðgjafi. Helga Sól hefur einnig verið virk í rannsóknum og hefur hún aðallega rannsakað frjósemi og barneignir. Helga Sól starfar nú á kvennadeild Landspítalans og er í hálfri tímabundinni rannsóknarstöðu við Syd dansk Universitet. Einnig er Helga Sól lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands ásamt því að sinna pörum sem eru í tæknifrjóvgunarmeðferð hjá ART Medica.


**Ólöf Unnur Sigurðardóttir**

Þann 11. nóvember 2013 fékk Ólöf Unnur Sigurðardóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði.

Ólöf Unnur lauk félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 1987 og meistaragráðu MSW í fjölskyldufélagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 2006. Hún hefur einnig lokið tveggja ára nám í klínískri dáleiðslu hjá Jakobi V. Jónassyni geðlækni árið 1995 og faghandleiðslu og handleiðslutækni frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands árið 2000.

Ólöf Unnur starfar á göngudeild geðdeildar Landspítala við Hringbraut. Hún veitir viðtöl við einstaklinga, pör og fjölskyldur þar sem slökun og dáleiðsla getur verið notuð í meðferð. Unnið er út frá kerfis- og tengslakenningum og út frá aðferðum og hugmyndum Milton H. Erickson, ásamt fleiri aðferðum sem hafa þróast út frá fyrrnefndum kenningum.

Ólöf Unnur veitir enn fremur handleiðslu þar sem unnið er út frá kerfis- og tengslakenningum og út frá aðferðum og hugmyndum félagslegrar hugsmíðahyggju. En hún gerir ráð fyrir að þekking og sú merking sem við leggjum í hluti og fyrirbæri, verði til í félagslegu ferli.

# Börn sem búa við heimilisofbeldi

## Tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu

*Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann*



**Ragna Björg Guðbrandsdóttir,** ***félagsráðgjafi MSW, sérfræðingur í áfallavinnu***



**Steinunn Bergmann,** ***félagsráðgjafi MPA, sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu***

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992 hefur verið lögfestur hér á landi, sbr. lög um samninginn nr. 19/2013. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu, og er viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi. Flest ríki heims hafa skuldbundið sig til að vernda börn, en í viðtölum við börn og í niðurstöðum rannsókna kemur fram að þessar skuldbindingar hafa síður en svo verið uppfylltar (*The United Nations,* 2006). Það að búa á heimili þar sem ofbeldi gagnvart foreldri viðgengst er ofbeldi í sjálfu sér (Shipway, 2005) og þar upplifa börn ýmsan vanda svo sem námsörðugleika, kvíða, athyglisbrest og hegðunarvandkvæði (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2006) auk þess sem þau upplifa oft tilfinningar eins og hræðslu, valdaleysi og ógnun. Þau eru þó langt frá því að vera óvirkir áhorfendur því að þau þróa með sér aðferðir til að ráða við aðstæður, t.d. með því að fara í hlutverk bjargvættar, hringja eftir hjálp, vitna fyrir dómi og ganga jafnvel á milli þegar ofbeldi á sér stað (Mullender o.fl., 2002). Umræða um heimilisofbeldi hefur farið vaxandi á undanförnum árum og m.a. vakið athygli yfirvalda sem hafa brugðist við með ýmsu móti. Aðgerðir hér á landi varðandi heimilisofbeldi hafa lengst af beinst að fullorðnum en á síðustu árum hefur sjónum einnig verið beint að börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi. Markmið þessarar greinar er að kynna tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu um þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi.

### Aðgerðir varðandi heimilisofbeldi

Samtök um Kvennaathvarf voru stofnuð árið 1982 með það að markmiði að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra, veita ráðgjöf og upplýsingar auk þess að efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi (Reykjavíkurborg, e.d.). Árið 2012 var helmingur dvalarkvenna í Kvennaathvarfinu með börn (Samtök um kvennaathvarf, 2013). Könnun sem gerð var í Kvennaathvarfinu árið 2011 sýnir hins vegar að þjónustan miðast við þarfir kvenna sem þangað leita fremur en barna (Anni G. Haugen og Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, 2013).

Frá árinu 1998 hefur körlum sem vilja losna úr viðjum ofbeldisbeitingar boðist aðstoð í formi meðferðar og hópvinnu á vegum velferðarráðuneytisins. Á árunum 1998–2002 komu rúmlega 70 karlar í viðtöl og 2006–2011 voru þeir 142 (*Karlar til ábyrgðar*, e.d.).

Rannsóknir hér á landi varðandi heimilisofbeldi hafa fyrst og fremst snúið að ofbeldi gagnvart konum (Anni G. Haugen, 2009; Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997; Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010; Guðrún Helga Sederholm, 2009, 2010; Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1982; Ingólfur V. Gíslason, 2008, 2010). Þessar rannsóknir snerta þó einnig börn en rúm 22% kvenna sem svöruðu símakönnun sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Um 17% þessara tilvika koma til lögreglu og í 75% tilvika bjuggu börn á heimilinu við síðasta ofbeldisatvik (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Börn vita oft meira um ofbeldi á heimili en foreldrar gera sér grein fyrir. Þeim er einnig hætt við meiðslum, hvort sem ofbeldinu er beint að þeim eða þau verða fyrir því af tilviljun, t.d. þegar þau reyna að koma í veg fyrir ofbeldið. Íslensk börn virðast þekkja hugtakið heimilisofbeldi nokkuð vel (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2008) og raunar betur en jafnaldrar

þeirra í breskri könnun (Mullender o.fl., 2002). Með útgáfu bókarinnar *Illi kall* leitaðist Barnaverndarstofa við að opna umræðu um heimilisofbeldi gagnvart börnum og hjálpa fullorðnum í nærumhverfi barna til að ræða viðfangsefni hennar við börn (Dahle og Nyhus, 2010/2003; Barnaverndarstofa, 2010).

**Stuðningur við börn sem búa við heimilisofbeldi**
Hér á landi sjá barnaverndarnefndir sveitarfélaga um að taka á móti tilkynningum um misfellur í aðbúnaði barna, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, kanna mál og beita úrræðum eftir því sem við á. Með tilkomu Barnahúss árið 1998 hefur börnum sem sæta kynferðislegu ofbeldi verið tryggð þjónusta, en minna hefur verið um úrræði fyrir börn sem upplifa andlegt og líkamlegt ofbeldi. Til að bæta úr því bauð Barnaverndarstofa upp á hópmeðferð á tímabilinu 2010–2012 fyrir börn sem upplifðu heimilisofbeldi eða líkamlegt ofbeldi (Barnaverndarstofa, 2012a).

Svo virðist sem barnaverndaryfirvöld og aðrir hafi til þessa ekki gefið börnum sem búa við heimilisofbeldi nægilegan gaum þó að rannsóknir sýni fram á langtímaafleiðingar. Niðurstöður breskrar rannsóknar sýna t.d. að í 40% tilvika höfðu barnaverndaryfirvöld ekki haft afskipti af umræddum fjölskyldum og í 26% tilvika voru afskipti takmörkuð. Þá virtist íhlutun vera tilviljunarkennd og skortur á samfellu í vinnslu mála (Stanley, Miller, Foster og Thomson, 2010). Barnaverndarstofa hefur skoðað verklag lögreglu og barnaverndarnefnda hér á landi og virðist það með svipuðum hætti og í Bretlandi, þ.e. tilkynningar berast barnaverndarnefndum en lítið er um aðgerðir. Þetta staðfestir skýrsla um heimilisofbeldi sem unnin var á vegum lögreglunnar. Þar kemur fram að formleg íhlutun lögreglu felst oftast í því að aðstoða þolanda á slysadeild (13%), í Kvennaathvarf (3%) eða að barnaverndarnefnd er kölluð á vettvang (1%) (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010). Í könnun Freydísar J. Freysteinsdóttur (2006) á tilkynningum um heimilisofbeldi var einungis veitt þjónusta í þriðjungi mála og í einungis þremur tilvikum beindist slíkur stuðningur beint að barninu. Þrátt fyrir það virðist fagfólk sammála um að heimilisofbeldi hafi áhrif á börn hvort sem þau verði fyrir beinu ofbeldi eða ekki (Barnaheill, 2011).

Í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga leitaði Barnaverndarstofa árið 2011 eftir samstarfi við lögreglu og barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu um tilraunaverkefni til eins árs. Markmið stofunnar með slíku tilraunaverkefni var fyrst og fremst að leggja mat á líðan, hugsanir og óskir barnanna með það fyrir augum að veita þeim áfallahjálp og annan viðeigandi stuðning. Verkefnið fólst í því að ráða sérfræðing til að fara inn á heimili í þeim tilvikum þegar lögregla var kölluð til vegna heimilisofbeldis og börn voru á staðnum. Þær barnaverndarnefndir sem voru aðilar að verkefninu voru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Seltjarnarnes og Mosfellsbær og veittu þær sérfræðingi sem ráðinn var á vegum Barnaverndarstofu umboð til að sinna verkefninu.

**Reynslan af nýjum aðferðum**
Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi hófst 15. september 2011 og stóð til 31. maí 2013. Framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) kallaði út sérfræðing verkefnisins í þeim tilvikum þegar lögregla fór í útkall vegna heimilisofbeldis og börn voru á staðnum. Á virkum dögum var það eftir kl. 16 og til kl. 8 næsta morgun, en allan sólarhringinn um helgar. Starfssvið sérfræðingsins var að ræða við börnin og kanna líðan þeirra, upplifun og viðhorf til þeirrar atburðarásar sem leiddi til lögregluafskipta. Í þeim tilvikum þar sem barn var of ungt til að tjá sig var einungis rætt við foreldra og þeim boðin ráðgjöf og stuðningur. Sérfræðingur lagði mat á þörf barnanna fyrir áfallahjálp og veitti þeim meðferðarviðtöl eins fljótt og við varð komið. Meðferðarviðtölin fóru fram í húsnæði samtakanna Drekaslóð, í Kvennaathvarfinu þegar börn dvöldu þar með mæðrum sínum eða annars staðar eftir samkomulagi við foreldra og barn. Sérfræðingur gerði áætlun um meðferðarþörf barnanna og kynnti hana viðkomandi barnaverndarnefnd og forsjáraðilum. Starfsfólk barnaverndarnefnda, sem tóku þátt í verkefninu, gat einnig vísað börnum í greiningu og meðferð hjá sérfræðingi þó að hann kæmi ekki á heimilið í kjölfar lögregluafskipta.

Verkefnið fór hægt af stað og bárust sérfræðingi verkefnisins fyrstu tilkynningar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) í október 2011. Samstarfið við LRH gekk vel og fékk sérfræðingur beiðni um útkall frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra. Sérfræðingur kallaði síðan til starfsfólk sem var á bakvakt hjá viðkomandi barnaverndarnefnd sem kom á staðinn í flestum tilvikum. Á tímabilinu var skipulögð bakvakt hjá Barnavernd Reykjavíkur og barnaverndarnefnd Kópavogs utan skrifstofutíma. Hið sama átti við um barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar en þar var ekki um bakvakt að ræða eftir miðnætti og til kl. 8 að morgni. Ekki var starfandi skipulögð bakvakt hjá barnaverndarnefndum í Mosfellsbæ, Garðabæ, á Álftanesi og

Seltjarnarnesi en Neyðarlínan 112 var með símanúmer félagsmálastjóra, formanns barnaverndarnefndar auk annarra nefndarmanna og/eða starfsfólks eftir atvikum. Með því fyrirkomulagi, að auk lögreglu og sérfræðings kom einnig starfsfólk á bakvakt á heimili barna, náðist eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins, þ.e. að beina sjónum að barninu. Því á meðan starfsfólk bakvaktar barnaverndarnefndar ræddi við foreldra gat sérfræðingur einbeitt sér að börnunum.

Við þessar aðstæður skapaðist einstakt tækifæri til að ná tengslum við börn og foreldra til að bjóða upp á aðstoð áður en vítahringur ofbeldis tæki við. Mynd 1 sýnir hring ofbeldis sem lýsir þeirri spennu sem er á heimilum þar sem ofbeldi viðgengst.




**Mynd 1. Hringur ofbeldis (Heimild: Walker, 1979).**

Vítahringur ofbeldis felst í því að ef ofbeldi á sér stað á heimilinu kemur oft í kjölfarið tímabil þar sem mikil geðshræring og eftirsjá ríkir og allir reyna að bæta fyrir það slæma sem hefur gerst. Misjafnt getur verið hvað þetta tímabil stendur lengi áður en spenna fer aftur að byggjast upp á heimilinu. Þessi spenna getur komið fram í andlegu ofbeldi í formi mikils eftirlits, óeðlilegrar afbrýðisemi og niðurlægjandi orðaskipta. Þetta endar oftast með hótunum og að ofbeldið endurtekur sig (Walker, 1979). Þannig skiptir tímasetning þessa inngrips miklu máli fyrir fjölskyldur þar sem ofbeldi hefur átt sér stað og eykur líkurnar á því að foreldrar samþykki aðstoð fyrir sig og börn sín.

Reynt var að hafa fyrsta meðferðarviðtal fljótlega eftir útkall og komu börnin síðan í regluleg viðtöl í kjölfarið. Í málum barna þar sem sérfræðingur mat ekki þörf á meðferð var það sökum eðli máls, aðstæðna og viðbragða við atvikinu. Í meðferð barnanna sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi var lögð áhersla á að meta áhrif áfallsins út frá viðmiðum áfallastreitu (PTSD). Kannað var hvort börnin hefðu óttast um eigið líf eða líf sinna nánustu, hvort um endurtekin tilvik var að ræða og hvernig brugðist hafði verið við þeim. Notast var við klíníska matslista til að meta PTSD, kvíða og þunglyndi eftir atvikum. Fylgt var aðferðum áfallamiðaðrar hugrænar atferlismeðferðar þar sem unnið var með þær hugsanir og tilfinningar sem tengjast ofbeldinu. Einnig var fræðsla um eðli ofbeldis, ábyrgð og úrlausnir.

Það sem getur haft áhrif á viðbrögð barna og afleiðingar þess að verða vitni að ofbeldi er tíðni ofbeldisins, þ.e.a.s. hvort um endurtekin atvik er að ræða, og síðan alvarleiki ofbeldisins á heimilinu. Það getur verið erfiðara fyrir barn að horfa upp á foreldra eða aðra sér nákomna verða fyrir ofbeldi fremur en einhverja ótengda því. Ung börn geta skynjað ofbeldi og koma einkenni þá oft fram í óværð, svefntruflunum og öryggisleysi. Ofbeldi er einnig talið geta haft áhrif á fóstur þar sem streituhormón geta haft áhrif á þroska og truflað eðlilegan vöxt barna í móðurkviði (Neggers, Goldenberg, Cliver og Hauth, 2004).

### Tölulegar upplýsingar

Tafla 1 sýnir fjölda barna sem fengu þjónustu en flest börn fengu þjónustu á árinu 2012 enda var þjónustan einungis í boði hluta af árunum 2011 og 2013.

**Tafla 1. Fjöldi barna sem fengu þjónustu 2011-2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Heildarfjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Vegna útkalla | 38 | 115 | 63 | 216 | 73,0 |
| Vegna tilvísana | 14 | 40 | 26 | 80 | 27,0 |
| Samtals börn | 52 | 155 | 89 | 296 | 100,0 |

Heildarfjöldi barna á tímabilinu var 296 og var stærstur hluti þeirra (216) tilkominn vegna aðkomu sérfræðings að málum þeirra í tengslum við útköll lögreglu á heimilið. Lögreglan kynnti verklagið fyrir foreldrum og lét þá vita að sérfræðingur kæmi og ræddi við börnin og að málið yrði tilkynnt til viðkomandi barnaverndarnefndar. Að mati sérfræðings skiptu þessi vinnubrögð miklu máli og voru foreldrar og börn tilbúin að ræða við sérfræðing þegar hann kom á staðinn. Auk þeirra 216 barna sem sérfræðingur kom að vegna útkalla var málum 80 barna vísað til sérfræðings af starfsfólki barnaverndarnefnda en þetta voru mál sem ýmist komu til barnaverndar vegna tilkynninga frá slysadeild Landspítala (LSH), lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) eða að fólk hafði sjálft leitað til nefndanna eftir að hafa upplifað ofbeldi.

Lögregla hafði samband við sérfræðing í alls 146 skipti. Útköll á tímabilinu voru 113 þar sem sérfræðingur kom á staðinn, auk þess sem ráðgjöf var veitt í 33 skipti í gegnum síma sbr. töflu 2.

**Tafla 2. Heildarfjöldi beiðna frá lögreglu 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Heildarfjöldi |
|---|---|---|---|---|
| Útköll | 21 | 59 | 24 | 113 |
| Símtöl án útkalls | 2 | 14 | 17 | 33 |
| Samtals | 23 | 82 | 41 | 146 |

Ekki var mikið um endurtekin útköll á sama heimilið þó að það hafi komið fyrir í nokkur skipti. Eins og fram kemur í töflu 1 hér að framan var fjöldi barna sem stendur á bak við þessi útköll 216 og var 71 barni (32,9%) veitt meðferð í kjölfarið. Foreldar 49 barna (61,2%) af þeim 80 börnum sem starfsfólk barnaverndarnefnda vísaði í meðferð án aðkomu lögreglu nýttu sér tilboð um meðferð fyrir börn sín. Foreldrar gáfu oft þá skýringu að þeir teldu ekki lengur þörf á þjónustu þegar þeim var boðið að koma með börnin í meðferð. Þetta er athyglisvert í samanburði við foreldra sem var boðin meðferð fyrir börn sín í útkalli en þar neitaði enginn þjónustu fyrir barn sitt nema barnið væri í öðru meðferðarúrræði.

Ekki var kynjamunur varðandi fjölda barna sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi.

Tafla 3 sýnir aldursskiptingu þeirra barna sem sérfræðingur sinnti. Ef börn voru undir fjögurra ára aldri var foreldrum boðið upp á viðtöl og fræðslu um áhrif ofbeldis á börn.

**Tafla 3. Aldur barna 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Heildarfjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|
| 0–5 ára | 16 | 61 | 35 | 112 | 37,8 |
| 6–10 ára | 15 | 47 | 20 | 82 | 27,7 |
| 11–14 ára | 13 | 25 | 17 | 55 | 18,6 |
| 15–17 ára | 8 | 22 | 17 | 47 | 15,9 |
| Samtals | 52 | 155 | 89 | 296 | 100,0 |

Hlutfallslega ungur aldur barnanna undirstrikar mikilvægi þess að brugðist sé skjótt og örugglega við þegar ofbeldi kemur upp á milli foreldra. Þá virðast börn af erlendum uppruna vera í sérstakri áhættu hvað varðar heimilisofbeldi; 204 íslensk börn (68,9%) þurftu þjónustu sérfræðings en 92 börn sem voru af erlendum uppruna (31,1%). Samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur þessi hópur við sögu í um 13% mála hjá barnaverndarnefndum á landinu öllu á árunum 2010 og 2011 (Barnaverndarstofa, 2012a).

Í töflu 4 má sjá fjölda barna sem fengu þjónustu skipt eftir barnaverndarnefndum.

Tilraunaverkefnið varð til þess að aukið samstarf komst á milli lögreglu og starfsfólks barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu varðandi þjónustu við

**Tafla 4. Fjöldi barna eftir barnaverndarnefndum 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Heildarfjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Barnavernd Reykjavíkur | 28 | 87 | 52 | 167 | 56,4 |
| Barnavernd Kópavogs | 12 | 30 | 15 | 57 | 19,3 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 5 | 23 | 16 | 44 | 14,9 |
| Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar | 3 | 4 | 2 | 9 | 3,0 |
| Fjölskylduráð Garðabær/Álftanes | 1 | 10 | 1 | 12 | 4,1 |
| Félagsmálaráð Seltjarnarness | 1 | 1 | 1 | 3 | 1,0 |
| Félagsmálaráð Grindavíkur | 1 | 0 | 0 | 1 | 0,3 |
| Barnavernd Fljótsdalshéraðs | 1 | 0 | 0 | 1 | 0,3 |
| Barnavernd Árborgar | 0 | 0 | 2 | 2 | 0,7 |
| Samtals | 52 | 155 | 89 | 296 | 100,0 |

börn sem urðu vitni að heimilisofbeldi. Þann 6. janúar 2014 hófst samstarf þessara nefnda um bakvaktir þar sem Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær sameinast um bakvakt (norðursvæði) og Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur (suðursvæði) (Hafnarfjarðarbær, 2014). Þess ber að geta að barnaverndarnefndir Garðabæjar og Álftaness sameinuðust 1. janúar 2013 með sameiningu sveitarfélaganna.

Eins og fram kemur í töflu 5 voru flest útköll seint að kvöldi eða að næturlagi, eða í 73,3% tilvika. Því er mikilvægt að barnaverndarnefndir tryggi starfsfólk á bakvakt allan sólarhringinn utan opnunartíma skrifstofu.

**Tafla 5. Tímasetningar beiðna frá lögreglu 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|
| 08:00 –19:00 | 5 | 24 | 10 | 39 | 26,7 |
| 19:00–24:00 | 9 | 34 | 15 | 58 | 39,7 |
| 24:00–08:00 | 9 | 24 | 16 | 49 | 33,6 |
| Samtals | 23 | 82 | 41 | 146 | 100,0 |
| Samtals | 52 | 155 | 89 | 296 | 100,0 |

Tafla 6 sýnir hver það var sem beitti ofbeldi á heimili en í meirihluta tilvika var um að ræða eiginmenn eða sambýlismenn sem beittu konur sínar ofbeldi.

Þar sem *barn beitir foreldri ofbeldi* er oftast um að ræða einstaklinga eldri en 18 ára. Í flokknum aðrir var um að ræða ofbeldi á milli systkina eða aðila ótengda börnunum en ofbeldið átti sér stað á heimili barnanna. Það getur engu að síður haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn að verða vitni að ofbeldi milli annarra en foreldra. Algengt var að andlegt ofbeldi væri samhliða líkamlegu ofbeldi og oft var mikil eyðilegging á innanstokksmunum á heimilinu.

**Tafla 6. Hver beitti ofbeldi 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Eiginmaður/sambýlismaður beitir móður ofbeldi | 11 | 46 | 17 | 74 | 50,7 |
| Fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður eða ótengdur aðili beitir móður ofbeldi | 5 | 19 | 7 | 31 | 21,2 |
| Foreldri beitir barn ofbeldi | 1 | 4 | 3 | 8 | 5,5 |
| Barn beitir foreldri ofbeldi (oftast 18 ára eða eldri) | 3 | 5 | 7 | 15 | 10,3 |
| Eiginkona/sambýliskona beitir föður ofbeldi | 0 | 1 | 0 | 1 | 0,7 |
| Aðrir | 3 | 7 | 7 | 17 | 11,6 |
| Samtals | 23 | 82 | 41 | 146 | 100,0 |

Í yfir helmingi mála (56%) var gerandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna samkvæmt mati lögreglu sbr. töflu 7. Þannig tengdist ofbeldið oft áfengis- og vímuefnamisnotkun sem gerir málin flókin og aðstæður erfiðar. Þriðjungur (31%) tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur það tímabil sem nýleg rannsókn náði til voru vegna neysluvanda foreldra (Hildigunnur Ólafsdóttir og Kristný Steingrímsdóttir, 2013). Þó ekki sé hægt að alhæfa um niðurstöðurnar þá bendir þetta til þess að börn sem verða vitni að heimilisofbeldi séu líklegri til að eiga foreldra með neysluvanda en önnur börn sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af.

**Tafla 7. Ástand þess aðila sem beitti ofbeldi 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Undir áhrifum áfengis/vímuefna | 15 | 41 | 26 | 82 | 56,2 |
| Ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna | 8 | 27 | 10 | 45 | 30,8 |
| Ekki vitað | 0 | 14 | 5 | 19 | 13,0 |
| Samtals | 23 | 82 | 41 | 146 | 100,0 |

Í töflu 8 má sjá hvaða aðgerðum var beitt til að tryggja öryggi á heimili.

Það er mat sérfræðings að lögregla hafi brugðist fljótt og örugglega við í þessum málum. Stundum var lögregla búin að fjarlægja geranda þegar sérfræðingur kom á staðinn og í nokkrum tilvikum hafði gerandi farið sjálfur af heimilinu en lögregla var þó áfram til staðar ef á þurfti að halda. Oft var hægt að miðla málum og ná fram viðunandi ró þar sem hagsmunir barnanna voru hafðir að leiðarljósi. Í nokkrum málum tókst lögreglu að sannfæra geranda um að fara í áfengismeðferð eftir dvöl sína í fangaklefa.

**Tafla 8. Aðgerðir í útköllum 2011–2013**

| | 2011 | 2012 | 2013 | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Gerandi fjarlægður af lögreglu | 9 | 26 | 18 | 53 | 36,3 |
| Gerandi fer sjálfviljugur | 4 | 10 | 8 | 22 | 15,1 |
| Lögregla og barnaverndarnefnd sætta aðila | 9 | 41 | 12 | 62 | 42,5 |
| Þolandi fer af heimilinu | 1 | 5 | 3 | 9 | 6,2 |
| Samtals | 23 | 82 | 41 | 146 | 100,0 |

Í helmingi tilvika voru það þolendur sjálfir sem báðu um aðstoð, en nágrannar og börn koma þar næst á eftir. Í flestum tilvikum þar sem börn hringdu í 112 var það oftast vegna þess að þau voru að reyna að koma móður til hjálpar. Þetta getur verið erfið staða fyrir börn sem óttast um líf foreldra sinna í þessum aðstæðum og hvað síðan kunni að gerast.

## Umræður

„Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“ var tilraunaverkefni Barnaverndarstofu til að innleiða nýja nálgun og vinnubrögð í málefnum barna sem hafa orðið vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Að mati greinarhöfunda náðist markmið verkefnisins um mikilvægi þess að ræða við börnin og gefa þeim tækifæri til að tjá sig eftir að ofbeldi hafði komið upp á heimilum þeirra. Að auki náðist að tryggja börnum viðeigandi meðferð þar sem unnið var með afleiðingar þess að búa við heimilisofbeldi. Börn sem verða vitni að heimilisofbeldi virðast líklegri til að eiga foreldra sem glíma við neysluvanda en önnur börn sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af. Því er mikilvægt að barnaverndarnefndir eigi aðkomu að málum þessara barna og tryggi stuðning eftir þörfum. Börnin kunnu að meta þá athygli sem þau fengu og voru fús til að ræða við sérfræðing þegar hann kom á heimilið. Foreldrum sem var boðið upp á meðferðarviðtöl fyrir börn sín við þær aðstæður þáðu það, en síður foreldrar barna sem vísað var í greiningu og meðferð. Lögð var áhersla á það við lögreglu að alltaf skyldi kalla til sérfræðing ef barn væri á heimili þar sem heimilisofbeldi átti sér stað. Ef um ungbarn var að ræða eða barnið sofandi þá var talað við forsjáraðila og aðstæður skoðaðar. Það er mat greinarhöfunda að þótt það sé erfiður og viðkvæmur tími í lífi fólks þegar aðstæður á heimili eru með þeim hætti að kalla þarf eftir aðstoð lögreglu vegna ofbeldis á heimili, þá er hér einstakt tækifæri til að ná til foreldra, benda þeim á neikvæðar afleiðingar ofbeldis fyrir börn og bjóða viðeigandi aðstoð. Það skiptir einnig miklu máli að ekki líði langur tími frá því að komið er á heimili barna vegna heimilisofbeldis og þar til barnið geti hafið meðferð. Því er mikilvægt

að lögregla, félagsráðgjafar og annað starfsfólk barnaverndarnefnda efli samstarf sín á milli og bregðist við þegar börn verða vitni að heimilisofbeldi.

## Heimildir

Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Anni G. Haugen og Bergdís Ýr Guðmundsdóttir. (2013). Dvöl barna í Kvennaathvarfinu. *Tímarit félagsráðgjafa, 7*(1),13–18.

Barnaheill. (2011). *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi: Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum*. Reykjavík: Barnaheill.

*Barnaverndarlög* nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2006). *Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda.* Sótt 3. desember 2013 á http://www.bvs.is/media/skjol/file755.pdf

Barnaverndarstofa. (2010). *Tölum saman – ný barnabók sem hvetur til umræðu um heimilisofbeldi.* Sótt 17. febrúar 2014 á http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/2010/06/07

Barnaverndarstofa. (2012a). *Ársskýrsla 2008–2011.* Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa. (2012b). *Verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda vegna gruns um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni, barn stofni eigin lífi í hættu eða lífi eða heilsu ófædds barns sé stefnt i hættu.* Sótt 3. desember 2013 á http://www.bvs.is/media/verklagsreglur/Verklagsreglur-um-tilkynningarskyldu-28.2.2013.pdf

Dahle, G. og Nyhus, S. (2010/2003). *Illi kall.* (Þýð. Sigrún Árnadóttir). Reykjavík: Forlagið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum.* Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Freydís J. Freysteinsdóttir. (2006). Barnaverndartilkynningar er varða ofbeldi milli foreldra. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 189–200). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Heimilisofbeldi: Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006–2007.* Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn og Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Sótt 3. desember 2013 á http://logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi%202006%20og%202007.pdf

Guðrún Helga Sederholm. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð skólastjóra 10 grunnskóla.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Guðrún Helga Sederholm. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Þjónusta 11 félagasamtaka.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2008). *Það er ljótt að meiða: Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum. Helstu niðurstöður könnunar.* Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Hafnarfjarðarbær. (2014). *Barnavernd: Sameiginleg bakvakt hjá sveitarfélögum innan SSH.* Sótt 18. febrúar 2014 á http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/frettir/nr/3451

Hildigunnur Ólafsdóttir og Kristný Steingrímsdóttir. (2013). *Börnum rétt hjálparhönd. Rannsókn á aðgerðum barnaverndar vegna barna sem bíða tjón af áfengis- eða vímuefnaneyslu foreldra.* Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd 17*, 7–31.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir – Afleiðingar – Úrræði.* Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ingólfur V. Gíslason. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

*Karlar til ábyrgðar: Lýsing á verkefninu.* (e.d.). Sótt 3. desember 2013 á http://www.karlartilabyrgdar.is/kti/umverkefnid.aspx

*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013.

Mullender, A., Hague, G., Imam, U., Kelly, L., Malos, E. og Regan, L. (2002). *Children's perspectives on domestic violence.* London: Sage.

Neggers, Y., Goldenberg, R., Cliver, S. og Hauth, J. (2004), Effects of domestic violence on preterm birth and low birth weight. *Acta Obstetricia et Gynecologica Scandinavica, 83*, 455–460. doi: 10.1111/j.0001-6349.2004.00458.x

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Samtök um kvennaathvarf fá mannréttindaverðlaunin.* Sótt 3. desember 2013 á http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-757/521_read-36036/

*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 18/1992.

Samtök um kvennaathvarf. (2013). *Ársskýrsla 2012.* Sótt 3. desember 2013 á http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/SUK_2012-3.pdf

Shipway, L. (2005). *Domestic violence: A handbook for health professionals.* London: Routledge.

Stanley, N., Miller, P., Foster, H.R. og Thomson, G. (2010). *Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social services' responses.* Sótt 3. desember 2013 á https://www.nspcc.org.uk/Inform/research/Findings/children_experiencing_domestic_violence_summary_wdf68552.pdf

*The United Nations Secretary-General's report on violence against children.* (2006). Sótt 3. desember 2013 á http://unicef.org/violencestudy/reports/SG_violencestudy_en.pdf

Walker, L. (1979). *The battered woman.* New York: Harper and Row.

Velferð á umbrotatímum

# Fréttir af andláti velferðarkerfisins eru stórlega ýktar

*Þröstur Haraldsson*



**Þröstur Haraldsson,**
***blaðamaður***

**Eftir hrun íslenska fjármálakerfisins árið 2008 óttuðust margir áhrif þess á velferðarkerfið. En hér má taka undir með Mark Twain þegar hann brást við fregnum af andláti sínu, það var síður en svo ástæða til að afskrifa velferðarkerfið. Við lærðum af óförum Finna, segja sérfræðingar sem starfa á þeim vettvangi.**

Er velferðarkerfið í rúst eftir hrun og niðurskurð? Svo mætti oft ætla eftir að hafa fylgst með fjölmiðlaumræðunni en þessari spurningu er víst samt óhætt að svara neitandi. Sé eitthvað að marka viðmælendur *Tímarits félagsráðgjafa* eru áhrif kreppunnar margvísleg en þeir eru sammála um að því fari fjarri að þau séu öll neikvæð. Eitt tilsvarið var á þá leið að hrunið hefði vakið starfsfólk velferðarkerfisins upp af þyrnirósarsvefni, það hefði orðið meðvitaðra um stöðu sína og hlutverk og tekist á við vandann – sem vissulega jókst – á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Í raun virðist svo vera að Íslendingum hafi auðnast að læra af dýrkeyptri reynslu Finna og forðast þau þungu áföll sem velferðarkerfi þeirra varð fyrir á tíunda áratug liðinnar aldar. Um það voru þær sammála **Halldóra Gunnarsdóttir**, framkvæmdastjóri Barnaverndar í Reykjavík, **Anna Rós Jóhannesdóttir**, yfirfélagsráðgjafi á Landspítalanum og **Unnur V. Ingólfsdóttir**, félagsmálastjóri Mosfellsbæjar, sem ræddu stöðuna við blaðamann rúmum fimm árum eftir hrun.

## Viðbrögð við hruninu

Hver er galdurinn að baki þessari farsælu útkomu? Jú, stjórnvöld virðast hafa brugðist við áfallinu sem hruninu fylgdi með því að verja félagsþjónustuna fyrir niðurskurði. Allar segja þær þá sögu að þótt verulegur niðurskurður hafi orðið á framlögum hins opinbera til velferðarkerfisins hafi þeirri starfsemi sem þær standa fyrir verið hlíft. Halldóra segir að borgarstjórn hafi ákveðið að gera ekki sömu hagræðingarkröfu til Barnaverndar og ýmissa annarra borgarstofnana og Unnur tekur í sama streng hvað Mosfellsbæ varðar.

Mikið hefur verið rætt um niðurskurð á framlögum til heilbrigðiskerfisins og Anna Rós segir að vissulega hafi starfsfólki Landspítalans fækkað um 20% á síðustu 6–7 árum. „Það fækkaði í röðum félagsráðgjafa í fyrstu en mér sýnist að stöðugildin séu orðin jafnmörg núna, 42, og þau voru haustið 2009.“

Anna Rós segir þá sögu að á Landspítalanum hafi verið brugðist við hruninu með því að breyta skipulagi félagsráðgjafar. „Áður skiptust félagsráðgjafarnir í tvo hópa, þá sem tilheyrðu geðsviði og þá sem tilheyrðu vefrænum deildum. Árið 2009 var öll félagsráðgjöf sameinuð undir geðsvið. Á sama tíma var allt stjórnkerfi spítalans einfaldað. Þegar ég tók við starfi yfirfélagsráðgjafa var erfitt að fá félagsráðgjafa til starfa. Með sameiningunni breyttist þetta og auðveldara varð að fá félagsráðgjafa til starfa eftir því sem nýútskrifuðum félagsráðgjöfum fjölgaði. Starfsmannahópurinn breyttist einnig við þetta og nú útskrifast allir með fimm ára nám að baki og MA-gráðu. Þetta eykur gæði og eflir rannsóknarvinnu. Möguleikar á starfsþróun hér verða æ meiri, fjölbreytni er til staðar og góð tækifæri hafa skapast til sérhæfingar,“ segir Anna Rós.

## Velferðarvaktin

Því má halda fram að áfallið sem hruninu fylgdi hafi verið tvöfalt, ef ekki þrefalt. Í fyrsta lagi voru það beinar afleiðingar hrunsins, atvinnuleysi, tekjuskerðing og eignamissir. Í öðru lagi jókst álagið á félagsþjónustuna vegna áhrifa af þessum hremmingum. Svo má bæta því við að þegar sveitarfélögin voru að ná tökum á eftirköstum hrunsins tóku þau að sér nýjan og viðamikinn málaflokk sem eru málefni fatlaðra en þau færðust frá ríki til sveitarfélaga árið 2011.

Viðbrögð stjórnvalda voru þau að setja á laggirnar Velferðarvaktina sem viðmælendur okkar eru sam-

mála um að hafi verið gæfuspor. Halldóra segir að það hafi verið gaman að sjá að þegar kreppan skall á „spruttu upp hópar, bæði hér hjá Reykjavíkurborg og í ráðuneytinu, sem tóku að sér að vakta líðan og aðstæður barna og fjölskyldna. Auðvitað ætti slík vakt alltaf að vera í gangi en þessi teymi hafa skilað upplýsingum inn í pólitíkina sem er bakhjarl okkar. Þannig gátu stjórnmála- og embættismenn fylgst með aðstæðum barna og fjölskyldna. Þetta var mjög til góðs," segir hún.

Unnur tekur í sama streng og segir að velferðarvaktin hafi verið mjög mikilvæg. „Hún var eitt af því góða sem varð til í kreppunni. Það góða við svona kreppur er að þær krefjast þess að við endurskipuleggjum okkur og lærum af þeim. Þarna var og er haldið til haga upplýsingum sem áður voru í skötulíki og haldið utan um þær á ómarkvissan hátt. Aukin áhersla Sambands íslenskra sveitarfélaga á þróun félagsþjónustunnar og barnaverndar með ráðningu félagsráðgjafa árið 2010, hefur skilað góðum stuðningi við félagsþjónustu," segir hún.

Þær eru líka sammála um að það hafi liðið allnokkur tími frá hruni þar til áhrifin urðu sýnileg í velferðarkerfinu. Halldóra segir raunar að Barnavernd Reykjavíkur hafi ekki fundið fyrir mikilli aukningu verkefna, þar hafi málafjöldinn verið svipaður frá því fyrir hrun. Hins vegar hafi félagsþjónustan að öðru leyti orðið fyrir höggi. Unnur staðfestir það:

„Í byrjun urðum við ekki svo mjög vör við áhrifin af hruninu. En þegar frá leið fjölgaði umsóknum um fjárhagsaðstoð verulega. Hér í Mosfellsbæ er það einkum unga fólkið sem biður um aðstoð, en lengst af höfum við ekki haft mörg úrræði fyrir þennan hóp. Vinnumálastofnun sinnti ekki þessu unga fólki vegna þess að fæst af því átti rétt á atvinnuleysisbótum. Stofnunin hefur lagaskyldu til þess að aðstoða þennan hóp en fjárveitingar skorti til þess að þeir teldu sér unnt að sinna verkefninu. Stofnunin er að mestu fjármögnuð af Atvinnuleysistryggingasjóði og fulltrúar atvinnurekenda í stjórn sjóðsins hafa ekki viljað að hann væri notaður til að sinna öðrum en þeim sem hafa verið á vinnumarkaði. Með breyttum áherslum Vinnumálastofnunar fær þessi hópur nú þjónustu og við bindum miklar vonir við það samstarf."

### Skilgreiningar þrengdar

Þetta er kannski gott dæmi um skort á sveigjanleika og samstarfi milli stofnana sem þær kvarta allar þrjár undan. Anna Rós sagði að hluti breytinganna sem urðu eftir hrun væri sú áhersla sem lögð hefur verið á að skrá og skilgreina vinnu félagsráðgjafa. Það er greinilega ein afleiðing kreppunnar að þörfin fyrir skilgreiningu starfa og verkefna hefur aukist, meðal annars vegna þess að í öðrum heilbrigðisstéttum hefur orðið fækkun en við það eykst mikilvægi þess að hver hópur sé meðvitaður um hvert verksvið hans er.

En á þessu eru tvær hliðar. Halldóra segist hafa orðið vör við að stofnanir hafi tekið upp á því að þrengja skilgreiningar á verksviði sínu. „Við hjá Barnavernd Reykjavíkur höfum fengið að reyna það að ýmis úrræði á vegum ríkisins standa okkur ekki lengur til boða. Nú eiga sveitarfélögin að bera ábyrgð á börnum sínum og kosta þessi úrræði sjálf. Það er eins og bæði Barnaverndarstofa og Landspítalinn hafi þrengt talsvert skilgreiningar sínar á því hverju þeim beri að sinna."

Unnur kannast líka við þetta og nefnir sem dæmi Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun og heilsugæsluna sem hafi „þurft að rýna í starfsemi sína og passa betur upp á peningana. Þá fara menn að skilgreina sig þrengra. Við erum með þéttustu möskva öryggisnetsins svo þegar Vinnumálastofnun herðir reglur sínar og víkur fólki að því er okkur finnst óþarflega snemma af atvinnuleysisskrá og þá kemur það til okkar. Það er líka orðið erfiðara að fá endurhæfingu og örorkumat sem veldur því að fólk sem er í raun óvinnufært vegna sjúkdóma þarf að reiða sig lengur á fjárhagsaðstoð. Og svo er það heilsugæslan sem hefur breytt verklagi sínu þannig að verkefni sem áður voru óumdeilanlega á verksviði heimahjúkrunar eru farin að banka upp á hjá okkur í heimaþjónustunni, svo sem að fara heim til fólks og baða það eða aðstoða það við að fara í sjúkrasokka sem fyrirbyggjandi aðgerð gegn því að það fái sár vegna sykursýki," segir Unnur.

Halldóra segir að hún hefði kosið að fagmenn stæðu betur saman en lokuðu sig ekki hver inni í sínu boxi. „Ef við sérfræðingarnir sem störfum í velferðarkerfinu eyddum þeirri orku, sem fer í innbyrðis gagnrýni og að reyna að koma hlutunum yfir á aðra, í að vinna nánar saman þvert á skil stofnana og hvort sem við störfum hjá ríkinu eða sveitarfélögunum þá felast í því mikil tækifæri til að gera betur," segir hún.

### Heilmikil gróska samt

Sem betur fer má sjá þess ýmis merki að það sé gert. Þegar blaðamaður spyr hvort blankheitin hafi orðið til þess að menn sitji með hendur í skauti og láti tækifærin renna hjá fær hann sama svarið hjá þeim öllum. Nei, það er heilmikil gróska, margir að vinna að nýsköpun og leita nýrra leiða til þess að mæta þeim vanda sem við er að etja.

Anna Rós segir að hjá félagsráðgjöfum á Landspítala

hafi verið ákveðið að bregðast við kreppunni með því að leggja aukna áherslu á fjölskylduvinnu og meðferð. Hún segist raunar ekki síður hafa haft áhyggjur af stuðningi við fjölskyldur í svokölluðu „góðæri“ en eftir 2008 hafi ákveðið ástand orðið sýnilegra. „Við reynum að læra af því sem gerðist í Finnlandi þegar efnahagskreppan varð þar upp úr 1990. Þar var ekki aukinn stuðningur við heilsugæslu og félagsþjónustu heldur var þvert á móti skorið niður. Það var skammsýni að sinna ekki þeirri grunnþjónustu og forvörnum þar sem þetta á heima og styðja við foreldra og fjölskyldur. Nú virðist sem þau sem þá voru börn hafi orðið illa úti því að geðraskanir af ýmsu tagi eru um 60% orsaka örorku hjá þessum aldurshópi. Þetta er hægt að sýna fram á með fjölmörgum rannsóknum. Við getum lært það af þessu að sinna forvörnum í meira mæli í stað þess að slökkva elda. Það hefur gefið góða raun því þótt við ráðum ekki því fjármagni sem okkur er úthlutað, getum við haft áhrif á það hvað við setjum í forgang í faglegu starfi okkar. Um þetta er eining í hópnum sem styrkist og eflist.

Á göngudeild geðsviðs hefur verið byggt upp öflugt teymi í fjölskyldumeðferð og á barna- og unglingageðdeildum er löng hefð fyrir þverfaglegri vinnu og meðferð fyrir fjölskyldur. Þá hefur færst í vöxt að unnið sé með fjölskyldum þegar foreldri veikist af alvarlegum líkamlegum sjúkdómi, t.d. krabbameini. Þar felst stuðningurinn í því að aðstoða foreldra við að tala um veikindin við börn sín á þann hátt sem hæfir aldri og þroska. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á gagnsemi slíkrar aðstoðar. Þetta er forvarnarvinna sem við þurfum að sinna,“ segir Anna Rós.

„Við verðum að leggja áherslu á rannsóknir og útkomumælingar og það að geta sýnt fram á mælanlegan árangur í starfi okkar. Við höldum vísindadag félagsráðgjafa á hverju ári þar sem rannsóknarverkefni eru kynnt, og höfum við reynt að sinna kennslu vel, bæði hér á spítalanum og í Háskóla Íslands.

Það hafa ýmsir vaxtarsprotar litið dagsins ljós síðustu árin. Þar má nefna FMB-teymi en það stendur fyrir Foreldrar – Meðganga – Barn og var sett á stofn í samstarfi geðsviðs við meðgöngudeild spítalans. Markmiðið með þeirri vinnu er að styrkja konur sem glíma við geðsjúkdóma á meðgöngu og í kjölfar fæðingar. Makar þeirra fá einnig stuðning og er tilgangurinn fyrst og fremst sá að efla tengsl barna og foreldra.

Nú hefur verið innleidd svonefnd batastefna (e. recovery model) á endurhæfingardeildum geðsviðs sem gengur út á að styrkja og valdefla þá sem veikjast af geðrænum sjúkdómum og bera kennsl á möguleika og bjargráð þrátt fyrir veikindi. Einnig hefur verið byggð upp öflug þjónusta við unga einstaklinga frá 18 ára aldri með geðrofssjúkdóma. Áhersla er lögð á að tengja þessa einstaklinga við atvinnu og skóla með það að leiðarljósi að þótt ekki sé hægt að koma í veg fyrir að fólk veikist, þá er hægt að vinna gegn aukaverkunum og afleiðingum,“ segir Anna Rós.

**Ungt fólk og atvinnulaust**

Unga fólkið glímir við ýmsan vanda þótt ekki sé það haldið geðsjúkdómum. Atvinnuleysi hefur aukist og orðið langvarandi hjá mörgum. Ungt atvinnulaust fólk er hópur sem félagsráðgjafar og annað starfsfólk félagsþjónustunnar hefur vaxandi áhyggjur af vegna þess að ungmenni sem ekki tengjast atvinnulífinu geta verið ótrúlega fljót að festast í því hlutverki. Unnur Ingólfsdóttir segir að í Mosfellsbæ hafi meðal annars verið gripið til þess ráðs að semja við fyrirtæki og stofnanir í bænum, leikskóla, íþróttahús og fleiri, um að gefa ungu atvinnulausu fólki möguleika á að vinna þótt ekki sé nema um hlutastörf að ræða.

„Við bindum einnig vonir við samstarfið við Vinnumálastofnun sem ég nefndi áður. Í þeim tilvikum rennur óskert fjárhagsaðstoð, sem sá atvinnulausi fengi ella, til viðkomandi fyrirtækis,“ segir hún.

Hún viðurkennir að möguleikar sveitarfélaga séu mjög misjafnir til þess að veita félagsþjónustu. „Þar hefur þó gerst að tekin hefur verið upp samvinna milli sveitarfélaga um ákveðin verkefni. Sem dæmi má nefna samning sem Mosfellsbær hefur gert við Kjósarhrepp sem er fámennt sveitarfélag. Samkvæmt honum sækja Kjósverjar um sérfræðiþjónustu og fjárhagsaðstoð til okkar, við greinum málin og tökum ákvarðanir, greiðum fyrir þjónustuna og innheimtum svo árlega frá Kjósarhreppi.

Á hinn bóginn höfum við stöku sinnum keypt okkur inn í þjónustu hjá Reykjavíkurborg sem við höfum ekki tök á að veita hér í heimabyggð. Þá er í gangi samstarf við Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes um bakvakt í barnaverndarmálum og unnið er að samræmingu á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk,“ sagði Unnur.

**Ekki slegin út af laginu**

Halldóra nefnir Velferðarvaktina sem uppsprettu ýmissa verkefna sem takast þarf á við í félagsþjónustunni. „Tölfræði leysir ekki vanda en hún getur sýnt okkur hvar skórinn kreppir og hver þróunin er. Þar sjáum við hvaða sveiflur verða og getum brugðist við þeim. Vöktun er því forvörn í sjálfu sér. Ég er hins vegar dálítið uggandi um að tillögum hennar verði ekki fylgt nógu

vel eftir því eins og allir vita eru verulegar þrengingar í ríkisrekstri, auk þess sem sveitarfélögin eiga fullt í fangi með að láta enda ná saman.“

Samt hefur verið komið á fót ýmsum úrræðum á vettvangi Barnaverndar Reykjavíkur eftir að kreppan skall á og nefnir Halldóra þar nýtt heimili fyrir tímabundna dvöl unglinga sem glíma við hegðunarvanda og vandamál á heimilum. Einnig hefur verið komið á fót ráðgjöf og greiningu á heimilum og þróunarstarf er í gangi til að styrkja þjónustu við börn og foreldra. „Ég sé ekki annað en að það sé heilmikil gróska og nýsköpun í gangi, svo fagmenn hafa ekki verið slegnir út af laginu. Það kom kannski dálítið hik á fólk þegar kreppan skall á, en svo hefur það eflst,“ segir hún.

### Hlustum á unga fólkið

Halldóra vill sjá fagfólk stíga út úr boxunum og tala meira saman því að það þurfi örugglega að breyta einhverju í vinnubrögðum. „Við þurfum að hlusta á unga fólkið sem er að koma út úr skólunum og leyfa því að spreyta sig. Þetta snýst líka um sveigjanleika því þótt vissulega þurfi að ríkja formfesta í störfum okkar getur hún orðið of mikil. Um þessar mundir er algengt að ungt fólk stígi fram og segir sögur af samskiptum sínum við kerfið. Þá er mikilvægt að við hlustum og spyrjum okkur, hvernig getum við komið þessu inn í fræðin og breytt vinnubrögðunum?

Skýrustu dæmin um þetta eru þau þegar syndir fortíðarinnar birtust okkur í Breiðavíkurmálunum. Sú hugmynd, að koma börnum til dvalar eins langt frá sínu fólki og mögulegt var, þótti eitt sinn góð og gild en þykir það ekki lengur. Kannski verður eitthvað af því sem við erum að gera núna talið glæpsamlegt eftir nokkur ár. Við verðum alltaf að vera gagnrýnin á það sem við erum að gera.

Þetta á sérstaklega við okkur í barnaverndinni. Okkur er falið gífurlegt vald og við ráðumst oft inn í líf fólks þegar enginn vill við okkur tala. Það er ólíkt þeim sem leita til félagsþjónustu af fúsum og frjálsum vilja. Við bönkum hins vegar upp á hjá fólki að fyrra bragði og megum ekki gleyma því að íhuga þetta vald því að það er vandmeðfarið. Fólk þarf alltaf að muna eftir þessu valdi og fara vel með það – og hlusta,“ sagði Halldóra Gunnarsdóttir að lokum.



**Á Félagsráðgjafaþingi 2014 mættu tveir af stofnendum Félagsráðgjafafélags Íslands, þær Kristín Gústavsdóttir og Margrét Margeirsdóttir. Auk þeirra komu tveir aðrir félagsráðgjafar að stofnun félagsins árið 1964, Guðrún Jónsdóttir og Margrét Steingrímsdóttir sem lést árið 1990.**

# Eftir skilnað

## Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl

**Höfundar:** Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir
Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd RBF. Reykjavík. 2013
244 bls. ISBN: 978-9979-54-996-3

BÓKARUMFJÖLLUN




Bókin *Eftir skilnað* er skrifuð af dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og fjölskylduráðgjafa hjá Tengslum, og Sólveigu Sigurðardóttur, félagsráðgjafa MA, sem starfar við félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd. Sigrúnu þarf vart að kynna þar sem hún hefur verið ötul við að rannsaka og fjalla um málefni fjölskyldunnar allt frá því að hún varði doktorsritgerð sína *Den kapabla familjen i det isländska samhället* árið 1993. Eftir meira en 20 ára fræðastarf liggja nú eftir hana fjölmörg ritverk og rannsóknir á málefnum fjölskyldunnar. Samvinna Sigrúnar og Sólveigar í þessum málaflokki hófst með BA-verkefni Sólveigar frá 2008 um kynslóðatengsl eftir skilnað og hélt áfram með MA-verkefni sem hún varði árið 2009 og fjallaði um jafna búsetu barna hjá foreldrum sínum eftir skilnað.

Í bókinni *Eftir skilnað* er sagt frá viðamikilli rannsókn á foreldrasamstarfi og tengslum kynslóða, þar sem skoðað er hvernig samskiptum þriggja til fjögurra kynslóða er háttað eftir skilnað og hvaða áhrif þau gætu haft á börnin í fjölskyldunni. Bókin hefst á aðfararorðum Láru Björnsdóttur félagsráðgjafa sem síðar er fylgt eftir með formála höfunda. Bókinni er skipt í fjóra hluta. Í upphafi er fræðileg umræða um hugtök og fyrirliggjandi rannsóknir, erlendar sem og innlendar, ásamt nauðsynlegri umfjöllun um lagaumhverfið sem er í sífelldri þróun. Það er mikill akkur í því að fá yfirsýn yfir nýjustu rannsóknir og áherslur í samfélaginu varðandi skilnað, þar sem hægt er að nýta sér þessar upplýsingar á flestum sviðum félagsráðgjafar svo og í meðferðarvinnu.

Höfuðefni bókarinnar er rannsókn sem hófst 2007 og var markmið hennar tvíþætt. Í fyrsta lagi að afla viðbótarþekkingar á aðstæðum barna í skilnaðarfjölskyldum með hliðsjón af m.a. forsjárskipan og foreldrasamvinnu. Í öðru lagi að kanna nánar reynslu fráskilinna foreldra og foreldra þeirra af áframhaldandi samskiptum milli kynslóða, ásamt sjónarmiðum eldri kynslóðar á umgengi, forsjá og samvistum með tilliti til velferðar barnabarns.

Umfjöllunin um rannsóknina hefst á lýsingu á framkvæmd rannsóknarinnar og kynningu á fjölskyldunum sextán sem tóku þátt. Um er að ræða eigindlega rannsókn þar sem þátttakendur eru fráskildir foreldrar og foreldrar þeirra, alls 45 viðtöl. Fjölskyldunum er skipt í hópa: hefðbundnir foreldrar, samtímaforeldrar og ágreiningsforeldrar, eftir því hvernig samskiptum og umgengni er háttað.

Í þriðja hluta bókarinnar er niðurstöðum rannsóknarinnar gerð ítarleg skil á greinargóðan hátt með ríkulegum beinum tilvitnunum í viðmælendur. Byrjað er á því að kynna aðdraganda og framkvæmd skilnaðar í fjölskyldunum með áherslu á aðkomu fjölskyldunnar og stöðu barns í skilnaðarferlinu. Í næstu köflum er farið ítarlegra í fjölskylduhópana og hvað einkennir viðhorf foreldra þeirra, afa og ömmu barnanna, til samvista og samskipta. Síðustu kaflanir í þessum hluta fjalla nánar um foreldrajafnræði og kynslóðatengsl.

Í lokahluta bókarinnar er horft yfir heildina og fram á veginn. Farið er yfir efnið og dregnar ályktanir um það sem betur má fara, fyrst og fremst út frá þörfum barna og mikilvægi kynslóðatengsla. Einnig er rætt um fræðslu í skilnaðarmálum og ýmis atriði sem vert er að hafa í huga varðandi skilnaði. Lokakafli bókarinnar fjallar um forvarnir í skilnaðarmálum, m.a. hvernig umgjörð ráðgjafar er í nágrannalöndum okkar, hvernig hægt er að standa vel að málum og um mikilvægi þess að ráðgjöf og dómskerfið vinni saman þegar foreldrum er ómögulegt að setja þarfir barnsins í forgang. Í lokaorðum er tekið saman hvernig hugmyndir og áherslur hafa breyst með aukinni eftirspurn eftir ráðgjöf og rannsóknum.

Bókin er einstakt ritverk um efni sem snertir flesta, bæði faglega og persónulega. Sterk fjölskyldubönd og stuðningur milli kynslóða hafa sem betur fer ekki rofnað að sama marki hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Því er áhugavert að skoða hvaða áhrif þessi kynslóðatengsl hafa í fjölskyldum þegar erfiðleikar eins og skilnaðir knýja að dyrum. Styrkur bókarinnar er að hún er aðgengileg ásamt því að vera fræðiverk. Bókin byggist á viðamikilli faglegri umræðu um skilnaðarmál hérlendis og erlendis ásamt niðurstöðum úr rannsókn sem dr. Sigrún og Sólveig gerðu á málaflokkinum. Þetta form er til eftirbreytni, þar sem ný vönduð rannsókn er kynnt og sett í samhengi við fræðin á formi sem bæði fagmenn og leikmenn geta notið.

*Helga Sól Ólafsdóttir*

# Í nándinni

## – innlifun og umhyggja

**Höfundur:** Guðbrandur Árni Ísberg
JPV. Reykjavík. 2013
223 bls. ISBN 978-9935-11-377-1

BÓKARUMFJÖLLUN




Bókin *Í nándinni* skiptist í inngang, fimm kafla, lista yfir ensk heiti helstu hugtaka og fræðiorða, heimildaskrá og þakkir. Höfundurinn, Guðbrandur Árni Ísberg sálfræðingur, tileinkar bókina móður sinni, Halldóru Kolka Ísberg sem lést árið 2007, með þakklæti fyrir öryggið. Með þessum fallegu orðum gefur hann tóninn fyrir innihald bókarinnar.

Fyrsti kafli nefnist „Innlifun – leiðin að nándinni“ og skiptist í fimm undirkafla sem allir skýra nánar hvað felst í innlifun. Samlíðan – að finna fyrir tilfinningum annarra, frávarp – að ætla öðrum eigin hugsanir eða tilfinningar (margur heldur mig sig), samhygð – að setja sig í spor annarra, og samkennd – viljinn til að lina þjáningar annarra og segja má að sé þannig starfrænna hugtak en samhygð. Í daglegu tali blöndum við þessum hugtökum oft saman þrátt fyrir blæbrigðamun. Næstsíðasti undirkaflinn fjallar um rannsóknir og vangaveltur um það hvort munur sé á innlifunarhæfni kynjanna og sá síðasti um mikilvægi innlifunar fyrir hamingjuna. Líkt og í öðrum köflum bókarinnar er í fyrsta kafla leitast við að dýpka skilning lesenda á nándinni, hvað til þurfi í samskiptum okkar til að skapa nánd, hvað geti hindrað það og hvað sé óheppileg framkoma hjá fagfólki eða uppalendum. Óskum við þess raunverulega að reynast hjálpleg þeim sem til okkar leita eða eru undir okkar verndarvæng? Lýsandi dæmi eru sýnd, hvernig börn sjá og skilgreina nánd út frá sinni reynslu, tilfinningum og þörfum, en ekki eftir viðteknum skilgreiningum.

Annar kafli heitir „Að leika sér eða lifa af – nánd eða nándarleysi“ og undirkaflarnir eru m.a. um tengsl hamingju og innlifunar, hvernig samlíðan, samkennd og frávarp breytist og þróast hjá okkur eftir því sem þroskastigunum vindur fram. Í lok annars kafla er fjallað um óbærileika aðskilnaðarins fyrir dýr og menn og m.a. sögð sagan af hundi Játvarðar sjöunda Englandskonungs og sorgarviðbrögðum hans annars vegar og hins vegar því hvernig skortur á nánd hrekur sum okkar í neyslu áfengis og vanabindandi efna til að lifa af og atferlið þá líkara skriðdýrunum. Segir höfundur í því samhengi litlar sögur eins og stef í gegnum bókina af leðurskjaldbökunum á ströndunum við Barra del Parismina á Kosta Rika sem eru forritaðar til að skríða foreldralausar úr eggjunum í sandinum og skreiðast í óðagoti til sjávar án þess að vera étnar og verða svo oftar en ekki ránfiskum að bráð.

Þriðji kafli bókarinnar, „Í fjarveru nándar“, fjallar um myrkviði mannlegra samskipta, þegar sinnuleysi, ill meðferð, ofbeldi og vanræksla ná yfirhöndinni. Fléttar höfundur hér fallega inn söguna um litlu stúlkuna með eldspýturnar og nefnir að læknir á okkar tímum hefði sennilega skrifað „ofkæling“ í dánarvottorðið. Sjaldan er öll sagan sögð. Guðbrandur Árni dregur hér upp mynd þar sem illri meðferð er skipt í ofbeldi annars vegar og vanrækslu hins vegar. Undirflokkar ofbeldis eru, stutt og laggott, andlegt, líkamlegt, kynferðislegt. Vanrækslan varðar umsjón og eftirlit, getur verið líkamleg, námsleg eða tilfinningaleg. Þessi mynd með umfjölluninni sem á eftir fer gæti reynst einkar heppileg fyrir foreldrafræðslu og nemafræðslu. Gott er t.d. að lesa hvernig höfundur hnykkir á námslegri vanrækslu (bls.106–107) og því hvernig „námsleg vanræksla gerir barni erfiðara um vik að bjarga sér í samvinnu við aðra og í því samfélagi þar sem það elst upp“. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem nú er æ algengara að börn fari milli heimila í viku hverri í sameiginlegri forsjá foreldra.

Oft kemur upp í foreldraviðtölum hjá okkur fagfólki sem stundar fjölskyldumeðferð, að annað foreldra segir hitt sjaldan eða aldrei sinna heimanámi og vinatengslum milli hverfa með börnunum. Vert er að sjá fyrir sér það sem Guðbrandur Árni nefnir í lok kaflans, að skv. mati Sameinuðu þjóðanna deyja 150.000 börn árlega vegna ofbeldis og vanrækslu, þar af um 80% vegna hlutdeildar foreldra og um 20% af völdum stjúpforeldra.

Fjórða kafla bókarinnar nefnir höfundur „Í ríki skriðdýrsins“ og heldur þar áfram að rekja afleiðingar nándarleysis og „hinn gífurlega einstaklingsmun ... allt frá Hallgrímum til Hitlera þessa heims“ hvað gefandi kærleika varðar. Guðbrandur fjallar áfram um lífeðlisfræðilega orsakavalda ofbeldis og vanrækslu á þroskastig heila og tilfinninga. Hann nefnir í þessu sambandi „einn samnefnari ... að áhrifum ofbeldis og vanrækslu jafnt á börn sem fullorðna ... þolendur eru á varðbergi gagnvart öðru fólki og sýn þeirra á aðra brenglast“ (bls. 121). Einnig er fjallað í kaflanum um frumtengsl og „Sívökula varnarkerfið“ í okkur, árásarkerfið, flóttakerfið og stirðnunarkerfið (bls. 129–150). Góð skýringarmynd er á bls. 130 þar sem m.a. kemur fram hvernig við teljum okkur gjarnan ráða „býsna

vel“ við aðstæður þegar við beitum árás, „nokkuð vel“ þegar kvíði og hræðsla flóttans ráða ríkjum í hegðun okkar, en „lítið sem ekkert“ þegar stirðnun vanmáttar, depurðar og sjálfsskaðandi hegðunar (t.d. að skera sig, berja höfði við vegg, fíkn) heltekur okkur. Munurinn á öruggum tengslum og ruglingslegum tengslum og jaðarperónuleikaröskun sem getur orðið afleiðing þeirra er einnig til umfjöllunar í fjórða kafla. Hér er gróskumikið efni til umræðu í foreldrafræðslu og annarri kennslu. Í lok kaflans segir „að ein besta forvörnin gegn vímuefnaneyslu er góð tengsl við aðra, ekki síst foreldra“. Endað er á sólskinsögunni um Nikolaj litla sem átti óstöðuga móðir og pissaði undir, tók reiðiköst hjá föður sínum og fékk martraðir, var kvíðinn og dapur. Með auknum sjálfsstyrk leið honum betur og hann gat framkallað jákvæðar minningar um mömmu þó að hún hefði á köflum beitt hann ofbeldi. Sagðist hann nú halda að hún saknaði hans. Hvort sem það var hans frávarp eða ekki, þá leið honum betur og saga hans varð bjartari.

Fimmti kafli fjallar um ræktun nándarinnar. E.t.v. ættu síðustu kaflar fræðibóka alltaf að vera fremst því að þar má oft finna svo uppbyggilega og lærdómsríka samantekt. Að baki viljanum býr óskin, segir höfundur, og hugrekkið er okkur nauðsyn til að virkja hann. Ennfremur þetta: Við þurfum líkamlegt, siðferðilegt og félagslegt hugrekki til að þora að vera við sjálf. Því miður beita bæði ofbeldismenn og þolendur innlifun, sá fyrrnefndi til að vinna hinum mein, hinn til að bjarga lífi sínu.

Á bls. 185 í bókinni er tilvitnun í nýlega látinn samferðamann okkar, Hugo Þórisson: „Komdu, ég þarf að hlusta á þig.“ Nándin felst m.a. í því að gefa sér tíma til að skilja aðra manneskju. Óhætt er að þakka Guðbrandi fyrir nándina og mæla með bók hans við fagfólk og fjölskyldur. Hef ég þegar gaukað henni að pörum þegar við á og foreldrum sem vilja tengjast börnum sínum betur.

*Elísabet Berta Bjarnadóttir*

Kari Killen mun kynna bókina og rannsóknir á sviðinu á málstofu RBF þann 18. júní kl. 16:00.

# Vad har du varit med om?

## Om rädsla, utsatthet, skam och skamlöshet

**Höfundur:** Bengt Hedberg.
Borås. Recito förlag. 2013.
205 bls. ISBN 978-917517-409-9.
Bókin er fáanleg í bókasafni Norræna hússins

BÓKARUMFJÖLLUN




Höfundur er sænskur sálfræðingur með framhaldsnám að baki og klínísk sérfræðiréttindi. Hann hefur áratuga reynslu af meðferðarstarfi með einstaklingum, hjónum og fjölskyldum, bæði í opinberri geðheilbrigðisþjónustu og á eigin stofu. Auk þess hefur hann sinnt faghandleiðslu og fræðslu og tekið þátt í samfélagsumræðu um brennandi málefni og pólitíska viðburði samtímans. Bókin er ætluð fagfólki á hinum ýmsu sviðum meðferðarstarfa og mannræktar, ekki síst barna- og fjölskylduverndar. Bókin er afar læsileg og seinni hlutinn er beinlínis heillandi lestur fyrir fagfólk sem hefur áhuga á að skilja dýptir mannslegs eðlis og tengsl þess við sögu og samfélagsatburði.

Fyrri hluti bókarinnar fjallar um fræðilegan grundvöll hennar, en höfundur vísar líka í bókmenntir og ljóð sem orkulind og brunn sem gjöfult er að leita í til að skilja mannlegt eðli og dýptir þess. Vísun í ljóð sænska skáldsins Tomasar Tranströmer fylgir textanum eins og viðlag. Hér setur hann þó fyrst og fremst fram fræðikenningar og hugmyndir um það hvernig manneskjan mótast innan frá og utan frá, og að vissir áhrifaþættir geti þar skipt sköpum um þróun einstaklingsins. Hann fjallar um hvernig sumt verður til eflingar og annað til þess að hamla heilbrigðum persónuþroska og jafnvel skaða eða eyðileggja sálarlíf einstaklingsins. Hann ræðir í því sambandi hvernig það er ekki síst tengslamyndun í frumbernsku, uppeldisáhrif og félagslegar aðstæður sem þar ráða úrslitum. Í raun er það meginboðskapur bókarinnar að örugg tengslamyndun sé undirstaða sál-félagslegs heilbrigðis hjá einstaklingnum sem aftur stuðli að samfélagslegri velferð.

Í seinni hluta bókarinnar teflir hann fram dæmum um þekktar persónur í samtíma tíma okkar og leitast

við að greina hegðun þeirra og örlagarík afdrif í ljósi þess sem þau hafa orðið fyrir (s. *varit med om*). Þau eru kvikmyndastjarnan Marilyn Monroe, leikritahöfundurinn og ljóðskáldið Franz Kafka og og ódæðismaðurinn Anders Behring Breivik. Saga þeirra, mótun og hegðun er ólík. Margt í uppeldisáhrifum og grunnþáttum persónuleika þeirra er þó líkt og má einmitt rekja til frumtengsla, tengslabrests, uppeldis- og fjölskylduaðstæðna. Öllum dæmunum er lýst af djúpum skilningi á hugarheimi barnsins og umkomuleysi þess gagnvart ástleysi, hunsun eða vanrækslu foreldra, og afdrifaríkum afleiðingum þess. Birtingarform þeirra er angist, sjálfsfyrirlitning, sektarkennd og skömm yfir eigin tilvist eða efasemdir og vanmáttarreiði, heift og örvæntingarfull leit eftir réttinum til að vera virtur viðlits. En þar er líka hugtakið *skamlöshet,* sem við getum þýtt sem *samviskuleysi* og gerir einstaklinga félagslega vanhæfa og jafnvel hættulega.

Með því að sækja í þessi dæmi dregur höfundurinn ályktanir og ræðir mikilvægi þess að fagfólk hafi nægilega góða menntun, þjálfun og handleiðslu sem skapar forsendur fyrir skilningi á dýpri þörfum manneskjunnar og færni til greina snemma tengsla- og þroskatruflanir hjá börnum. Á tímum hraða, upplausnar og misheppilegra samfélagsáhrifa skiptir það enn meira máli að hlúa að innsta kjarna hvers barns með traustum tengslum við sína nánustu. Ábyrgð fagfólks er mikil og höfundur færir rök fyrir nauðsyn þess að það búi sjálft yfir sjálfsstyrk, þekkingu og úrræðum sem þarf til að geta gripið inn nógu snemma. Þannig megi oft koma í veg fyrir sálarmorð, dauðaafl eyðileggingar eða jafnvel skemmdarverk gegn mannkyni.

*Sigrún Júlíusdóttir*

# Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna

**Höfundur:** Kari Killén. Tryggvi Gíslason þýddi,
Sigrún Júlíusdóttir ritar fræðilegan inngang.
Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag. 2014.
414 bls. ISBN 978-9979-66-319-5

BÓKARUMFJÖLLUN




Bók dr. Kari Killén félagsráðgjafa, Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna eða *Barndommen varer i generasjoner*, kom fyrst út í Noregi árið 2000. Hún kemur nú út í íslenskri þýðingu Tryggva Gíslasonar fyrrverandi skólameistara en inngang að verkinu skrifar dr. Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi. Um er að ræða umfangsmikið verk sem hefur að geyma mikilvægt efni sem er til þess fallið að auka þekkingu fagfólks sem starfar að barnavernd svo og í félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu. Í inngangi sínum fjallar Sigrún um hálfrar aldar hugsjónastarf Kari Killén í þágu barna sem standa höllum fæti og fagfólks sem starfar í barnavernd. Í bókinni eru kynntar þær mikilvægu aðferðir sem beitt er við forvarnarstarf í stofnunum sem koma að stuðningi við foreldra og börn frá fæðingu til sjö ára aldurs. Bókinni er ætlað að miðla upplýsingum um reynslu höfundar á sviði forvarna í tengslum við samskipti barna og fullorðinna. Hún skiptist í þrjá hluta en kaflarnir eru alls 19 auk formála, inngangs og lokaorða.

Í fyrstu köflum bókarinnar gerir höfundur grein fyrir nokkrum grundvallarþáttum sem hafa þarf í huga varðandi forvarnarstarf sem beinist að ungum börnum. Fjallað er um hvað átt er við með forvörnum á þessu sviði en það snýst m.a. um að fyrirbyggja að barn vaxi upp án þess að eiga barnæsku, fari á mis við umhyggju og þrói með sér tengslaröskun. Einnig er fjallað um hugtakið „nógu gott" foreldri en það byggist m.a. á því *að líkamleg og tilfinningaleg umhyggja sé í samræmi við þarfir sem barnið lætur í ljós – en ekki í samræmi* við þarfir hinna fullorðnu og einnig *að barninu sé tekið eins og það er*. Þá er verndarþátturinn ekki síður mikilvægur, þ.e. að vernda barnið frá utanaðkomandi hættu og vernda það þegar hegðun þess sjálfs getur valdið því hættu. Gerð er grein fyrir *CARE-Index* aðferðinni sem greinir á milli fimm samskiptamynstra sem gefa vísbendingar um þörf á íhlutun. Einnig er ítarleg umfjöllun um samskiptamynstur leikskólabarna sem skiptist í trygg og ótrygg samskiptatengsl og hvernig það tengist persónulegum eiginleikum foreldra svo sem reynslu úr eigin uppeldi.

Í lok fyrsta hluta bókarinnar er samantekt þar sem bent er á mikilvægi þess að vera vakandi fyrir þáttum sem hafa áhrif á þroska barna og beita snemmtækri íhlutun til að koma í veg fyrir skort á umönnun og andlega erfiðleika.

Í öðrum hluta bókarinnar er vikið að foreldrum og börnum með sérþarfir en þar er átt við foreldra með geðræna sjúkdóma, foreldra sem hafa ekki nægan þroska, foreldra með áhættufortíð, foreldra í áfengis- og vímuefnaneyslu, foreldra sem búa við ofbeldi og foreldra sem búa við erfiðleika vegna skilnaðar eða annarra áfalla, og börn þessara foreldra. Bent er á að margir foreldrar tilheyri fleiri en einum af þessum hópum. Fjallað er ítarlega um alla þessa hópa og hvaða áhrif vandi foreldra hefur á líðan og þroska barns. Rætt er um hvernig áherslur í forvarnarstarfi hafa breyst sl. áratugi frá því að beinast að foreldrum yfir í áherslu á samskipti foreldra og barna en hefur nú færst í átt að barninu. Fjallað er um sértækar forvarnir innan heilbrigðisstofnana. Hefur áherslan verið á altækar forvarnir en sérstökum áhugahópum og barnaverndarnefndum látið eftir að vinna með foreldrum barna með sérþarfir. Það er sá hópur sem er mest aðkallandi að vinna með. Gefin eru nokkur dæmi um sértækar forvarnir í heilsugæslu og á leikskóla. Bent er á mikilvægi þess að veitt sé viðeigandi aðstoð vegna sálfélagslegs vanda sem kemur upp á meðgöngu ekki síður en líkamlegs vanda. Sérstakur kafli er um forvarnir fyrir foreldra með sérþarfir. Bent er á að rannsóknir hafi sýnt fram á aukna áhættu í fjölskyldum með sérþarfir og ef ekki er brugðist fljótt við sé verið að búa til verkefni fyrir barnaverndarnefndir og síðar meðferðarstofnanir, geðdeildir og fangelsi. Þetta forvarnarstarf þarfnast þverfaglegs starfs og samstarfs ólíkra stofnana.

Rætt er um þríþætta starfsaðferð þar sem fræðimenn í samstarfi við heilsugæslu, leikskóla og barnaverndarnefndir veita foreldrum og börnum meðferð. Þá er einnig vikið að reynslu annarra landa, t.d. verkefnunum *Healthy-Start* og *STEEP* sem byrja á meðgöngu. Samstarf við börn er gert að sérstöku umfjöllunarefni og bent á að þau börn sem spjara sig eru þau sem hafa trygg tengsl utan fjölskyldunnar, fá hjálp til að vinna úr erfiðri lífsreynslu, fá hjálp til að ná tökum á aðstæðum sínum, upplifa samhengi og samfellu í lífi sínu. Tilgreind eru dæmi um það hvernig starfsfólk leikskóla getur hjálpað börnum við að vinna úr erfiðri reynslu. Bendir höfundur á að fagfólk sem starfar á stofnunum fyrir fullorðna er best til þess fallið að skýra fyrir börnum sérkennilega hegðun fullorðinna, t.d. börnum foreldra með geðröskun, fíknivanda eða börnum sem búa við ofbeldi á heimili. Þá geti skilnaður foreldra einnig reynst barni erfiður.

Í lok annars hluta dregur höfundur fram lykilatriðin í umræðu sinni, þ.e. hvernig fagfólk á stofnunum fyrir börn getur hjálpað þeim til þess að stofna til tengsla utan fjölskyldunnar og hvernig fagfólk, bæði á stofnunum fyrir börn og fullorðna, getur hjálpað börnum við að vinna með erfiða lífsreynslu, tjá tilfinningar sínar og skilja stöðu sína í lífinu betur.

Þriðji hluti bókarinnar fjallar um bætta menntun og þverfaglegt samstarf. Bendir höfundur á að aukin menntun snerti bæði faglega og siðferðilega ábyrgð og sé áskorun fyrir allt starfsfólk stofnana sem annast menntun og þjónustu. Þá búi starfsfólk í krafti reynslu sinnar yfir mikilli þekkingu sem það þarf á að halda án þess að gera sér grein fyrir því, sem veldur því að þekkingin nýtist ekki. Það þurfi að efla grunnþjónustu og endurmennta fagfólk til að sinna forvörnum. Það sé ekki nóg að njóta krafta menntaðra kennara í skólum heldur þurfi þar líka til að koma starfsfólk sem getur tekist á við sérfræðiráðgjöf í vanda barna. Höfundur heldur því fram að með því að leggja áherslu á þekkingu og verja fjármunum í menntun er mögulegt að stöðva flóttann úr heilbrigðiskerfinu, leikskólum, grunnskólum og tómstundaheimilum og tryggja börnum með sérþarfir skjóta hjálp. Sérstakur kafli er tileinkaður sérfræðiráðgjöf til að hjálpa fagfólki við að takast á við sálræn vandamál innan starfsgreinar sinar og einnig að þverfaglegu samstarfi milli stofnana. Tekið er dæmi um samstarf heilsugæslu og barnaverndar í sveitarfélaginu Bærum í Noregi.

Síðasti hluti bókarinnar endar á samantekt eins og þeir fyrri og bendir höfundur á að allt fagfólk sem annast foreldra og ung börn, hvort heldur er á sameiginlegum stofnunum fyrir foreldra og börn, stofnunum fyrir börn eða stofnunum fyrir fullorðna, þurfi á aukinni menntun, handleiðslu og þekkingu að halda.

Það er auðvelt að taka undir lokaorð höfundar þar sem hann bendir á að aldrei verði unnt að koma í veg fyrir öll vandamál í samskiptum foreldra og barna og annarra umönnunaraðila. En með snemmtækri íhlutun gætu margar fjölskyldur fengið hjálp áður en erfiðleikarnir verða óviðráðanlegir. Þannig væri unnt að hlífa fjölskyldum við vanlíðan og sársauka, þannig væri foreldrum hlíft við því að upplifa ósigur sem foreldri og börnin gætu notað krafta sína til að þroskast og dafna en ekki til að gæta hinna fullorðnu. Við höfum ekki efni á að bíða. Þessi bók fjallar um orð í tíma töluð og á erindi við fagfólk sem starfar að barnavernd og við félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu. Hún á einnig erindi til þeirra aðila sem hafa með stefnumótun að gera, hvort heldur um er að ræða stjórnmálamenn eða sérfræðinga í stjórnsýslu.

*Steinunn Bergmann*

# Fötlun og menning
## Íslandssagan í öðru ljósi

**Ritstjórar:** Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir.
Reykjavík. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum. 2013.
329 bls. ISBN 978-9935-42-416-7

BÓKARUMFJÖLLUN



Útkoma bókarinnar *Fötlun og menning, Íslandssagan í öðru ljósi*, er vísbending um þá miklu grósku sem um þessar mundir er að finna í íslensku fræðasamfélagi á sviði fötlunarfræða. Fötlunarfræðin er þverfagleg fræðigrein sem byggist á viðhorfum um félagslegan skilning á hugtakinu fötlun og þeirri sýn að saga og menning í víðasta skilningi auk umhverfisins alls hafi áhrif á það hvernig litið er á fötlun og fatlað fólk. Að þættir í menningu og umhverfi verði til þess að viðhalda úreltri sýn á fötlun, til dæmis sem læknisfræðilegu viðfangsefni og/eða persónulegum harmleik þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Fræðigreinin leggur áherslu á mikilvægi margbreytileikans og rannsóknir sem taka mið af mannréttindasjónarmiðum og baráttu gegn ójöfnuði. Því má segja að fötlunarfræðin sé að vissu leyti pólitísk fræðigrein.

Í bókina *Fötlun og menning* rita fjórtán fræðimenn af ýmsum sviðum hugvísinda, svo sem bókmenntum, listfræði, menntunarfræðum, safnafræði, sagnfræði og þjóðfræði auk fötlunarfræðanna í Háskóla Íslands, bæði úr röðum kennara og nemenda. Þessi fjölfræðilega nálgun og samvinna höfunda af ólíkum fræðasviðum gefur bókinni mikið gildi. Það vekur hins vegar athygli og vonbrigði að enginn fræðimaður af sviði félagsfræði eða félagsráðgjafar skrifar í bókina en það hefði getað orðið til að dýpka umfjöllunina, einkum þar sem sagan og viðbrögð samfélagsins við fólki með fötlun er krufin til mergjar.

Ritstjórar bókarinnar eru þau Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir sem öll sinna fræðastörfum við Háskóla Íslands, annars vegar í fötlunarfræði og hins vegar íslenskum bókmenntum. Saman skrifa ritstjórarnir yfirgripsmikinn og fróðlegan inngang að bókinni sem þau gefa heitið „Rannsóknir á fötlun og menningu“ og gefa þar tóninn um þær áherslur sem bókin hefur að geyma. Í kaflanum leitast þau við að skilgreina hugtakið fötlun og setja það í samhengi við þróun og stefnur í fötlunarfræðum svo og stefnur og strauma menningar og sögu. Sjálfur inngangurinn gefur mikla innsýn í viðfangsefni bókarinnar og nýtist vel, eins og reyndar bókin öll, bæði fyrir háskólanemendur og annað áhugafólk um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu.

Bókin skiptist í tvo meginhluta. Fyrri hlutinn fjallar um þekkingu í sögulegu ljósi þar sem fræðimenn fjalla um og greina viðhorf til fötlunar á fyrri öldum eins og þau birtast í norrænni goðafræði, Íslendingasögum og úr munnmælasögum og þjóðtrú. Alls staðar er af nógu að taka og enn mikið verk að vinna við að greina og túlka söguna. Síðari hluti bókarinnar snýr að umfjöllun um fötlun og menningu samtímans. Við lestur bókarinnar má ljóst vera að margt úr menningu liðinna tíma lifir enn í hefðum og viðhorfum nútímans gagnvart fötluðu fólki. En þegar við fellum dóma um fortíðina er mikilvægt að horfa til samtímans og hér skal tekið undir það sem segir í niðurlagi kaflans sem Ármann Jakobsson ritar, „Fötlun á miðöldum“: „Það fer víðs fjarri að hægt sé að lýsa viðhorfi Íslendinga fyrri alda til fötlunar og fatlaðs fólk með einföldum stimplum. Þau voru flókin og margbrotin, rétt eins og á síðari tímum, og það eru þau enn.“ Í kafla Eiríks Þorlákssonar, „Fötlun og myndlist“ er auk þess bent á að það þurfi að skyggnast á bak við birtingarmyndir fötlunar í myndlist fyrri tíma og lesa í myndmál þeirra í samhengi við aðstæður í þjóðfélaginu hverju sinni og að þar sé svo sannarlega ekki allt sem sýnist.

Alls eru kaflar bókarinnar þrettán auk inngangsins sem hæglega gæti staðið sem sjálfstæður kafli. Segja má að hver höfundur komi með sitt sjálfstæða sjónarhorn inn í umræðuna sem undirstrikar margbreytileikann og gróskuna í umræðunni. Þrátt fyrir margbreytileikann er þó eitt sem talist getur rauður þráður í bókinni. Höfundarnir virðast einhuga um að kveða niður þrálátt viðhorf í samtímanum um að fötlun sé persónulegur harmleikur og að þar með sé líf fatlaðs fólks minna virði en þeirra sem oft er vísað til sem „heilbrigðra“. Eða að það þurfi að aumka sig yfir fatlað fólk og gera á því góðverk.

Í tveimur síðustu köflum bókarinnar, annars vegar „Fötlun og myndlist“ og hins vegar „Fötlunarlist“ birtist mikilvægi þess að fatlað fólk verði sýnilegir og virkir gerendur í lífi sínu og menningu. Margir af sígildum og heimsfrægum myndlistarmönnum fyrri tíma bjuggu við skerðingar og fötlun en þeirra verður fyrst og fremst minnst fyrir framlag þeirra til listasögunnar.

Í stuttri sögu íslenskrar myndlistar hafa einnig komið fram fatlaðir einstaklingar sem hafa öðlast verðskuldaða viðurkenningu fyrir listsköpun sína. Haft er eftir einum þeirra, Braga Ásgeirssyni listmálara: „Það er ekki fötlunin sem skiptir máli heldur listin sem hún á, þrátt fyrir allt, þátt í að skapa.“ Óhefðbundin listsköpun minnihlutahópa, meðal annars fatlaðs fólks, hefur auk þess í síauknum mæli sannað gildi sitt og gefið nýjum listamönnum tækifæri til tjáningar og viðurkenningar. Með nýrri orðræðu í fötlunarlistinni er því hafnað að fatlað fólk eigi að vera atkvæða- og hlutverkalaust og lögð áhersla á að það taki sér vald og virðingu.

Segja má að kaflinn um fötlunarlistina sé dæmi um það sem er nýjast og ferskast í fötlunarfræðum þar sem fatlað fólk lætur til sín taka á eigin forsendum.

Undirtitill bókarinnar, Íslandssagan í öðru ljósi, vísar til þess að sjónum sé beint að íslenskri menningu og umhverfi í umfjöllun höfundanna. Þó er víða leitað fanga út fyrir landsteinana, bæði í smiðju erlendra fræðimanna en ekki síður í menningu og listir víða um hinn vestræna heim. Hvort tveggja gefur bókinni meira vægi og trúverðugleika en ella. Hins vegar er þetta fyrsta íslenska fræðibókin sem tengir saman fötlun, sögu og menningu og má því teljast tímamótarit á sínu sviði.

Það ber að fagna útkomu bókarinnar *Fötlun og menning* og þakka aðstandendum bókarinnar og höfundum öllum fyrir mikilsvert framlag þeirra.

*Lára Björnsdóttir*

# Lokaverkefni til MA-gráðu

Í desember 2013 janúar 2014 luku eftirfarandi nemendur rannsóknarverkefnum sínum í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Verkefnin eru aðgengileg á www.skemman.is.

**Anna Guðrún Norðfjörð**
**Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir**
*Ég er enn sami einstaklingurinn. Félagsleg reynsla og upplifun transeinstaklinga*

**Ásgeir Pétursson**
**Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir**
*Vímuefnaneysla og önnur áhættuhegðun unglinga með þroskahömlun*

**Brynja Bergmann Halldórsdóttir**
**Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir**
*Rafræn samskipti í rómantískum samböndum*

**Brynja Rut Vilhjálmsdóttir**
**Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir**
*Breytingar í parasambandi eftir fæðingu fyrsta barns. Ytri og innri áhrifaþættir*

**Drífa Andrésdóttir**
**Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnsdóttir**
*Börn vímuefnaneytenda: Barnaverndartilkynningar í Hafnarfirði*

**Dögg Þrastardóttir**
**Leiðbeinandi: Hervör Alma Árnadóttir**
*„Þegar upp er staðið er aldrei nógu mikið af því“. Samstarf barnaverndarstarfsmanna við starfsfólk grunnskóla*

**Erla Dögg Kristjánsdóttir**
**Leiðbeinandi: Hervör Alma Árnadóttir**
*Hann er ekki nógu lélegur til að fá stuðninginn sem hann þarf“. Við horf foreldra til stuðnings og þjónustu innan grunnskólans*

**Erna Harðardóttir**
**Leiðbeinandi: Helga Sól Ólafsdóttir**
*Upplifun kvenna af þjónustu kvennadeildar Landspítalans vegna fóstureyðingar*

**Freydís Aðalsteinsdóttir**
**Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir**
*Fósturbörn og afbrot*

**Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir**
**Leiðbeinandi: Hervör Alma Árnadóttir**
*Tengsl Facebook notkunar og félagshæfni unglinga*

**Hilmar Jón Stefánsson**
**Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir**
*Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku af hálfu kvenna. Áhrif á líf og líðan karlkyns þolenda*

**Hrafnhildur Thorarensen**
**Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson**
*Staða og líðan aldraðra einstaklinga í dagþjónustu. Að eigin mati, mati aðstandenda og mati starfsfólks*

**Hugrún Linda Guðmundsdóttir**
**Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal**
*Atvinnuleitendur 50+. „Þetta er engan veginn eðlilegt ástand“*

**Ingveldur Eyþórsdóttir**
**Leiðbeinandi: Unnur Ingólfsdóttir**
*Barnavernd í fámennum sveitarfélögum. Mörkin á milli faglegs og persónulegs lífs starfsmanna í barnavernd*

**Jóhanna María Ævarsdóttir**
**Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson**
*Brottfall úr Samvinnu: Reynsla notenda sem hættu í starfsendurhæfingu á Suðurnesjum*

**Katrín Magnúsdóttir**
**Leiðbeinandi: Helga Sól Ólafsdóttir**
*Einstakar mæður. Tæknifrjóvganir einhleypra kvenna*

**Kristín Jónsdóttir** *3*
**Leiðbeinandi: Ingibjörg Broddadóttir**
*Seigla. Að sigrast á mótlæti í æsku*

**Kristín Þórðardóttir**
**Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnsdóttir**
*Aðlögun að nýju lífi eftir mænuskaða, með áherslu á heildarsýn*

**Kristrún Kristjánsdóttir**
**Leiðbeinandi: Unnur Ingólfsdóttir**
*Persónulegur ráðgjafi í barnaverndarmálum. Notkun, framkvæmd og markmið*

**Lilja Dögg Magnúsdóttir**
**Leiðbeinandi: Gyða Hjartardóttir**
*Trúir þú á fósturráðstöfun sem úrræði? Viðhorf fagaðila til fósturráðstafana barna*

**Lora Elín Einarsdóttir**
**Leiðbeinandi: Jóna Margét Ólafsdóttir**
*Hamingja, velferð og sálfræðilegur auður. Sjónarhorn sálfræði, AA samtakanna og félagsráðgjafar*

**Magnea Guðrún Guðmundardóttir**
**Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnsdóttir**
*„Ég mæli með þessu fyrir alla“. Viðhorf, upplifun og reynsla starfsmanna sem sinna einstaklingsþjálfun fyrir einhverf börn á landsbyggðinni*

**Margrét Edda Yngvadóttir**
**Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir**
*Grettistak. Afdrif þátttakenda í Grettistaki*

**Matthildur Jóhannsdóttir**
**Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir**
*Ungar ekkjur, áfallaviðbrögð í kjölfar andláts maka og úrvinnsla*

**Ólöf Lára Ágústsdóttir**
**Leiðbeinandi: Valgerður Halldórsdóttir**
*Hver á að borga? Væntingar um greiðsluþátttöku í stjúpfjölskyldum*

**Selma Björk Hauksdóttir**
**Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir**
*Býr fólk í næturathvörfum? Gistinætur í Gistiskýlinu og Konukoti. Þjónusta veitt utangarðsfólki*

**Sigríður Elfa Þorgilsdóttir**
**Leiðbeinandi: Lára Björnsdóttir**
„Enginn er sterkari en baklandið sem hann hefur til þess að styðjast við.“ Eftirlit með þjónustu við fatlað fólk

**Sigrún Yrja Klörudóttir**
**Leiðbeinandi: Anni G. Haugen**
*„Barnaverndin horfir alltaf fyrst til fjölskyldunnar sem mögulegs baklands.“ Um aðild fjölskyldna að barnaverndarmálum*

**Sigurbjörg Erna Halldórsdóttir**
**Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir**
*Ungir feður á Íslandi: Vægi stuðnings og hlutverk hins opinbera*

**Styrmir Magnússon**
**Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal**
*Viðhorf íbúa 70 ára og eldri til þjónustu Fjallabyggðar*

**Sunna Ólafsdóttir**
**Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir**
*Hver eru lífskjör eftir Kvennasmiðju?*

**Thelma Rós Ólafsdóttir**
**Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir**
*Aldraðir í upplýsingaleit. Kennsla á rafræna þjónustusíðu*

**Þóra Árnadóttir**
**Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir**
*Barnaverndartilkynningar sem fela í sér líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi sem börn verða vitni að*

**Þórdís Inga Þorsteinsdóttir**
**Leiðbeinandi: Guðbjörg** Ottósdóttir
*Mansal: Viðhorf og þekking*

# Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

*María Rúnarsdóttir*



**María Rúnarsdóttir,** ***formaður félagsráðgjafafélags Íslands***

Til hamingju með fimmtíu ára afmæli félagsins okkar þann 19. febrúar síðastliðinn, kæru félagsráðgjafar. Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun Félagsráðgjafafélags Íslands hefur mikið vatn runnið til sjávar. Árið 1964, þegar félagið var stofnað, voru fjórir félagsráðgjafar á Íslandi, þær Guðrún Jónsdóttir, stofnandi Stígamóta, Kristín Gústavsdóttir, Margrét Margeirsdóttir og Margrét Steingrímsdóttir, sem lést 1990. Þær ákváðu að stofna Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og varð starfsheitið félagsráðgjafi þá fyrst til. Nú eru félagsmenn um 460 en félagsráðgjafar sem hafa fengið starfsleyfi eru öllu fleiri eða tæplega 600. Frá árinu 1999 hafa félagsráðgjafar getað sótt um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf og hafa nú tíu félagsráðgjafar fengið sérfræðiviðurkenningu frá íslenskum yfirvöldum. Auk þeirra hafa nokkrir félagsráðgjafar sérfræðiréttindi erlendis frá. Vonir mínar standa til að á næstu árum fjölgi félagsráðgjöfum með sérfræðileyfi verulega.

Í tilefni stórafmælisins var haldið félagsráðgjafaþing á afmælisdaginn, 19. febrúar 2014. Þingið var einnig haldið til heiðurs dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf sem fagnaði sjötugsafmæli sínu fyrr í mánuðinum. Að þinginu stóðu Félagsráðgjafafélag Íslands, Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands/Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, Hollvinasamtök Félagsráðgjafadeildar og ÍS-FORSA og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Dagurinn var sannkölluð uppskeruhátíð félagsráðgjafa og félagsráðgjafar sem fags á Íslandi og endurspegluðu málstofurnar margbreytileika starfssviðs félagsráðgjafa.

Á þinginu voru átján málstofur þar sem fluttir voru um sjötíu fyrirlestrar um málefni sem félagsráðgjöfum eru hugleikin og þeir starfa við, svo sem fjölskyldumeðferð, endurhæfingu, ofbeldi í fjölskyldum, þjónustu við aldraða, fatlað fólk og innflytjendur, barnavernd, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, skólafélagsráðgjöf, vinnu með börnum og fjölskyldum, hamfarir, handleiðslu, fagþróun og velferð barna. Þátttaka á þessu fyrsta félagsráðgjafaþingi fór fram úr björtustu vonum en um 340 félagsráðgjafar og aðrir áhugasamir um félagsráðgjöf tóku þátt í dagskránni. Þingið hófst með setningu formanns Félagsráðgjafafélags Íslands. Að henni lokinni ávarpaði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra þingið. Hrósaði hún félagsráð-



**Á Félagsráðgjafaþinginu voru fyrrum formenn félagsins og ritnefnd Félagsráðgjafatalsins heiðruð.**



Afmælisbarnið Sigrún Júlíusdóttir, Lára Björnsdóttir fundarstjóri og Sigríður Jónsdóttir sem var í undirbúningsnefnd þingsins



Formaður og varaformaður Félagsráðgjafafélags Íslands, María Rúnarsdóttir og Steinunn Bergmann

gjöfum fyrir störf sín og ræddi mikilvægi félagsráðgjafar í samfélaginu. Dr. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, ávarpaði einnig þingið í tilefni af stórafmæli dr. Sigrúnar Júlíusdóttur og þakkaði henni framlag sitt til uppbyggingar Háskóla Íslands. Tveir hátíðarfyrirlestrar voru aukin heldur fluttir í tilefni afmælanna. Dr. Vivien Cree, prófessor í félagsráðgjöf við Edinborgarháskóla, fjallaði um femínisma og sögu félagsráðgjafar og dr. Steinunn Hrafnsdóttir, deildarforseti Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, og Bjarney Kristjánsdóttir, formaður Hollvinasamtaka Félagsráðgjafardeildar, fluttu fyrirlestra um ævi og starf dr. Sigrúnar Júlíusdóttur. Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi, fyrrum félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar og formaður Velferðarvaktarinnar síðastliðin fimm ár var ráðstefnustjóri og sleit hún þinginu með þessum orðum:

> Hver erum við og hvers vegna höfum við valið okkur þetta starf og þau hlutverk sem störfunum fylgja? Í hvaða liði erum við sem stétt og starfsmenn? Erum við málsvarar notenda eða samfélagsins og þá kerfisins? Munum að þeir hagsmunir fara ekki alltaf saman. Ég tel að nú þegar við erum komin til nokkurs þroska og hin akademíska menntun í góðum farvegi sé þetta tímabært verkefni. Viljum við breyta heiminum og þá hvernig?

Félagsráðgjafaþing 2014 var fyrsti viðburður félagsins á því afmælisári sem fram undan er. Það er von mín að þing sem þetta verði reglulegur viðburður og félagsráðgjafar hvaðanæva að á landinu komi saman til að kynna rannsóknir á sviði félagsráðgjafar, nýjungar í þróun fags og greinar, ræða hugmyndafræði og þróun nýrra úrræða.

Það má ljóst vera að mikil þekking liggur hjá félagsráðgjöfum sem starfa á fjölbreyttum vettvangi og samfélagsleg áhrif þeirra eru mikil, bæði í þekkingarsköpun og í þróun samfélagslegra lausna. Umsagnir um þingið sýna að dagurinn var félagsráðgjöfum hvatning, þeir fylltust eldmóði og þingið veitti þeim faglegan innblástur. Ég hvet félagsráðgjafa til að hefja andann yfir dagleg verkefni sín og velta fyrir sér hvað þeir vilja kynna á næsta félagsráðgjafaþingi.



Um 360 manns, félagsráðgjafar og aðrir gestir, mættu á Félagsráðgjafaþingið 2014 sem var haldið í tilefni af 50 ára afmæli Félagsráðgjafafélagsins og sjötugsafmæli Sigrúnar Júlíusdóttur

# Félagsráðgjafar í Ósló

## Fræðsluferð um flóttafólk og hælisleitendur

*Hilma Sigurðardóttir*



**Hilma Sigurðardóttir, *félagsráðgjafi, Velferðarráðuneyti***

Árið 2011 var stofnuð Fagdeild fjölmenningarfélagsráðgjafa af nokkrum félagsráðgjöfum sem höfðu í störfum sínum lagt áherslu á þjónustu við innflytjendur, flóttafólk og hælisleitendur. Frá aldamótum hefur erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgað töluvert og félagsráðgjafar hafa fundið fyrir breytingum á starfssviði sínu í kjölfar þess. Því hefur verið haldið fram að verkefni Íslands sem fjölmenningarsamfélags hafi birst 10–15 árum síðar en meðal nágrannaþjóða okkar, og því var ákveðið að leita í reynslubrunn þessara þjóða til að meta hvernig nýta mætti þekkingu þeirra í velferðarþjónustu á Íslandi.

Sótt var um styrk til Leonardo starfsmenntasjóðs til að afla aukinnar þekkingar á vinnuaðferðum Norðmanna og Dana í vinnu með flóttafólki og hælisleitendum. Styrkur fékkst fyrir tveimur fimm daga ferðum fyrir þrjá félagsráðgjafa í hvora ferð. Fagdeildin sendi út bréf með boði um þátttöku í ferðunum. Úr varð 14 manna sérfræðingahópur (10 félagsráðgjafar) frá velferðarráðuneyti, Fjölskyldu- og félagssviði Reykjanesbæjar, Rannsóknastofu í barna- og fjölskylduvernd, Barnaverndarstofu, Félagsþjónustusviði Seltjarnarnesbæjar og frá Velferðarsviði, Mannréttindasviði, Barnavernd og Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, auk Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

Eftirfarandi staðir voru heimsóttir:

**IMDI** (n. Integrerings- og mangfoldsdirektoratet) er stjórnsýslustofnun sem heyrir til velferðarráðuneyti Noregs. IMDI hefur umboðs- og ráðgjafarhlutverk gagnvart sveitarfélögum, atvinnulífinu og öðru er varðar innflytjendur. Hjá IMDI starfa yfir 200 starfsmenn.

**Háskólinn í Ósló og Akurhús.** Þar hitti hópurinn tvo prófessora í félagsráðgjöf sem kynntu barnaverndarnám með áherslu á fjölmenningu fyrir starfandi félagsráðgjafa.

**Bærum** er sveitarfélag í nágrenni Ósló sem hefur sérhæft sig í þjónustu við flóttafólk og hælisleitendur. Flóttamannaskrifstofa (n. Flyktningkontoret) Bærum var heimsótt. Þar fékk hópurinn innsýn í störf sveitarfélags með sérhæfingu í þjónustu við flóttafólk og nánari fræðslu um móttökuverkefni Noregs (n. *introduktory program*).

**„Quo Vadis?“** er valdeflingar- og framleiðslumiðstöð fyrir innflytjendur (e. Growth and Production Centre for Immigrants). Hópurinn heimsótti skólabyggingu fyrir konur þar sem unnið er að fjárhagslegu sjálfstæði og bættri sjálfsmynd þeirra. Kennd er norska og önnur undirstöðumenntun. Þar eru vinnustofur með vefstólum, prjónavélum, saumavélum og keramikstofa. Framleiðslan er seld í verslun „Quo Vadis?“ ásamt öðrum varningi eins og Hal-Al kjöti.



**Vinnustofa í Quo Vadis**

**RVTS** (n. Regionalt ressurssenter om vold, traumatisk stress og selvmordsforebygging) er miðstöð ríkisspítala um ofbeldi, áfallastreitu og forvarnaraðgerðir gegn sjálfsmorðum. Í kjölfar hryðjuverkanna í júlí 2012 hefur Noregur skipulagt miðlæga ráðgjafarmiðstöð sem annast svæðisbundna stuðningsþjónustu við sérfræðinga á vettvangi.

**Bydel Gamle Oslo** er eina hverfi Óslóborgar sem hefur sérstaka miðstöð fyrir flóttafólk og innflytjendur. Greint var frá vinnu miðstöðvarinnar við móttökuverk-




efni, sagt frá stuðningsaðilum fyrir flóttafólk sem talar móðurmál viðkomandi (e. *link-worker*, n. *miljø*) og þjónustu við börn sem koma til Noregs án fylgdar forráðamanna.

**Fjölskylduhúsið** (n. Familiehuset) er miðstöð sem sinnir velferðarþjónustu við börn og fjölskyldur í hverfinu Gamle Oslo. Markmiðið er að tryggja samræmi í þjónustu við fjölskyldur í hverfinu og mæta þörfum fjölbreyttra fjölskyldna með ríkri áherslu á forvarnir. Unnið er í þverfaglegum teymum þar sem málefnum einstakra fjölskyldna og hópa er fylgt eftir. Fjölbreyttur hópur fagfólks með ólíkan bakgrunn starfar í húsinu. Náið samstarf er við innflytjendasamfélög.

**UDI** er Útlendingastofnun Noregs. Þar kynnti hópurinn sér meðferð hælisumsókna, skipulag þjónustu við hælisleitendur og ólíkar hælismiðstöðvar. Starfsmenn Útlendingastofnunar sem vinna mál hælisumsækjenda fylgja málum eftir frá upphafi, taka viðtöl og ákvarðanir um leyfisveitingar. Jafnframt var greint frá því hvernig tekið er á málum viðkvæmra hópa eins og barna og mögulegra fórnarlamba mansals.

Sá rauði þráður sem við blasti í öllum þessum heimsóknum var sá hve Norðmenn eru ríkir af sérfræðiþekkingu og sérúrræðum á mörgum þjónustusviðum. Jafnframt vakti það athygli hve miklum fjármunum er varið í málaflokkinn. IMDI virðist vera sterkur bakhjarl sveitarfélaganna og veitir ráðgjöf, upplýsingar og setur ramma um þjónustu sem sveitarfélögum er síðan frjálst að móta í samræmi við eigin stefnu. Bærum og Gamle Oslo búa yfir mikilli sérfræðiþekkingu og hafa þróað öflugt starf þegar kemur að móttöku flóttamanna. Áhugavert var að heyra um stuðningsaðila sem tala móðurmál viðkomandi flóttafólks. Þeir hljóta að vera mikilvægur stuðningur fyrstu vikurnar og mánuðina eftir flutninga og sterkur tengiliður milli flóttafólks og starfsmanna sveitarfélaga.

Að öðrum ólöstuðum var „Quo Vadis?“ einn af uppáhaldsstöðum hópsins. Þar mátti sjá tugi ef ekki hundruð kvenna ganga um skólabygginguna. Hópurinn fékk að sitja norskutíma og kynnast konunum lítillega. Auk þess voru vinnustofurnar skoðaðar. Heimsókninni lauk að sjálfsögðu í verslun miðstöðvarinnar þar sem íslenski hópurinn tók upp veskin og fjárfesti í fallegum handgerðum munum sem þær konur hafa unnið sem tekið hafa þátt í starfi „Quo Vadis?“

Starfsemi RSVT-teymisins á ríkisspítalanum í Ósló er til mikillar eftirbreytni og hana gæti íslenskt velferðarkerfi svo sannarlega tekið upp og lagað að íslenskum veruleika. Lýsingarnar á námskeiðinu hjá félagsráðgjafardeild háskólans fékk íslenska hópinn svo sannarlega til að hugsa um störf sín. Eftir þá heimsókn var talað um hversu gott það væri að minna félagsráðgjafann í sér á að líta inn á við og hugsa um hlutdeild eigin persónu í vinnslu mála.

Helsta áskorun íslenska hópsins er að líta til baka og velta því fyrir sér hvað læra megi af sérfræðingum Norðmanna. Þjónustuna þarf að staðfæra svo að hún nýtist þeim fámenna hópi flóttamanna sem kemur til Íslands og haga því á þann hátt að aðrir innflytjendur fái notið góðs af. Smæð íslensks samfélags ætti að gera alla samvinnu einfaldari og aðgengilegri og auðvelda þannig samþætta þjónustu við flóttafólk og innflytjendur. Í stað þess að stofna sérúrræði má vel skerpa á störfum sérfræðinga innan velferðarþjónustu og auka samstarf við félagasamtök og menntastofnanir.

Að þessu sögðu verður að greina frá orðum prófessoranna í félagsráðgjöf sem heimsóttir voru. Eftir áhugavert erindi spurðu fróðleiksþyrstir Íslendingar um bækur og annað efni sem nýst gæti íslenskum félagsráðgjöfum og nemum í félagsráðgjöf. Svar prófessoranna var einfalt: „Just do social work!“

Skilaboðin eru skýr og einföld. Félagsráðgjafar þjóna ýmsum hópum með mismunandi þarfir og ólíkan menningaruppruna. Þjóðerni eða etnískur uppruni kallar ekki á annars konar nálgun eða menningarnæmi en annar menningaruppruni, hvort sem hann markast af kyni, fötlun, ólíkum átthögum eða aðstæðum í fjölskyldu. Við þurfum alltaf að rýna í aðstæður einstaklinga og sjá þær í ljósi heildarmyndarinnar.

# RBF og rannsóknir um innflytjendamál og fjölmenningu

*Elísabet Karlsdóttir*



**Elísabet Karlsdóttir,** *félagsráðgjafi MA, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd*

Hjá *Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd* (RBF) látum við okkur málefni innflytjenda og flóttafólks varða. Staðið hefur verið að tveimur rannsóknum á sviðinu, annars vegar *Flóttabörn á Íslandi: Niðurstöður rannsóknar á viðhorfum og reynslu flóttabarna,* unnin af félagsráðgjöfunum Guðbjörgu Ottósdóttur og Helenu N. Wolimbwa og gefin út í *Ritröð RBF* í janúar 2011. Þá var rannsókn félagsráðgjafanna Hilmu Hólmfríðar Sigurðardóttur og Ástu Guðmundsdóttur og félagsfræðingsins Ásdísar A. Arnalds, *Félagslegar aðstæður pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík,* gefin út í skýrslu á vegum RBF í mars 2011.

Stefnt er að frekari rannsóknum á sviðinu og var það fagnaðarefni þegar framkvæmdastjóra bauðst síðastliðið haust að fara með fjölmenningarfélagsráðgjöfum í fimm daga fræðsluferð til Ósló til að kynna sér starfsemi stofnana sem koma að málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Ferðin var gagnleg og sérstaklega var áhugavert hvernig Norðmenn hafa byggt upp móttökuverkefni til að auðvelda flóttafólki og hælisleitendum aðlögun í norsku samfélagi. Í ferðinni sköpuðust jafnframt tengsl við aðra sérfræðinga. Margar hugmyndir kviknuðu um hvernig mætti nýta þekkinguna og yfirfæra hugmyndir yfir á íslenskt samfélag með fræðslu og kynningum.

Því næst sótti RBF, í samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, um styrki til að þróa tvær hugmyndir að verkefnum sem áformað er að hefjast handa við á árinu. Annað verkefnið er að kanna afdrif flóttafólks sem hefur komið til Reykjavíkur á síðustu árum og hitt er móttökuverkefni sem miðar að því að þróa þær bjargir sem þegar finnast í íslensku samfélagi flóttafólki og innflytjendum til hagsbóta.

# Nýr doktor á sviði félagsráðgjafar



**Cynthia Lisa Jeans**

Þann 12. júlí 2013 varði Cynthia Lisa Jeans, félagsráðgjafi doktorsritgerð sína við Department of Social and Policy Sciences, University of Bath, Bretlandi. Ritgerðin ber titilinn: „Children's rights in policy and poverty: An analysis of Iceland, Norway & the UK". Leiðbeinendur voru dr. Tess Ridge, prófessor og dr. Susan Harkness, dósent við University of Bath. Andmælendur við vörnina voru dr. Tina Skinner, lektor við University of Bath og dr. Debbie Watson, lektor við University of Bristol. Cynthia starfar nú sem aðjúnkt við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Ritgerðina verður hægt að nálgast á heimasíðu University of Bath innan skamms. Slóðin er: opus.bath.ac.uk.

# Baráttan fyrir lögverndun starfa félagsráðgjafa heldur áfram

*María Rúnarsdóttir*



**María Rúnarsdóttir,** *formaður Félagsráðgjafafélags Íslands*

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur farið þess á leit við félags- og húsnæðismálaráðherra og heilbrigðisráðherra að sértæk svið á starfsvettvangi félagsráðgjafa verði lögvernduð. Frá stofnun hefur félagið haft það á stefnuskrá sinni að kynna og vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi félagsráðgjafar í íslensku samfélagi. Baráttan fyrir lögverndun starfa er félagsráðgjöfum vel kunn en félagið hefur fundað reglulega með stjórnvöldum um málið frá 1970, síðast árið 2008. Fáum árum eftir stofnun félagsins komu upp áhyggjur hjá félagsmönnum að aðrir yrðu þjálfaðir til að gegna félagsráðgjafastörfum enda ekki margir félagsráðgjafar starfandi á Íslandi á þeim tíma. Var þá ákveðið að fá starfsheitið lögverndað og náðist það fram árið 1975. Var lögverndun starfsheitisins ein sú fyrsta á sviði velferðarþjónustu. Árið 1990 bættist annar áfangi við þegar félagsráðgjafar fengu möguleika á að kalla sig sérfræðinga í sérgrein innan félagsráðgjafar að uppfylltum skilyrðum um sérfræðileyfi.

Enn koma upp tilvik þar sem ráðinn er einstaklingur með aðra menntun en félagsráðgjöf í störf þar sem félagsráðgjöf skal veitt. Nú eru félagsráðgjafar á Íslandi um sex hundruð og því meiri möguleiki en áður á að byggja upp faglega þjónustu og ráða til þess félagsráðgjafa. Félagsráðgjafafélag Íslands telur brýnt að störf félagsráðgjafa á sértækum sviðum verði lögvernduð, sér í lagi í félagsþjónustu, barnavernd og heilsugæslu. Menntun félagsráðgjafa býr þá undir það að sinna störfum á þessum vettvangi en félagsráðgjafar eru eina fagstéttin sem hefur félagsmálalöggjöf og meðferð barnaverndarmála sem skyldufög í námi sínu auk þess sem þeir fá fræðilega þekkingu og klíníska þjálfun í vinnuaðferðum félagsráðgjafa, viðtalstækni, vinnu með börnum og unglingum, hópavinnu, fjölskylduvinnu og meðferð.

Þegar lög á sviði félags- og heilbrigðismála eru skoðuð má sjá að víða er kveðið á um að veita skuli félagslega ráðgjöf en störf félagsráðgjafa eru ekki skilgreind í lögunum heldur er farið almennum orðum um að starfsfólk með menntun í félagsráðgjöf, sérhæft starfslið eða á hliðstæðu sviði skuli veita félagslega ráðgjöf sem lögin kveða á um. Undantekningar frá þessu eru lög um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975, lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfruma og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 og lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 en í þeim kemur skýrt fram að félagsráðgjafar skuli koma að því mati sem lögin kveða á um.

Ýmis fordæmi eru fyrir lögverndun starfa tiltekinna starfsstétta. Sem dæmi má nefna að í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 er kveðið á um að ekki færri en tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í lögunum er einnig undanþáguheimild sem felur í sér að ef enginn leikskólakennari sækir um auglýst leikskólakennarastarf er heimilt að ráða í starfið til bráðabirgða, til eins árs í senn, einstakling sem er ekki leikskólakennari. Sambærileg ákvæði má finna í lögunum hvað varðar grunnskólakennara. Einnig má geta þess að í grunnskólalögum nr. 91/2008 er tekið fram að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar frá aðilum sem uppfylla skilyrði um náms- og starfsráðgjafa.

Félagsráðgjafafélag Íslands telur nauðsynlegt að sértæk störf félagsráðgjafa njóti lögverndunar líkt og önnur störf þannig að ekki sé hægt að ráða aðra en félagsráðgjafa til að sinna félagsráðgjöf líkt og staðan er nú. Dæmin sýna að stjórnvöld hafa til þessa og jafnvel nýverið lögverndað tiltekin störf fagstétta svo sem leikskólakennara og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum og krefst félagið þess að hið sama gildi um störf félagsráðgjafa. Þannig verði fagleg þjónusta tryggð.

# Ólafíuhátíð
# Frá myrkri til ljóss

## Morgunverðarfundur til minningar um Ólafíu Jóhannsdóttur
### Fædd 22. október 1863 – 150 ára



**Edda Ólafsdóttir,**
***félagsráðgjafi, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar***

Þann 22. október sl. voru 150 ár liðin frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur sem var mikill frumkvöðull og byltingarkona í líknar- og mannúðarmálum.

Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands ákvað að halda morgunverðarfund til að minnast Ólafíu og heiðra minningu hennar sem eins af frumkvöðlum félagsráðgjafar á Íslandi. Í hugum margra er hún fyrsti íslenski félagsráðgjafinn.

Í undirbúningshópnum voru kallaðar til konur sem hafa haft brennandi áhuga á hugsjónakonunni Ólafíu. Í hópnum voru Edda Ólafsdóttir, Eldey Huld Jónsdóttir, Elísabet Þorgeirsdóttir, Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, Hilma H. Sigurðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. Það þótti við hæfi að halda morgunverðarfundinn á afmælisdegi Ólafíu, 22. október.

Á þessum fundi flutti dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, erindi um hugsjónakonuna Ólafíu Jóhannsdóttur sem hún kallaði „Listin að umgangast útigangskonur". Þá flutti dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf, erindi sem nefndist „Mannkærleikur, fagið og fræðin". Að lokum fjölluðu félagsráðgjafarnir Elísabet Þorgeirsdóttir og Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir um vinnu félagsráðgjafa með heimilislausum í dag undir yfirskriftinni „Arfur Ólafíu". Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, var fundarstjóri. Að loknum morgunverðarfundinum fór hópur kvenna í aðalbyggingu Háskóla Íslands þar sem brjóstmynd af Ólafíu er að finna. Lagður var blómvöndur við minnisvarða hennar.

Ólafía fæddist að Mosfelli í Mosfellssveit 22. október 1863. Saga hennar er samofin sögu íslenskra kvenna á ofanverðri 19. öld. Hún var í forystu íslenskrar kvennabaráttu, hún barðist fyrir mannréttindum og félagslegu réttlæti, hún naut mikillar virðingar og vakti hvarvetna athygli fyrir fyrirlestra sína sem hún hélt á vegum Hvítabandsins víða um heim.

Ólafía sinnti leitar- og vettvangsstarfi í Noregi meðal heimilislausra kvenna, drykkjumanna, fanga og vændiskvenna. Hún bjó meðal þeirra og barðist fyrir réttindum þeirra og var kölluð „boðberi kærleikans". Árið 1916 gaf hún út bókina *De ulykkeligste* (*Aumastar allra*) sem vakti mikla athygli og er mikilvæg heimild um líðan og aðstæður kvenna í miklum vanda. Þegar fangar í norska ríkisfangelsinu fréttu lát Ólafíu sumarið 1924 fóru þeir út í fangelsisgarðinn og bjuggu til blómabeð til minningar um hana, og var þeim reit viðhaldið í 40 ár.

Norðmenn hafa haldið minningu Ólafíu á lofti. Í Ósló hefur gata verið nefnd eftir henni og stytta af henni er í miðbænum. Olafiaklinikken, ein stærsta kynsjúkdómadeild Norðurlanda, er einnig nefnd eftir henni. Í forvarnarátaki sem Norðmenn stóðu fyrir árið 1980 vegna alnæmis voru framleidd eldspýtnabréf með mynd af Ólafíu með áletruninni „Olafia foreslår kondom" eða „Ólafía mælir með smokknum".

Það er umhugsunarvert hve Íslendingar þekkja lítið til Ólafíu Jóhannsdóttur. Reyndar varð á því breyting þegar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sendi frá sér bókina *Ólafía* árið 2006, en sú bók hefur aukið þekkingu Íslendinga á henni.

Það er full ástæða til að minnast Ólafíu og arfleifðar hennar meðal félagsráðgjafa í dag. Hún var mikill frumkvöðull og baráttukona sem barðist fyrir mannréttindum skjólstæðinga sinna og félagslegu réttlæti. Hún hafði næman skilning á aðstæðum þeirra og lagði mikla áherslu á að koma fram við þá af virðingu og jafnræði og mæta þeim þar sem þeir eru staddir.

# Nýr sérfræðingur í félagsráðgjöf


Margrét Sigurðardóttir

Þann 4. febrúar 2014 fékk Margrét Sigurðardóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði.

Margrét lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 1987 og meistaragráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 2004. Hún lauk einnig tveggja ára námi í fjölskylduvinnu og fjölskyldumeðferð árið 1997 og eins árs námi í hugrænni atferlismeðferð árið 2009, hvoru tveggja við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Margrét starfar á endurhæfingardeild Landspítalans að Grensási, hjá MS-félagi Íslands og MS setrinu. Hún veitir viðtöl við einstaklinga, pör og fjölskyldur þar sem m.a. er byggt á kerfis- og tengslakenningum og hugrænni atferlismeðferð. Margrét hefur unnið að þróun fjölskylduþjónustu og komið á laggirnar margvíslegum námskeiðum fyrir fólk með MS-sjúkdóminn og aðstandendur þeirra. Hún hefur enn fremur stundað rannsóknarvinnu, haldið fyrirlestra og skrifað greinar í Megin Stoð sem er blað MS-félagsins.

# Doktorsvörn í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands


Sigrún Harðardóttir

Þann 13. júní n.k. fer fram fyrsta doktorsvörnin í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Þá ver Sigrún Harðardóttir, félagsráðgjafi MA, doktorsverkefni sitt *Líðan framhaldsskólanemenda. Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags.*

Leiðbeinandi er dr. Sigrún Júlíusdóttir. Aðrir í doktorsnefnd eru dr. Guðrún Kristinsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Andmælendur eru dr. Gestur Guðmundsson og dr. Guðmundur Heiðar Frímannsson.

Félagsráðgjafar eru hvattir til að fjölmenna við athöfnina sem er opin og hefst kl 10:30 í hátíðarsal Háskóla Íslands.

# RITSTJÓRNARSTEFNA

*Tímarit félagsráðgjafa* er vettvangur fyrir kynningu á faglegu efni, niðurstöðum rannsókna, þróunarverkefnum og öðrum fræðilegum efnivið á sviði félagsráðgjafar. Ritstjóri metur gæði alls innsends efnis og ákveður hvað skuli birt í tímaritinu. Í samstarfi við ritstjórn hefur hann umsjón með ritrýniferli tímaritsins. Ritstjórn áskilur sér rétt til að gera minniháttar breytingar á framsetningu á texta við lokafrágang alls birts efnis.

Tímaritið er gefið út í nánu samstarfi við stjórn *Félagsráðgjafafélags Íslands* og gefur að jafnaði út eitt eða tvö hefti á ári. Sérhefti í umsjón utanaðkomandi ritstjóra um þemu, aðferðir eða málaflokk eru gefin út ef tilefni er til.

Meginmarkmið *Tímarits félagsráðgjafa* er að miðla nýþekkingu í félagsráðgjöf, efla fræðilega og faglega stöðu greinarinnar og stuðla þannig að traustari grunni hennar til að auka gæði félagsráðgjafarþjónustu. Tímaritið er opið fyrir framlagi frá öðrum fagstéttum sem þjónar þessu markmiði.

Bakhjarl tímaritsins er *fagráð* skipað fjölmennum hópi félagsráðgjafa af ólíkum sérsviðum. Fulltrúum í fagráði er ætlað að fylgjast með rannsóknum, verkefnum og þjónustuþróun á sínu sviði og hvetja til kynningar á því með greinaskrifum, viðtölum ásamt samantektum af ráðstefnum og öðrum faglegum viðburðum. Einnig er fagráð ritstjórn til ráðgjafar um ritrýni.

*Tímarit félagsráðgjafa* birtir fræðilegar, ritrýndar og almennar greinar um fagleg málefni. Einnig er frétta- og umræðubálkur, *Samfélagsumræðan,* um brennandi málefni líðandi stundar sem varðar félagsráðgjöf. Einnig er þar umfjöllun um nýútkomnar erlendar og íslenskar fag- og fræðibækur ásamt kynningu á nýjum meistara- og doktorsritgerðum. Þá eru bálkar um starfsemi m.a. *Félagsráðgjafafélags Íslands, Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands* og *Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd.*

## Vinnuferli við ritrýni

Ritrýndar fræðigreinar eru samþykktar af ritstjórn áður en þær eru sendar ónafngreindar til ritrýna. Um tvöfalda nafnleynd er að ræða. Ritrýnar koma oftast úr röðum félagsráðgjafa, en einnig er leitað út fyrir greinina ef við á. Við ritrýnina er fylgt þar til gerðu matsblaði og rituð umsögn um styrkleika og veikleika greinar hvað varðar gæði fræðilegs efnis og framsetningu þess, ásamt með rökstuddum tilmælum um hvort greinin verði samþykkt til birtingar óbreytt, hvað þurfi að endurbæta eða hvort henni skuli hafnað. Greinar sem ekki standast kröfur að mati ritrýna er hafnað af ritstjórn.

Tímaritið birtir reglur til höfunda um greinaskrif og upplýsingar um ritrýniferlið.

## Ráðstefna 21.-22. ágúst 2014

# GRUNNSTOÐIR VELFERÐARÞJÓNUSTU

## Gagnreyndar aðferðir, ný þekking og rannsóknir

*Evidence Based Welfare Services - Evidence Based Research in Policy and Practice*

### Markhópar

Efni ráðstefnunnar á erindi til fagfólks í velferðarþjónustu á sviði heilbrigðis-, félags- og skólamála auk fræðimanna og rannsóknarfólks, sérfræðinga, stjórnenda og stefnumótenda.

### Meginmarkmið ráðstefnunnar

- miðla þekkingu  um aðferðir og framkvæmd samfellds gæðamats í velferðarþjónustu,
- kynna leiðir við beitingu gagnreyndra aðferða í faglegu starfi með einstaklingum, fjölskyldum og hópum,
- efla vitund um gildi rannsókna og nýþekkingar í almennri velferðarþjónustu, ráðgjöf, meðferð, samræmdri íhlutun, stjórnunaraðferðum og stefnumótun,
- skapa orðræðu og samræðuvettvang milli fræða, fags, stjórnunar og stefnumótunar.

Undanfari ráðstefnunnar er málþing Nordisk Välfärdscenter, „Nordens barn. Tidiga insatser för barn och familjer“,  sem haldið var  8. október 2013 í Norræna húsinu,  og  einnig Málstofuröð RBF á vormisseri 2014, „Grunnstoðir velferðarþjónustu: Gagnreyndar aðferðir, nýþekking og rannsóknir“.

### Aðalfyrirlesarar á ráðstefnunni

Thomas M. Achenbach, prófessor í sálfræði og geðlæknisfræði, University of Vermont

Kathleen M. Carroll, prófessor í geðlækningum, Yale School of Medicine

David Gough, prófessor, forstöðumaður the Social Science Research Unit og Evidence for Policy and Practice Information and Co-ordinating Centre (EPPI-Centre)

Leslie A. Rescorla, prófessor í sálfræði, Bryn Mawr College Pennsilvania

Bruce Thyer, prófessor í félagsráðgjöf, Florida State University.

Margir íslenskir og erlendir  fyrirlesarar flytja erindi í málstofum og stjórna umræðum.

### Málstofur

Sannreynd  þekking-  skilgreiningar;  Sannreynt þróunarstarf í skólum;  Stöðlun  og mælitæki; Aðferðir og vímuefnamál;  Skilnaðarrannsóknir og þróun löggjafar; Sannreynd  þekking- kyn og fjölskylda;  Úttektir-eftirlit og gæðamat.

### Staður og tími

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Hilton í Reykjavík.
Hún hefst 21. ágúst kl. 8.30 og lýkur 22. ágúst kl. 12.30.

**Skráning á http://www.velferdarraduneyti.is/veltek2014 - Takið frá dagana!**

**Samstarfs- og undirbúningsaðilar ráðstefnunnar**

Félagsráðgjafarfélag Íslands  -  Ís-Forsa - Nordens Välfärdscenter
RBF / Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands - Samtök félagsmálastjóra á Íslandi
Velferðarráðuneytið - Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Félagsráðgjafafélag Íslands

Borgartúni 6 · 105 Reykjavík · Sími 595 5151 · Fax 595 5101
www.felagsradgjof.is